

Sjónarspil eldsumbrotanna
ljósmyndun 28



Mynstur og skærir litir
stíll 40



Sumarsögur bókaorma
menning 24



spottið 16


# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

HELGARÚTGÁFA

26. júní 2010 — 148. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Ég er ekki kristinn frekar en Jesús

*Njörður P. Njarðvík ræðir um nýtt smásagnakver*

**bækur 20**

## Fjölskylduhringurinn



*Fjölskylduvæn afþreying um land allt*

**ferðalög 30**



## Gleði í Reykjavík

*Listahátíðin Jónsvaka teygir sig um alla borg*

**list 32**

4 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Menning | Vín&veisla | Allt | Allt atvinna









**NÝTT BRAGÐ Í FLÓRUNA** Hjónin Renuka Perera frá Srí Lanka og Jean-Rémi frá Frakklandi reka veitingabílinn Seylon á Selfossi. Parið kynntist í Alþjóðahúsinu og nú eiga þau tvo stráka og hús sem þau byggðu sjálf, þrátt fyrir að kunna ekkert að byggja hús. **Sjá síðu 26** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Biskup biðst fyrirgefningar

**Biskup Íslands biðst fyrirgefningar á orðum sínum um hjónaband samkynhneigðra. Hvetur til samstöðu.**

**TRÚMÁL** Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, biður samkynhneigða fyrirgefningar á ummælum, sem hann lét falla fyrir fjórum og hálfu ári, um að yrði hjónabandið ekki lengur skilgreint sem samband karls og konu, yrði því kastað á sorphauginn.

„Orð mín í hita leiksins hafa valdið sárum og ég biðst fyrirgefningar á því,“ segir biskup í samtali við Fréttablaðið. Hann segir mikið vatn hafa runnið til sjávar síðan og hvetur fólk til að horfa fram á veg og taka höndum saman um hjónabandið, í ljósi þess að niðurstaða sé fengin í málið og Alþingi hafi leyft hjónaband samkynhneigðra. Fyrstu samkynhneigðu pörunum verður heimilt að ganga í hjónaband samkvæmt nýjum lögum á morgun, sunnudag.

„Þetta er elsta stofnun mannlegs samélags og það skiptir miklu máli að fólk vill festa ráð sitt og standa við sínar dýrmætustu skuldbindingar. Það er aðalmálið,“ segir Karl. **- kóp / sjá síðu 6**

> Ég held að hjónabandið eigi það inni hjá okkur að við allavegana köstum því ekki á sorphauginn alveg án þess að hugsa okkar gang.
>
> **KARL SIGURBJÖRNSSON BISKUP ÍSLANDS**
> Í FRÉTTUM NFS 2. JANÚAR 2006


Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!





Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. – Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv 2009 - apr 2010.

-kíktu í pylsu og kók





PYLSUVAGNINN LAUGARDAL

Gefðu boltann!

1.500 króna sending til þurfandi í Afríku

Salan hefst í dag í öllum helstu verslunarkjörnum

soleyogfelagar.is

Sóley & félagar

**SPURNING DAGSINS**



*„Hildur, eruð þið að róa á önnur mið?“*

„Já, það er meira rökkur í nýju plötunni.“

Hildur Kristín Stefánsdóttir er söngkona hljómsveitarinnar Rökkurróar. Ný hljómplata er væntanleg frá sveitinni og í viðtali við Fréttablaðið í gær sagði Hildur nýju plötuna vera þyngri og tormeltari en þá fyrri.

Framkvæmdastjóri SFF segir lítt hafa þokast í umræðum um gengistryggðu lánin:

# Stjórnvöld verða að stíga á sviðið

**NEYTENDUR** Fjármálafyrirtækin hafa að undanförnu velt upp ýmsum möguleikum um hvernig leysa eigi úr málum þeirra sem eru með myntlán. Engin ákvörðun hefur þó verið tekin.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, segir málin hafa þokast lítið þótt fjármálafyrirtækin hafi skoðað sameiginlegar leiðir til að brúa bilið á meðan beðið sé frekari niðurstöðu dómstóla. „Ýmsum möguleikum hefur verið velt upp en engin ákvörðun verið tekin,“ segir hann og leggur áherslu á að stjórnvöld verði að stíga inn á sviðið.

> Ýmsum möguleikum hefur verið velt upp en engin ákvörðun verið tekin.
>
> GUÐJÓN RÚNARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Eftir því sem næst verður komist hafa stjórnvöld og fjármálafyrirtækin skoðað nokkra möguleika. Þeirra sístur mun vera tímabundin lagasetning. Önnur felst í að færa afborganir gengistryggðra lána aftur til þess tíma sem þau voru tekin án þess að hreyfa við stökkbreyttum höfuðstól lánanna.

Svipaðar aðgerðir standa þegar til boða hjá nokkrum fjármálafyrirtækjum þar sem ákveðin upphæð, fimm til sex þúsund krónur, leggjast ofan á afborgun hverrar milljónar gengistryggðs láns.

Talið er ólíklegt að nokkuð verði gert um helgina en ekki útilokað að stjórnvöld hreyfi við málinu í nýrri viku. - jab

**Staða höfuðstóls**




# Er óheimilt að vera í Sjálfstæðisflokknum

**Tveimur félögum Sjálfstæðisflokksins hefur verið tilkynnt að þeim sé óheimilt að vera í flokknum. Ekki brottvísun segir framkvæmdastjóri og vísar í reglur. Sagnfræðingur man ekki eftir því að menn hafi verið reknir úr flokknum.**

**STJÓRNMÁL** Tveimur félögum í Sjálfstæðisflokknum, þeim Guðmundi Skúla Halldórssyni og Ólafi Áka Ragnarssyni, er óheimilt að vera félagar í flokknum. Báðir hafa þeir gegnt trúnaðarstörfum fyrir flokkinn; Guðmundur var formaður Félags ungra sjálfstæðismanna í Borgarnesi og Ólafur bæjarstjóri í Ölfusi.

Ólafur Áki segir, í samtali við Vísi, að honum hafi verið vísað úr flokknum á fimmtudag. Hann hafi verið að búa sig undir landsfund, sem hófst í gær, þegar Jónmundur Guðmarsson, framkvæmdastjóri flokksins, tilkynnti honum að miðstjórn hefði ákveðið að vísa honum úr flokknum. Ólafur Áki bauð fram undir formerkjum A-lista fyrir síðust kosningar, en Sjálfstæðisflokkurinn bauð einnig fram.

Jónmundur vísar þessu á bug og segir engum hafa verið vísað úr flokknum. Í samræmi við skipulagsreglur Sjálfstæðisflokksins geti þeir einstaklingar sem gegna trúnaðarstörfum fyrir aðra flokka einfaldlega ekki verið í flokknum. Þess vegna hafi þeir sjálfir gengið úr flokknum þegar þeir tóku þau trúnaðarstörf að sér.

Ákvæðið sem Jónmundur vísar í er í 34. grein skipulagsreglna flokksins og hljóðar svo: „Gegni maður trúnaðarstörfum fyrir annan stjórnmálaflokk getur hann ekki verið félagi í sjálfstæðisfélagi.“

Gunnar Thoroddsen stofnaði ríkisstjórn árið 1980, án þátttöku Sjálfstæðisflokksins sem var í stjórnarandstöðu. Honum var þó ekki vísað úr flokknum. Spurður hví annað gildi nú segir Jónmundur að kannski hafi umrætt ákvæði ekki verið komið í gildi á þeim árum. Hefði svo verið hefði Gunnar ekki getað verið í flokknum.

Guðmundur Skúli segir að sér hafi verið vikið úr flokknum vegna þátttöku sinnar í Svarta listanum fyrir síðustu kosningar. Hann segir fólk í efstu sætum Svarta listans hafa mátt þola hótanir um atvinnumissi ef það tæki þátt í framboðinu. Hann kannast ekki við brottrekstur af þessu tagi í Sjálfstæðisflokknum áður. „Mér fannst réttast að hafa prófkjör fyrir kosningarnar eftir að gullegg sveitarfélagsins, Sparisjóður Mýrasýslu, fór á hausinn á vakt sjálfstæðismanna,“ segir hann.

kolbeinn@frettabladid.is / sunna@frettabladid.is



**VALHÖLL** Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins hefur úrskurðað að tveimur félögum, Ólafi Áka Ragnarssyni og Guðmundi Skúla Halldórssyni, sé óheimilt að vera í flokknum. Ástæðan er þátttaka þeirra í öðrum stjórnmálaflokkum.

## Man ekki til að neinn hafi verið rekinn



GUÐNI TH. JÓHANNESSON

„Ég minnist þess ekki að neinn hafi beinlínis verið rekinn úr Sjálfstæðisflokknum,“ segir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur. Hann segir það hafa komið mjög til tals þegar Gunnar Thoroddsen myndaði sína stjórn og eins þegar hann studdi Ásgeir Ásgeirsson, tengdaföður sinn, í forsetakjöri gegn frambjóðanda Sjálfstæðisflokksins; Bjarna Jónssyni dómkirkjupresti árið 1952, það hafi hins vegar aldrei verið gert.

„Það voru engin ákvæði í skipulagsreglum flokksins um brottvikningu úr flokknum. Hins vegar gengu menn í flokkinn gegnum ákveðin félög, Hvöt, Óðin eða einhver af félögunum úti á landi, svo dæmi séu nefnd. Ef menn brutu reglur flokksins með því að bjóða fram fyrir aðra stjórnmálaflokka, var sjálfhætt í flokknum,“ segir Guðni.

Samfylkingin fundar:

# Kosningarnar gerðar upp

**STJÓRNMÁL Flokksstjórn Samfylkingarinnar fundar í dag í þriðja skipti á árinu. Meginefni fundarins eru úrslit sveitarstjórnarkosninganna og eru allir félagar í Samfylkingunni velkomnir til fundarins.**



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

**Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, setur fundinn en að því loknu fer Ólafur Þ. Harðarson, prófessor við Háskóla Íslands, yfir sveitarstjórnarkosningar, hvað megi lesa úr úrslitunum og hver séu skilaboð kjósenda. Að því loknu verður hópastarf þar sem farið verður yfir stöðu flokksins, bæði í ríkisstjórn og sveitarstjórnum, innra starf og hrunið og rannsóknarskýrsluna.** - kóp

Gyðingahatur í Hollandi:

# Lögreglumenn sem tálbeitur

**AMSTERDAM, AP** Ofbeldisverk gegn gyðingum á götum Amsterdam hefur aukist. Myndskeið sem sýna gyðinga vera áreitta á götum úti hafa vakið ugg hjá hollenskum yfirvöldum sem ætla að grípa til aðgerða.

Verið er að skoða möguleika á því að nota tálbeitur, lögreglumenn klædda kollhúfum að hætti gyðinga, til þess að ná til ofbeldismannanna.

Gyðingahatur hefur stigmagnast í Hollandi á síðustu árum og tengja yfirvöld það við ástand Mið-Austurlanda. Ekkert hefur enn verið ákveðið varðandi aðgerðirnar. - sv



**SKÝRSLAN KYNNT** Starfshópurinn kynnti afrakstur vinnu sinnar í ráðuneytinu í gær. Flosi Eiríksson stýrði vinnunni.

Starfshópur skilar skýrslu:

# Jafna útgjöldin frekar en tekjur

**STJÓRNSÝSLA** Starfshópur samgönguráðherra hefur lagt til að kerfi jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði breytt í tveimur áföngum. Núverandi tekjujöfnunarkerfi verði lagt niður og nýtt fyrirkomulag útgjaldajöfnunar.

Starfshópurinn, sem var undir stjórn Flosa Eiríkssonar, leggur til að sjóðnum verði breytt í tveimur áföngum. Umfang hans hefur aukist mjög undanfarin ár. Ráðstöfunarfé hans árið 1990 var um tveir milljarðar króna, en í fyrra var það komið í 18 milljarða og verður tæpir 20 milljarðar á þessu ári, ef áætlanir ganga eftir. - kóp

Ung kona slapp ótrúlega vel:

# Óbrotin eftir sjö metra fall

**LÖGREGLUMÁL Ung kona féll um sjö metra niður af húsþaki á Akureyri síðdegis í gær. Húsið er fjögurra hæða fjölbýlishús.**

**Að sögn lögreglu rann stúlkan niður þakið og fór fram af því og lenti á grilli sem var við húsið. Það virðist hafa dregið úr fallinu. Konan er að öllum líkindum óbrotin og ekki mikið slösuð. Lögregla segir óljóst hvað hún var að gera uppi á þakinu.** - þeb




Livostin verkar innan 15 mínútna

Livostin® (levokabastin); nefúði 50 míkróg/skammt og augndropar 0,5 mg/ml. Livostin er fáanlegt án lyfseðils og er notað gegn ofnæmisbólgum í nefi og augum. Verkun lyfsins hefst innan 15 mínútna og stendur í margar klukkustundir. Skammtastærðir eru þær sömu fyrir börn og fullorðna: Nefúði: 2 úðaskammtar í hvora nös 2 sinnum á dag. Hver úðaskammtur inniheldur um 50 míkróg af levokabastini. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkennin eru horfin. Augndropar: 1 dropi í hvort auga 2 sinnum á dag. Ef þess gerist þörf má gefa skammtinn allt að 4 sinnum á dag. Hver dropi inniheldur u.þ.b. 15 míkróg af levokabastini. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkennin eru horfin. Varúð: Ekki má nota Livostin ef þekkt er ofnæmi fyrir levokabastini eða einhverju hjálparefnanna. Ekki er ráðlegt nota mjúkar augnlinsur með Livostin augndropum. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Aukaverkanir: Tímabundin erting í nefi strax eftir gjöf lyfsins er algeng (um 5% sjúklinga). Tímabundin erting í augum, strax eftir gjöf lyfsins er algeng (um 16% sjúklinga). Ofnæmi hefur í einstaka tilvikum komið fram. Meðganga og brjóstagjöf: Lyfið veldur fósturskemmdum í dýratilraunum og ætti því ekki að nota á meðgöngutíma. Lyfið skilst út í móðurmjólk, en áhrif á barnið eru ólíkleg við venjulega skömmtun. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

Flokksráð tekur afstöðu til ályktunar um hvort draga eigi aðildarumsókn til baka:

# Evrópumálin verða erfið

**STJÓRNMÁL** Flokksráð Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs tekur í dag afstöðu til þess hvort samþykkja eigi ályktun um að Ísland dragi umsókn um aðild að Evrópusambandinu til baka. Ályktunin verður flokknum erfið og má eiginlega segja að hann geti hvorki hafnað henni né samþykkt.

Heimildarmenn Fréttablaðsins segja að hafni flokkurinn ályktuninni muni þeir sem harðast eru á móti Evrópusambandinu líta á það sem stuðning við aðild. Verði ályktunin hins vegar samþykkt mun það fara illa í samstarfsflokkinn í ríkisstjórn; en í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um að Ísland skuli sækja um aðildina. Stjórnarsáttmálinn var samþykktur í flokksráði á sínum tíma.

Katrín Jakobsdóttir, varaformaður flokksins og formaður flokksráðsins, segir að góðan anda ríki á fundinum. Vissulega séu skoðanir skiptar, en það sé eðlilegt þegar kemur að jafn umfangsmiklum málum. Kosið verður um ályktanirnar í dag.

Þá er ljóst að breytingar á Stjórnarráðinu munu koma til umræðu, en skiptar skoðanir eru um þær innan flokksins.

Heimildarmenn blaðsins telja ólíklegt að til mikilla átaka muni koma á fundinum; stemningin sé í þá veru að fólk muni frekar semja sig í gegnum deilurnar. Hins vegar þykir líklegt að á næsta fundi flokksráðsins, sem verður í haust, muni ýmis deilumál verða útkljáð. - kóp



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR** Varaformaður Vg ávarpaði flokksfélaga í gær. Hún segir góðan anda ríkja á fundinum.



10stk Stjúpur
795

20stk Stjúpur
1295

...saman í 40 ár

# Afmælistilboð
## í Blómavali



Stór Afmælis-blómvöndur
1990



Birki
í pottum
70-100 cm
799
120-180
1199



Allar bakkaplöntur
2990
**Birki - Stafafura**
**Blágreni - Reyniviður**
**Sitkabastarður**
**Sitkagreni**



50 ltr Jonkind gróðurmold
1199
~~1599~~
vnr.10333653



Allir garðrósir
30%
AFSLÁTTUR



Allir garðálfar
30%
AFSLÁTTUR

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Dalvík - Akureyri
Egilsstaðir - Selfoss - Reykjanesbær - Akranes

## GENGIÐ 25.06.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,79 | 128,39 |
| Sterlingspund | 190,31 | 191,23 |
| Evra | 156,92 | 157,8 |
| Dönsk króna | 21,078 | 21,202 |
| Norsk króna | 19,597 | 19,713 |
| Sænsk króna | 16,396 | 16,492 |
| Japanskt jen | 1,4256 | 1,434 |
| SDR | 188,44 | 189,56 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 202,4086

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðskiptaráð Íslands segir skattabreytingar hafa afdrifaríkar afleiðingar:

# Fyrirtæki gætu flúið úr landi

**VIÐSKIPTI** Það að Actavis leiti nú að hentugri staðsetningu fyrir höfuðstöðvar sínar vekur spurningar um hvort fleiri fyrirtæki muni fylgja í kjölfarið. Það gefur einnig vísbendingar um að of margar brotalamir séu í rekstrarumhverfi hérlendis. Þetta segir Viðskiptaráð Íslands í frétt á heimasíðu sinni.

Þetta á sérstaklega við um tækni- og hugverkafyrirtæki, sem hafi veikari landfestar en framleiðslu- og þjónustufyrirtæki, segir í fréttinni. Nýlegar skattabreytingar virðast vera að hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir uppbyggingu atvinnustarfsemi á Íslandi og umhverfi fyrirtækja í of mörgum tilvikum verið breytt til hins verra. Því er ekki óeðlilegt að forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem eiga þess kost kanni hvort hag þeirra sé betur borgið annars staðar að mati Finns Oddssonar, framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs.

Hann segir stjórnvöld þurfa að huga að þessu og laga það sem misfarist hefur. Þannig megi draga úr hvata til landflótta fyrirtækja. - þeb



**FINNUR ODDSSON** Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs segir skattaumhverfið í dag óstöðugt, ófyrirsjáanlegt og flókið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Microsoft opnar á beta-prufu:

## Netverjar geta hjálpað til

**TÆKNI** Microsoft hefur gefið út prufuútgáfu af Windows Live Essentials-hugbúnaðarpakkanum. Þetta er safn ókeypis forrita sem auðvelda notendum að sýsla með myndir, tölvupóst, netspjall í háskerpu og fleira.

Hugbúnaðurinn er ókeypis og því geta allir sem nota Windows Vista eða Windows 7 tölvur sótt prufuútgáfuna, líkt og segir í tilkynningu. Netverjum gefst kostur á að hjálpa Microsoft við að sníða helstu agnúana af henni. Lokaútgáfan kemur út eftir nokkra mánuði og verður hún ókeypis. - jab

Taka hart á kroti í Singapúr:

## Veggjakrotari frá Sviss hýddur

**SINGAPÚR** **Svissneskur maður í Singapúr hefur verið dæmdur til hýðingar með staf og fimm mánaða fangelsis að auki, fyrir að úða á lest. Maðurinn hefur viðurkennt brotið. Þetta kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins.**

**Refsingin felur í sér þrjú högg aftan á lærin með tréstaf, en slíkt getur valdið varanlegum skaða. Amnesty International fordæma dóminn og segja hann villimannslegan.**

**Viðurlög við skemmdarverkum í Singapúr geta verið háar sektir, allt að þriggja ára fangelsisvist og hýðingar með staf.** - sv

Gallaður vinnupallur olli slysi:

## Dæmdar fjórtán milljónir í bætur

**DÓMSMÁL** Karlmanni hafa verið dæmdar tæpar fjórtán milljónir króna í bætur eftir að hann slasaðist við vinnu sína er gólfborð í vinnupalli féll niður. Talið var að ástæðan hefði annars vegar verið galli í festingum á gólfborðinu, en hins vegar röng uppsetning á vinnupallinum.

Upplýst var að engar leiðbeiningar hefðu fylgt um uppsetningu vinnupallsins við sölu hans. Fallist var á að umboðsfyrirtækið og innflytjandi pallsins bæri á því ábyrgð. Á grundvelli skaðsemisábyrgðar var ábyrgð einnig felld á fyrirtækið vegna galla í festingum á pallinum. Var stefndi dæmdur til greiðslu skaðabóta vegna líkamstjóns mannsins. - jss

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fíkniefni fundust í bílskúr

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann fíkniefni við húsleit í bílskúr í Mosfellsbæ í fyrradag. Um var að ræða bæði amfetamín og marijúana.

## Umhverfis landið

### Bók gefin út 142 árum á eftir áætlun

**STRANDASÝSLA** Nýlega kom út bók sem heitir Viðvaningur eða smíðabæklingur handa unglingum, eftir Þorstein Þorleifsson. Bókin var upphaflega send til prentunar á Akureyri árið 1868 og var svo boðin Búnaðarfélagi Suðuramtsins til prentunar nokkru síðar. Hún kom hins vegar aldrei út. Handritið að henni hefur hins vegar varðveist og því ákvað afkomandi Þorsteins, Hallgrímur Gíslason frá Gröf við Bitrufjörð, að skrifa handritið upp. Hann ritaði einnig formála og vann orðskýringar. Þrettán myndir sem sagt er frá í handritinu fundust hins vegar ekki. Sýning um ævi og muni Þorsteins verður svo opnuð í Árnesi í Trékyllisvík í dag.

### Ráðhústorg þökulagt á ný

**AKUREYRI** Ráðhústorgið á Akureyri verður líklega lagt túnþökum í sumar líkt og síðustu tvö sumur. Sigurður Guðmundsson bæjarfulltrúi bar upp tillögu um það á fyrsta fundi nýs bæjarráðs og var málinu vísað til framkvæmdaráðs. Það var einnig gert í fyrra. Þá var fjárveiting fyrir verkinu ekki á fjárhagsáætlun en engu að síður var þökulagt. Formaður framkvæmdaráðs, Oddur Helgi Halldórsson, segist telja mjög líklegt að úr verði þótt formleg ákvörðun liggi ekki enn fyrir. Kostnaðurinn gæti numið um 700 þúsund krónum.

### Minni akstur vegna niðurskurðar



**HÚSAVÍK** Lögreglan á Húsavík ætlar að takmarka akstur í sumar vegna niðurskurðar hjá embættinu. Frá þessu er greint á vefnum 640.is. Ekki hefur verið hægt að manna allar stöður og töluvert hefur verið dregið úr starfseminni. Umdæmi lögreglunnar á Húsavík nær frá Eyjafirði í vestri til Bakkaflóa í austri og að Vatnajökli í suðri. Lögreglan starfar á Húsavík, Raufarhöfn og á Þórshöfn. Yfirlögregluþjónn á svæðinu segir að lögreglan verði nú minna sýnileg en áður og að gert sé ráð fyrir því að tekjur vegna umferðarlagabrota muni dragast mikið saman.



### Fengu kaffibaunir í trollið

**PATREKSFJÖRÐUR** Brak sem frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS fékk í trollið á dögunum reyndist meðal annars innihalda sjötíu ára gamlar kaffibaunir. Skipið var á veiðum norður af Patreksfirði. Kaffibaunirnar eru úr flutningaskipinu Bahia Blanca, sem sökk eftir árekstur við ísjaka á leið sinni frá Rio de Janeiro til heimahafnar í Hamborg í Þýskalandi árið 1940. Þegar slysið varð var 62 manna áhöfn bjargað um borð í íslenskt skip.



### Gáfu heilsugæslunni hjartaómtæki

**DJÚPIVOGUR** Heilsugæslan á Djúpavogi fékk hjartaómtæki að gjöf á dögunum. Það voru nokkrar mæður á Djúpavogi sem söfnuðu fyrir tækinu með því að halda kökubasar í tvö skipti í maí. Tækið er notað fyrir konur í mæðraeftirliti og einnig var keypt tæki til að hlusta á blóðflæði í æðum. Rúmlega 114 þúsund krónur söfnuðust, sem er meira en kostnaðurinn við tækið. Afgangurinn verður notaður til að styrkja börn á leikskóla bæjarins.

### Þúsund peyjar á pollamóti

**VESTMANNAEYJAR** Um eitt þúsund drengir setja svip sinn á Vestmannaeyjar um helgina en þar stendur Shell-pollamótið yfir. Mótið var sett á fimmtudagskvöld. Um fimm hundruð manns eru komnir út í Vestmannaeyjar auk piltanna þúsund að sögn heimamanna. Auk fótboltans, sem mótið snýst um, hafa strákarnir gert ýmislegt skemmtilegt, farið í rútu- og bátsferðir og að sjálfsögðu reynt hina sérstöku vestmannaeysku skemmtun, að spranga.







Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk.. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**BJART FYRIR NORÐAN** Helgin öll verður björt fyrir norðan en það þykknar upp austanlands þegar kemur fram á sunnudag. Annars litlar breytingar en veður verður áfram heldur köflótt sunnan- og vestanlands með stöku skúrum hér og hvar.



Á MORGUN Stíf NA-átt suðaustast, annars hægari.

MÁNUDAGUR 5-10 m/s.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 24° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 31° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 23° |
| París | 28° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is




# Netlykill á 0 kr.

Þú getur fengið 3G netlykil á 0 kr. gegn sex mánaða bindingu.
Netlykilinn geturðu notað í sumarbústaðnum, fellihýsinu eða bara á þjóðveginum,
enda veitir hann aðgang að stærsta 3G dreifikerfi landsins.

**Kynntu þér hagstæðar áskriftarleiðir Símans.**

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

ENNEMM / SÍA / NM42470

KJÖRKASSINN



*Er réttlætanlegt að hafa starfandi stjórnarformann í Orkuveitu Reykjavíkur?*

| | |
|---|---|
| Já | 25,2% |
| Nei | 74,8% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Fylgist þú með fundum stjórnmálaflokkanna um helgina?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

VÍSIR

Dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi þótt fórnarlamb þyrði ekki að bera vitni fyrir dómi:

# Handrukkari stórslasaði mann með hnúajárni

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir handrukkun. Fórnarlambið, sem var stórslasað eftir líkamsárásina, neitaði að bera vitni fyrir dómi af ótta við það sem gæti hent stæði hann við fyrri frásögn sína í málinu. Handrukkarinn var engu síður dæmdur á grunni skýrslu sem fórnarlambið hafði gefið hjá lögreglu, vætti tveggja lögreglumanna sem komu á vettvang, svo og vettvangs- og læknisrannsókn og fleiri gagna.

Það var fimmtudaginn 29. janúar á síðasta ári sem tilkynning barst til lögreglu um að ráðist hefði verið á mann í Mosfellsbæ. Þar reyndist vera tæplega þrítugur maður mikið meiddur á höfði. Hann kvað tvo menn hafa ruðst inn til sín. Hefði annar þeirra sparkað ítrekað í sig, lúbarið sig með hnúajárni og barsmíðarnar borist um allt hús. Fórnarlambið sagði manninn hafa komið til að innheimta fíkniefnaskuld, rúmlega 100 þúsund krónur.

Við læknisskoðun kom í ljós að sá sem ráðist var á var nefbrotinn, kinnbeinsbrotinn, fingurbrotinn og fékk sprungu í höfuðkúpu. Þá brotnuðu fjórar tennur í honum, auk þess sem sauma þurfti skurði í andliti hans.

Í niðurstöðu dómsins kom fram að árásin á manninn hefði verið sérlega hrottaleg og ófyrirleitin. Árásarmaðurinn hefði fengið kunningja til að veita sér falska fjarvistarsönnun sem síðan var dregin til baka og reynt með öðrum hætti að hafa áhrif á úrslit málsins.

Farsími hans hefði verið staðsettur í Mosfellsbæ, þótt hann þættist hafa verið annars staðar á þeim tíma. Framburður hans hefði verið hverfull og ótrúverðugur. - jss



**HNÚAJÁRN** Maðurinn notaði hnúajárn við „innheimtuna“.


FASTUS

15% afsláttur til föstudags

Pottar og pönnur í miklu úrvali

Fjölbreytt úrval af pottum og pönnum fyrir allar gerðir eldavéla.
Allt að 50 lítra pottar.
Góð gæði og frábært verð.



Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is


# Biður samkynhneigt fólk um fyrirgefningu

**Biskup Íslands biðst fyrirgefningar á orðum sínum um áhrif þess að leyfa hjónaband samkynhneigðra. Hann hafi ekki ætlað sér að særa samkynhneigða. Biskup hafi „tekið afstöðu með hefðinni“ en íslenskt samfélag vilji breytingar.**

**TRÚ** Biskup Íslands hvetur fólk til að horfa fram á veginn og taka höndum saman um stofnunina hjónabandið, í ljósi þess að Alþingi hefur nú breytt hjúskaparlögum og leyft hjónaband samkynhneigðra.

Hann biðst fyrirgefningar vegna orða um hjónaband samkynhneigðra, sem hann lét falla árið 2006.

Þá sagði hann að ef hjónabandið yrði ekki lengur skilgreint sem hjónaband karls og konu væri eitthvað nýtt orðið til og hið sígilda hjónaband „afnumið“. Hugtakinu væri þar með hent á sorphaugana.

„Orð mín í hita leiksins hafa valdið sárum og ég biðst fyrirgefningar á því,“ segir séra Karl Sigurbjörnsson. Mikið vatn hafi runnið til sjávar síðan.

„Þetta var tilvísun í að verið væri að gjörbreyta stofnun sem á sér mjög fornar rætur og skilgreiningu. Það var út af fyrir sig óheppilega orðað, eins og ýmsar athugasemdir sem falla í hita leiksins,“ segir biskup. Of mikið hafi verið gert úr þessum orðum sínum.

Spurður hvort hann hafi skipt um skoðun og telji ekki lengur að hjónabandið bíði hnekki við það að samkynhneigðir taki þátt í því, segir Karl að sitt sýnist hverjum um niðurstöðu Alþingis.

„Ýmsir, þar á meðal ég, vildu halda í hefðina. Ég var oft í vafa um hvað væri rétt og rangt í þessum efnum,“ segir hann. Á endanum hafi Karl „tekið afstöðu með hefðinni“. Hann hafi talið það skyldu sína.

„En íslenskt samfélag vildi það ekki, heldur vildi breyta þessari hefð og þessari skilgreiningu,“ segir biskup.

Karl leggur áherslu á að hann hafi með orðum sínum ekki ætlað að særa samkynhneigða. Af og frá sé að hann hafi viljað standa gegn þeim í réttindabaráttu þeirra.

„En nú er komin niðurstaða og skiptir miklu máli að við tökum höndum saman um að styðja við hjónabandið og fjölskyldurnar í landinu. Þetta er elsta stofnun mannlegs samfélags og það skiptir miklu máli að fólk vill festa ráð sitt og standa við sínar dýrmætustu skuldbindingar. Það er aðalmálið,“ segir biskup.

klemens@frettabladid.is



**SÉRA KARL SIGURBJÖRNSSON** Biskup Íslands hvetur fólk til að horfa fram á veginn og taka höndum saman um stofnunina hjónabandið.

## Hvernig er nýja hjónavígsluformið?

Þjóðkirkjan hefur lokið við drög að nýju hjónavígsluformi og sent til presta Þjóðkirkjunnar vítt um landið. Það tekur mið af nýjum hjúskaparlögum, sem leyfa hjónaband samkynhneigðra.

Samkvæmt drögunum fer prestur með eftirfarandi orð í upphafi athafnar: „Undursamleg eru verk þín Drottinn Guð vor. Undursamlega skapaðir þú manninn í þinni mynd, þú skapaðir hann í Guðs mynd.“ Hér getur prestur valið hvort hann bætir við „Þú skapaðir hann karl og konu“.

Í forminu er tekið tillit til allra kynja: „Frammi fyrir Guðs augliti komum við saman þegar þið NN og NN játist ævitryggðum og eruð gefin/ gefnar/ gefnir/ saman í hjónaband.“ Einnig: „Saman eigið þið að standa við hlið hvort annars / hvor annarrar / hvor annars / í tryggð og trúfesti“.

Sígildir lestrar svo sem þar sem segir: „Hafið þér eigi lesið, að skaparinn gjörði þau frá upphafi karl og konu“, eru enn í boði, en velja má um aðra lestra líka, svo sem úr Rómverjabréfi þar sem Drottins börn eru hvött til að vera „ástúðleg hvert við annað í bróðurlegum kærleika“.


Borgarferð



Sumarferð til Berlínar

22.-27. júlí 2010
Fararstjóri: Eirik Sördal

Verð á mann í tvíbýli:
109.800 kr.

Innifalið: Flug með sköttum, gisting á 4* hóteli með ríkulegum morgunverði í fimm nætur og íslensk fararstjórn.

Nánari upplýsingar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


Aðalfundur Orkuveitunnar samþykkti nýjan starfandi stjórnarformann:

# Tímabundið í fullu starfi

**ORKUMÁL** Nýr stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur verður tímabundið í fullu starfi. Þetta var samþykkt á aðalfundi Orkuveitunnar í gær. Kjör hans munu miðast við kjör sviðsstjóra hjá borginni án fríðinda.

Jón Gnarr borgarstjóri lagði fram áherslur borgarinnar í rekstri OR á fundinum. Í fyrsta lagi verði auðlindir nýttar með þeim hætti að ekki sé gengið á framtíðarmöguleika til nýtingar þeirra. Í öðru lagi einkennist allar ákvarðanir um nýtingu auðlinda og nýtingin sjálf af ást og virðingu fyrir umhverfinu og í þriðja lagi að borgarbúar njóti öruggrar þjónustu frá traustum aðilum og geti gengið að upplýsingum um störf og stöðu orkufyrirtækja í eigu borgarinnar.

Þá sagði borgarstjórinn að veganesti til nýrrar stjórnar væri að hún einbeiti sér sérstaklega að fjármögnun fyrirtækisins, skilgreini væntanlega úttekt á rekstri þess með það markmið að skýra stöðu mála og draga fram áskoranir og möguleika í stöðunni.

Auk Haraldar Flosa Tryggvasonar stjórnarformanns munu Helga Jónsdóttir, Aðalsteinn Leifsson, Kjartan Magnússon, Sóley Tómasdóttir og Hrönn Ríkarðsdóttir skipa stjórn Orkuveitunnar. Áheyrnarfulltrúi frá Borgarbyggð verður Björn Bjarki Þorsteinsson. - þeb



**BORGARSTJÓRI** Jón Gnarr segir veganesti nýrrar stjórnar OR að einbeita sér að fjármögnun fyrirtækisins.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Yuni**, stærð 283 x 200 cm

# FRÁBÆRT ÚRVAL

## TUNGUSÓFA OG HVÍLDARSTÓLA Í ÖLLUM STÆRÐUM OG LITUM



**Walton 2**, stærð 283 x 205 cm





**Rinoa,** stærð 260 x 170 cm



**Gary hvíldarstóll**
með og án rafstýringar
breidd 85 cm.



**Gary** með rafstýringu og án, lengd 200 cm



**Italiano** með og án rafstýringar, lengd 218 cm



**Walton,** stærð 214 x 150 cm

# Þægindin í fyrirrúmi

## BJÓÐUM EINNIG UPP Á DÖNSK GÆÐARÚM FRÁ PASSION OG AMERÍSKU DÝNUNUM FRÁ SERTA



**Kíktu í heimsókn og uppfylltu drauma þína um betri hvíld.**

LÚR
BETRI HVÍLD

**LÚR - BETRI HVÍLD** • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100 • WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins

Ætla að endurskoða áherslur:

## Fer fyrir nýrri framtíðarnefnd

Kristján Þór Júlíusson þingmaður mun fara fyrir nýrri framtíðarnefnd flokksins. Nefndinni er ætlað að endurskoða og móta áherslur í skipulagi og starfi hans.



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

Kristján sagði á fundinum mikilvægt að horfa til framtíðar og leggja áherslu á að flokkurinn lagi starfshætti sína og skipulag að breyttum tímum samhliða því sem áhersla sé lögð á að virkja grasrót hans í umfangsmiklu málefna- og stefnumótunarstarfi. Þá sagði hann nefndina munu skapa flokknum grundvöll til þess að sækja fram á lýðræðislegum, málefnalegum, hugmyndafræðilegum og framsæknum forsendum, byggðum á gildum og sögu flokksins, menningu og sérstöðu. - þeb

Atvinnustefna í skötulíki:

## Gagnrýna ríkisstjórn harðlega

Atvinnustefna ríkisstjórnarinnar er harðlega gagnrýnd í drögum að stjórnmálaályktun landsfundarins. Hún er sögð hafa verið í skötulíki, ýmist hafi ekkert verið gert eða komið í veg fyrir uppbygginguna.

Þá er stjórnin sögð halda sjávarútvegi í helgreipum óvissu með hótunum, og landbúnaður glími einnig við óvissu vegna ESB-umsóknar. Fyrirheit um skjaldborg heimilanna séu farin að hljóma sem argasta öfugmælavísa og saga Icesave sé saga afdrifaríkra mistaka. - þeb

# Tekist á um Evrópumálin

**Landsfundur Sjálfstæðisflokksins hófst í gær. Búist er við átökum um Evrópumál. Ólöf Nordal og Lára Óskarsdóttir, frambjóðendur til varaformanns flokksins, telja óráð að standa í viðræðum við ESB.**

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins hófst í gær með ræðu Bjarna Benediktssonar, formanns flokksins, um miðjan daginn. Innan og utan flokksins hefur mikið verið rætt um stefnu hans í Evrópumálum í aðdraganda fundarins og telja margir að lögð verði fram ályktun um að Sjálfstæðisflokkurinn skuli beita sér fyrir því að draga umsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka. Vilji til þess kom fram í ræðu Bjarna.

Á landsfundinum verður kosið um formann og varaformann flokksins. Enginn hefur tilkynnt um formannsframboð gegn Bjarna Benediktssyni en Ólöf Nordal þingmaður og Lára Óskarsdóttir íslenskukennari hafa lýst yfir framboði til varaformanns.

„Ég held að það sé algjört óráð að vera í viðræðum við Evrópusambandið núna, enda greiddi ég atkvæði gegn því ferli síðasta sumar,“ sagði Ólöf í samtali við Fréttablaðið en fékkst ekki til að svara því hreint út hvort hún myndi styðja ályktun þess efnis að flokkurinn beitti sér fyrir því að draga umsóknina að ESB til baka, kæmi slík ályktun fram.

„Já, ég mun styðja slíka tillögu. Ég held að við höfum ekkert að gera þarna, kengbogin þjóð eins og við erum,“ sagði Lára spurð um slíka ályktun en áréttaði að hún væri ekki á móti ESB sem slíku en teldi okkur hafa slæma samningsstöðu nú um stundir.

Í drögum að stjórnmálaályktun sem gefin var út í gær er sagt skynsamlegast að leggja til hliðar áform um að sækja um aðild. „Þetta hljómar sem ágætis upplegg,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins um drögin. „Það eru skiptar skoðanir um þetta mál eins og í flestum flokkum. Ef það næst sátt um þetta þá er það mjög gott, mér finnst það skipta miklu máli að það sé sátt um þennan þátt á landsfundinum.“



**FRÁ LANDSFUNDI** Landsfundurinn heldur áfram í Laugardalshöll í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Ég hef ekki verið sammála þessu. Ég tel að hagsmunum okkar sé betur varið til langs tíma í samvinnu við vestrænar nágrannaþjóðir. Við eigum að stuðla að því,“ segir Benedikt Jóhannesson, formaður samtaka Sjálfstæðra Evrópumanna, sem stofnuð voru í febrúar og styðja aðild að ESB. Benedikt Jóhannesson segist ekki vita hvort tekist verður á um þetta mál á fundinum og kvað Sjálfstæða Evrópumenn ekki hafa hist sérstaklega fyrir fundinn. Hann segist telja afar mikilvægt að halda sem flestum möguleikum opnum í þessum málum nú þegar þjóðfélagið er í þeirri stöðu sem það er.

Stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS) sendi frá sér ályktun á fimmtudag þar sem fulltrúar flokksins voru hvattir til að beita sér fyrir því að umsóknin að ESB yrði dregin til baka. Ólafur Örn Nielsen, formaður SUS, segir að sambandið sem slíkt muni ekki leggja neinar ályktanir fyrir landsfundinn en að sjálfsagt myndu einhverjir innan raða þess sem og aðrir flokksmenn leggja fram tillögur um Evrópusambandsumsóknina.

Formannskjör fer fram klukkan 13 í dag og varaformannskjör klukkan 15, stjórnmálaályktun fundarins verður kynnt að því loknu og verður fundinum svo slitið með ræðu formanns.

thorunn@frettabladid.is / magnusl@frettabladid.is

## Drög að ályktun

Ályktanir verða lagðar fyrir fundinn til samþykktar í dag. Drög að þeim voru birt í gærkvöldi:

- Takmörkun styrkveitinga til stjórnmálaflokka og einstakra frambjóðenda. Þeir styrkir voru í fortíðinni oft óhóflegir.
- Úrslit sveitarstjórnarkosninga kalla á endurmat. Taka þarf upp ný vinnubrögð og auka samstarf stjórnmálaafla um veigamikil mál.
- Almenningur komi að ákvörðunartöku og stefnumótun um hin stærri mál, sbr. Icesave, ESB og undirbúning stjórnarskrár.
- Fagnað er því að nýlegur hæstaréttardómur í bílalánamálunum lækkar skuldir og bætir hag fjölda fólks.
- Gripið verði til almennra úrræða fyrir heimilin í landinu og efnt til víðtæks samstarfs um það. Sérstaklega verði hugað að hagsmunum þeirra sem tóku verðtryggð lán.
- Rannsókn fari fram á embættisfærslum og ákvörðunum stjórnvalda og samskiptum þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld. Rannsaka þarf hvort fylgt hafi verið lagareglum, starfsskyldur verið brotnar eða upp hafi komið dæmi um mistök eða vanrækslu í starfi.
- Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á þjóðlega og víðsýna umbótastefnu með hagsmuni allra stétta að leiðarljósi. Markmið atvinnustefnu er að bæta lífskjörin í þágu almennings.

Formaður Sjálfstæðisflokksins fór um víðan völl við setningu landsfundar:

# Leggja ætti aðild að ESB til hliðar

Réttast væri að leggja áform um aðild að Evrópusambandinu til hliðar við núverandi aðstæður, sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, á landsfundi flokksins sem hófst í gær.

Bjarni sagði ekki aðeins rétt að leggja aðild til hliðar vegna hótana um að ekkert verði af samkomulagi nema Ísland gangi að afarkostum Breta, heldur til að hægt sé að nýta alla krafta til að sigrast á efnahagserfiðleikum. Þegar því ljúki verði forsendur fyrir hendi til að meta afstöðu til aðildar á ný þar sem þjóðin hefur verið höfð með í ráðum. Bjarni sagði afstöðu Sjálfstæðisflokksins ekga ekkert skylt við einangrunarhyggju eða þjóðrembu, heldur raunsæju mati á því hvað þjóni hagsmunum Íslendinga best til langs tíma. Ef viðræðum verði hins vegar haldið áfram muni Sjálfstæðisflokkurinn gera allt sem í hans valdi stendur til að samningur sem gerður yrði verji hagsmuni Íslendinga sem allra best.

Þá sagði Bjarni að auka verði kvótann og að flokkurinn taki skýra stefnu gegn fyrningarleiðinni í sjávarútveginum. Þá sagði hann flokkinn hafa fyrir löngu gengist við ábyrgð á því að rammi viðskiptalífsins hafi ekki verið nægilega sterkur og að ríkisbáknið hafi þanist út fyrir hrun. Glannaskapur, lögbrot og siðleysi í viðskiptalífinu hafi ekki verið í boði Sjálfstæðisflokksins.

Til greina kemur að skipta kjördæmum upp og fækka þingmönnum í hverju kjördæmi, sagði Bjarni. Þá sagði hann fara vel á því að allir félagar í flokknum gætu kosið formann hans. - þeb



**BJARNI BENEDIKTSSON** Formaður Sjálfstæðisflokksins sagði í ræðu sinni að auka þurfi kvóta og marka stefnu gegn fyrningarleiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

PLANKA PARKET

Gott verð eigin framleiðsla

PARKET VERKSMIÐJAN
Síðumúla 31 - Sími: 581 2220
www.parketverksmidjan.is



Inga Þórisdóttir
Viðskiptastjóri Ármúla

Íslendingar velja **MP banka**

*Heimild: Frétt Viðskiptablaðsins 16. júní

Við erum stolt af niðurstöðum nýrrar könnunar Capacent Gallup sem sýnir að MP banki er fyrsti valkostur Íslendinga þegar kemur að bankaviðskiptum.*

Hafðu samband í síma 540 3200, á www.mp.is eða komdu í heimsókn í útibú okkar. Við tökum vel á móti þér.

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

# Tölvukerfin eiga heima hjá Skýrr

***Skýrr hýsir og rekur netþjóna og tölvukerfi fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum:***

***Sveitarfélagið Vogar***

Öll starfsemi sveitarfélagsins, hvort sem um er að ræða grunnskólann eða íþróttamiðstöðina, stólar á tölvukerfi hjá Skýrr.

***Bílabúð Benna***

Bílabúð Benna treystir á öruggt aðgengi að ökutækjaskrá allra bifreiða á Íslandi í gegnum Upplýsingaheima Skýrr.

***Bændasamtökin***

Bændasamtökin beita sér fyrir málefnum bænda og þurfa ekki að hafa áhyggjur af tölvumálum á meðan.

***Lækning***

Trúnaðarupplýsingar eru í öruggu skjóli bak við traustan eldvegg Skýrr.



Hjá Skýrr starfa 340 sérfræðingar sem sjá um að hýsa, reka og þjónusta tölvukerfi fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum.

Þau fyrirtæki sem hafa flutt tölvukerfin til okkar hafa minnkað umstang, aukið öryggi og dregið verulega úr kostnaði.

**Kannaðu hvort það borgi sig ekki að flytja tölvukerfið til Skýrr.**

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hverju stal þjófurinn sem dæmdur var í vikunni í Héraðsdómi Reykjavíkur úr Hagkaupum og Adam og Evu?

2 Hvaða frægi fjöldamorðingi er að snúa aftur á hvíta tjaldið?

3 Hvað heitir þjálfari ítalska landsliðsins sem gerði þá að heimsmeisturum fyrir fjórum árum en er nú að láta af störfum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Opera Software reiknar með að gagnavistun hér spari orku og auki afköst:

# Heimaslóðirnar heilla Jón

**TÆKNI** Norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software býst við því að auka gagnaflutninga um þrjátíu prósent á sama tíma og orkunotkun dregst saman um rúm 35 prósent. Þetta þakkar fyrirtækið flutningi á stórum hluta af gagnavinnslu sinni til gagnavers Thor Data Center, sem vígt var í Hafnarfirði fyrir rétt rúmum mánuði. Gagnaflutningurinn á að fara um sæstrengina Danice og Farice.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Opera Software, sem send var út til notenda hugbúnaðarfyrirtækisins um heim allan í gær. Opera Software hefur um árabil staðið framarlega í hönnun á netvöfrum bæði fyrir farsíma og einkatölvur. Þá hefur það búið til vafra og aðrar tæknilegar lausnir fyrir leikjatölvur á borð við Nintendo Wii.



JÓN S. VON TETZCHNER

Í tilkynningunni segir að gagnaverið sé umhverfisvænt, knúið af endurnýjanlegri orku og það fyrsta sinnar tegundar í heiminum.

Jón S. von Tetzchner, annar tveggja stofnenda Opera Software, Íslendingur í húð og hár og forstjóri fyrirtækisins fram yfir síðustu áramót, kom hingað til lands við undirritun samnings um flutning á gagnavinnslunni í maí.

Gagnageymslur Opera Software eru á sex stöðum í heiminum, í Noregi, Póllandi, Kóreu, og Kína, auk Íslands. - jab

Verslunarrisi stækkar við sig:

## H&M opnar 240 búðir á þessu ári

**SVÍÞJÓÐ Verslanakeðjan H&M ætlar að opna 240 nýjar verslanir yrðu opnaðar á þessu ári. Þegar hafa 86 verslanir verið opnaðar á árinu en 12 verslunum hefur á sama tíma verið lokað. Heildarfjöldi verslana er nú 2.062.**

**Hagnaður fyrirtækisins á öðrum ársfjórðungi jókst um 24 prósent. Það ætla forsvarsmenn fyrirtækisins að sé vegna óvenjumikils kulda í apríl og maí.**

**Þá var greint frá því að á næsta ári muni H&M opna verslanir í Króatíu og Rúmeníu.** - þeb





Dalsbrún 3, Hveragerði

Sölusýning laugardaginn 26. júní milli kl 15:00 og 17:00

Nýtt og fullbúið parhús til sölu, eignin er alls 161 m2 og telur; stofu, eldhús, sjónvarpshol, 3 svefnherbergi, bað, þvottahús og bílskúr.

Verð 25,7 millj - aðeins 159 þús m2. 23 millj frá ILS geta fylgt, afb. 87 þús. Einnig möguleiki á útleigu.

VEISTU SVARIÐ?

FAST MIKLABORG

569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is

MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA


Lifa steinaldarlífi í Indónesíu:

## Óþekktur ættflokkur finnst

**INDÓNESÍA** Áður óþekktur ættflokkur fannst nýverið í Indónesíu. Talið er að í ættflokknum séu um þrjú þúsund manns. Fólkið, sem býr á mjög afskekktum stað í frumskógi Papua-héraðs, lifir af veiðum og jurtatínslu. Híbýli sín byggir fólkið uppi í trjám og daglegt líf þykir minna á steinöld. Ættflokkurinn hefur hlotið nafnið Koroway. Fólkið gengur nakið fyrir utan bananalaufblöð sem hylja kynfæri þess.

Stjórnvöld í Indónesíu munu hafa haft spurnir af þessu fólki frá trúboðum í Papua fyrir nokkru og í kjölfarið var leitarhópur sendur af stað. Tveimur vikum síðar fannst svo ættflokkurinn. Erfiðlega mun ganga að eiga samskipti við fólkið enda talar það sitt eigið tungumál.



STEFÁN INGI STEFÁNSSON Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi telur mikilvægt að fólk líti í kringum sig eftir því sem vel er gert í samfélaginu. fréttablaðið Daníel

# Fyrirmyndir finnast víða

**Einn talsmanna þjóðarátaksins Til fyrirmyndar segir að fólk eigi að leita eftir fyrirmyndum alls staðar. Mestu máli skipti að líta til þeirra sem gera hlutina vel og finna út hvað veiti fólki jákvæðan innblástur.**

**FÓLK** Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, er einn talsmanna átaksins Til fyrirmyndar. Stefán telur að fyrirmyndir megi finna alls staðar og mikilvægt sé fyrir Íslendinga, sem og aðrar þjóðir, að líta í kringum sig eftir því sem er vel gert í samfélaginu, sérstaklega á tímum sem þessum. Fólk eigi að vera óhrætt við að dást að öðrum og sækja sér fyrirmyndir til þeirra sem gera hlutina best, hverjir svo sem það eru.

„Það er alltaf verið að alhæfa um þjóðina, en ég held að það sé óhætt að segja að Íslendingar geri mikið af því að bera sig saman við það sem best er gert. Margir eru ófeimnir að taka upp hugmyndir eða módel annars staðar frá og er það vissulega ein tegund af fyrirmyndum,“ segir Stefán, en hann fór í heimsókn á Barnaspítala Hringsins í vikunni. Segir hann fólk þar virkilega hafa verið að leggja sig fram af krafti og eljusemi.

„Það veitti mér mjög jákvæðan innblástur og finnst mér það svo sannarlega vera til fyrirmyndar,“ segir hann.

Sjálfur segist Stefán eiga sér fjölmargar fyrirmyndir.

„Átakið er tileinkað frú Vigdísi Finnbogadóttur og hún er svo sannarlega ein af þeim manneskjum sem hafa veitt mér innblástur í gegnum tíðina,“ segir hann. „Ég er líka farinn að hugsa meira um hvað afar mínir og ömmur afrekuðu á meðan þau lifðu. Þau gerðu marga merkilega hluti og voru yndislegt fólk.“

Aðspurður segist Stefán sjálfur ætíð reyna að leggja sig verulega fram um að gera hlutina vel, en erfitt sé að vera til fyrirmyndar á öllum sviðum.

„Ég geri hlutina eins vel og ég mögulega get, enda finn ég mér fyrirmyndir í alls konar fólki,“ segir hann. „Þú þarft ekki að vera fullkominn til að veita öðrum innblástur, einungis að gera það sem þú gerir vel og af einlægni.“

Stefán segir að orðinu fyrirmynd fylgi fjölmargar merkingar.

„Það eru margir að upplifa það að verða fyrirmyndir allt í einu. Það er litið upp til þeirra sökum stöðu þeirra innan samfélagsins, þó að það sé ekki ætlunin,“ segir hann. „Svo er fólk sem hefur afrekað merkilega hluti sem eru til bóta fyrir samfélagið, hvað sem fólk gerir þá er gott að hafa nóg af fyrirmyndum að velja úr.“

sunna@frettabladid.is

### Takk fyrir að vera til fyrirmyndar

Þjóðarátakið Til fyrirmyndar hófst í fyrradag. Efnt er til átaksins í tilefni af því að 29. júní verða þrjátíu ár liðin frá því að Íslendingar kusu Vigdísi Finnbogadóttur sem forseta, fyrstir þjóða til að kjósa konu í það embætti. Átakið er tileinkað frú Vigdísi Finnbogadóttur og íslensku þjóðinni.

Landsmenn eru af þessu tilefni hvattir til þess að íhuga hverjar þeirra fyrirmyndir eru, hvernig þeir sjálfir geta verið til fyrirmyndar og hvað er til fyrirmyndar á Íslandi. Dagana 29. og 30. júní verður bréfsefni með yfirskriftinni „Takk fyrir að vera til fyrirmyndar“ dreift inn á heimili um allt land og fólk hvatt til þess að skrifa persónuleg bréf til þeirra sem það lítur á sem fyrirmyndir. Átakinu er ætlað að sameina íslenska þjóð í því að horfa til þess sem vel er gert.




Kynjakettir í Dýraríkinu

Kettir í flokki 1 til sýnis alla helgina frá kl 13-17 í Dýraríkinu Miðhrauni 2

Allt að 50% afsláttur af kattamat og kattasandi

Allt að 40% afsláttur af kattasandsbökkum

HAFNARFJÖRÐUR IKEA DÝRARÍKIÐ REYKJAVÍK

DÝRARÍKIÐ ...fyrir dýravini!

Dýraríkið Miðhrauni 2 Dýraríkið Blómavalshúsinu Skútuvogi Dýraríkið Blómavalshúsinu Akureyri dyrarikid@dyrarikid.is Sími: 568 66 68

Átak stjórnar og atvinnulífs:

## Vilja efla innlenda atvinnu

**STJÓRNSÝSLA** Stjórnvöld efna nú til hvatningarátaks til að efla innlenda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu. Alþýðusamband Íslands og aðildarfélög þess, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands taka þátt í verkefninu.

Fólk er hvatt til að nýta sér endurgreiðslu virðisaukaskatts og skattívilnanir vegna framkvæmda. Þá veita fagmenn ráðgjöf um handbragð við viðhaldsframkvæmdir. - kóp

Stíf áhersla Þjóðverja á strangar aðhaldsaðgerðir umdeild meðal hagfræðinga:

# Sögð hættuleg evrunni

**ÞÝSKALAND** Hagfræðingurinn Paul Krugman og auðkýfingurinn George Soros, sem báðir eru Bandaríkjamenn, eru sammála um að aðhaldsstefna Þjóðverja í efnahagsmálum sé evrunni og Evrópusambandinu hættuleg.

„Stefna Þýskalands er hættuleg fyrir Evrópu,“ segir Soros í viðtali við þýska vikublaðið Die Zeit, og á þar við þá miklu áherslu sem þýska stjórnin hefur lagt á strangar sparnaðaraðgerðir í aðildarríkjum Evrópusambandsins.


PAUL KRUGMAN

Krugman tekur undir þetta í viðtali við sama blað: „Á venjulegum tímum hefur stöðugleikasiðferði vissa kosti, en við lifum ekkert á venjulegum tímum,“ og segir að sem stendur verði ríki Evrópusambandsins að sætta sig við mikinn fjárlagahalla meðan verið er að yfirstíga verstu vandræði kreppunnar.

„Seðlabanki Evrópu þyrfti að vera miklu sveigjanlegri og áræðnari. Þessi íhaldssama peningamálastjórn er aðallega viðkvæmni Þjóðverja að kenna.“

Báðir segja þeir Soros og Krugman sparnaðaráherslurnar geta haft afdrifaríkar afleiðingar. „Hrun evrunnar er ekki hægt að útiloka,“ segir Soros, sem hefur lengi verið stórtækur í vogunarviðskiptum og meðal annars gert heilu ríkjunum slæmar skráveifur með athafnasemi sinni á fjármálasviðinu. - gb


**GEISPAR Á SÝNINGU** Þetta mun vera hundur, sem geispar svo innilega á alþjóðlegri hundasýningu í Taílandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**KANNABIS** Verksmiðjur fundust í Hafnarfirði, Breiðholti og Grafarholti.

Umsvif á einum degi:

## Lögregla stöðvar kannabisrækt

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í fjölbýlishúsi í Hafnarfirði í fyrradag. Þar fundust nokkrir tugir kannabisplantna. Húsráðandi, karlmaður á fertugsaldri, játaði sök.**

**Þá stöðvaði lögreglan kannabisræktun í fjölbýlishúsi í Breiðholti síðdegis í fyrradag. Þar fundust kannabisplöntur og einnig hass. Húsráðandi, karlmaður á fertugsaldri, játaði að eiga plönturnar og hassið. Loks stöðvaði lögregla kannabisræktun í fjölbýlishúsi í Grafarholti um miðjan dag í fyrradag. Við húsleit fundust á annan tug kannabisplantna á lokastigi ræktunar. Piltur um tvítugt, játaði ræktunina á sig.** - jss


**LÖGREGLUNEMAR** Í kennslustund um umferðarstjórnun.

Ný skýrsla Lögregluskólans:

## Starfsþjálfunartíminn styttur

**LÖGGÆSLA** Á árinu 2009 gerðist það í fyrsta sinn að lögregluliðin á landinu gátu ekki tekið við grunnnámsnemum í launaða starfsþjálfun. Ákveðið var að stytta starfsþjálfunartímann úr átta mánuðum í fjóra og skólinn greiddi dagvinnulaun nemenda þann tíma.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýútkominni ársskýrslu Lögregluskóla ríkisins fyrir árið 2009.

29 nemendur voru á fyrstu önn grunnnáms skólans á árinu, 38 nemendur í starfsþjálfun og 15 nemendur voru brautskráðir frá grunnnámsdeild skólans.

Í ársskýrslunni kemur fram að Lögregluskólinn hefur nú brautskráð alla þá grunnnámsnemendur sem hófu lögreglunám árin 2008 og 2009. Arnar Guðmundsson skólastjóri vonast til að inntökuferli fyrir almennt lögreglunám verði næsta haust og að nýnemar hefji nám við grunnnámsdeild skólans í byrjun janúar 2011 svo að eðlileg endurnýjun lögreglustéttarinnar geti átt sér stað. - jss





**MEÐ KÓNGULÓ Í ANDLITI** Melissa Koopman reynir að láta sér vel lynda þótt tarantúla skríði á andliti hennar á lesfundi í kirkju í Carlyle í Illinois í Bandaríkjunum, þar sem boðið var upp á þessa einstæðu upplifun. NORDICPHOTOS/AFP

Bretar og Bandaríkjamenn gerðu samning um samstarf leyniþjónustu:

# Leyniskjöl opinberuð eftir 64 ár

**LONDON, AP** Leynilegur samningur sem gerður var í upphafi kalda stríðsins um samstarf leyniþjónustu Bandaríkjanna og Bretlands var opinberaður í gær.

Samningurinn var gerður árið 1946 og skyldaði ríkin til þess að deila nær öllum mögulegum upplýsingum sem leyniþjónusta þeirra varð sér úti um. Auk þess skyldi hvorugt ríkið njósna um hitt. Kanada, Ástralía og Nýja-Sjáland skrifuðu seinna undir sambærilega samninga við ríkin tvö.

Grundvöllur samningsins var áheit um að hver samningsaðili skyldi deila með hinum öllum sínum upplýsingum án beiðni. Það skyldi vera venjuleg vinnuregla og upplýsingarnar settar upp eins og beðið væri um. Upphaflega var samningurinn hugsaður sem rammi utan um það samstarf sem orðið hafði til milli Bandaríkjanna og Bretlands í þessum efnum í seinni heimsstyrjöldinni.

Bæði Bandaríkin og Bretland samþykktu að upplýsa þriðja aðila aldrei um tilvist samningsins en þrátt fyrir það fóru snemma af stað sögur um tilvist hans. Leyniþjónusta Bretlands viðurkenndi árið 2006 að tilvist slíks samnings og var hann svo loks opinberaður í gær. - mþl



**HARRY S. TRUMAN** Samningurinn var gerður í forsetatíð Harry S. Truman, forseta Bandaríkjanna.

Bílatalning Vegagerðarinnar:

## Meiri umferð vegna Bíladaga

**SAMGÖNGUMÁL** Talsvert meiri umferð var til og frá Akureyri í síðustu viku en á sama tíma í fyrra. Vegagerðin tók saman umferðartölur vegna Bíladaga sem haldnir voru um liðna helgi.

17. júní var einnig í tölunum, en talsvert margir koma einnig í bæinn í kringum hann, meðal annars vegna útskriftar Menntaskólans á Akureyri. Umferðin í vikunni jókst um 8,5 prósent miðað við sömu viku í fyrra. Rúmlega 15 þúsund bílar fóru til og frá bænum í vikunni. - þeb


Bodrum - Tyrkland

Ótrúleg sértilboð
Hotel Sunway
Hotel Bitez Garden Life
Frábær staðsetning
Góður aðbúnaður
"Allt innifalið"
Einnig önnur spennandi hótel í boði

10. júlí í 10 nætur
frá kr. 89.900
10 nátta ferð - ótrúleg kjör!



Allt innifalið

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum til Bodrum í Tyrklandi 10. júlí í 10 nætur. Í boði er gisting á Hotel Sunway og Hotel Bitez Garden Life, í hinum skemmtilega Bitez bæ. Hotel Sunway er þokkalegt hótel sem býður góðan aðbúnað. Hotel Bitez Garden Life er fallegt og gott hótel sem býður góðan aðbúnað og fjölbreytta þjónustu. Hótelið var endunýjað á smekklegan hátt fyrir um tveimur árum. Örstutt að ganga á ströndina og í miðbæinn. Á hótelinu er "allt innifalið" sem felur m.a. í sér morgun-, hádegis- og kvöldverð auk innlendra óáfengra og áfengra drykkja. Fyrir ýmsa aðra þjónustu á hótelinu getur þurft að greiða sérstaklega. Bodrum býður þín með einstakan menningararf, stórbrotna náttúrufegurð, töfra Eyjahafsins, frábæran mat og ótrúlega hagstætt verðlag! Gríptu tækifærið og bókaðu frábært frí á hreint ótrúlegum kjörum.

Ath. aðeins örfá herbergi í boði. Verð getur hækkað án fyrirvara!



Kr. 89.900 - Hotel Sunway ***
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi í 10 nætur. Verð á mann m.v. gistingu í tvíbýli með "öllu inniföldu" í 10 nætur kr. 99.900. Sértilboð 10. júlí.

Kr. 99.900 - Hotel Bitez Garden Life **** með "öllu inniföldu"
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi með "öllu inniföldu" í 10 nætur. Sértilboð 10. júlí. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með "öllu inniföldu" í 10 nætur kr. 119.900. Sértilboð 10. júlí.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Auglýsingasími
512 54 01




Allt sem þú þarft...




**HVALASTRÍÐ Í SUÐURHÖFUM** Ágreiningur varð á ársfundinum um veiðar Japana á stóru griðasvæði í Suðurhöfum, sem andstæðingar hvalveiða hafa lengi barist gegn. Á myndinni er skipst á sendingum milli skips Sea Shepherd-samtakanna og japansks hvalveiðiskips. NORCIPHOTOS/AFP

# Mega veiða fleiri hvali

**Sáttaumleitunum á vettvangi Alþjóðahvalveiðiráðsins var frestað um ár. Grænlendingar fengu samþykktan viðbótarkvóta fyrir frumbyggjaveiðar.**

**HVALVEIÐAR** Frumbyggjar á Grænlandi hafa fengið heimild til að veiða fleiri hvali. Á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem hófst síðasta mánudag í Marokkó, var samþykkt tillaga frá Danmörku, fyrir Grænlands hönd, um árlegan kvóta upp á níu hnúfubaka, sem kemur til viðbótar við núverandi frumbyggjaveiðar þeirra.

Ársfundinum lauk í gær án niðurstöðu um málamiðlunartillögu formanns og varaformanns ráðsins, sem fyrirfram voru bundnar miklar vonir við að myndi sætta þau ríki ráðsins sem stunda hvalveiðar og hin sem eru andvíg hvalveiðum.

„Það verður gert árshlé á sáttaumleitunum í ráðinu. Þeim verður haldið áfram á næsta ársfundi," segir Tómas H. Heiðar, aðalfulltrúi Íslands í ráðinu. „Staða okkar er í sjálfu sér óbreytt."

Árni Finnsson, formaður stjórnar Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir hins vegar að jafnvel þótt málamiðlunartillagan hafi ekki náð fram að ganga hafi „hvalveiðistefna Jóns Bjarnasonar og hagsmunir Kristjáns Loftssonar engu að síður beðið hnekki vegna þess að Japan var reiðubúið til að samþykkja ákvæði þess efnis að hvalveiðar yrðu eingöngu til innanlandsneyslu."

Tómas segir þetta samt ekki rétt. Hann hafi fengið staðfestingu á því að Japanar myndu ekki fallast á nokkra takmörkun á viðskiptum með hvalaafurðir á fundi, sem hann og aðalfulltrúi Noregs í ráðinu, áttu með aðstoðarsjávarútvegsráðherra Japans.

Ísland og Noregur voru andvíg þessu ákvæði, sem var innan sviga í málamiðlunartillögu formannanna og hefði gert Íslendingum ókleift að selja hvalaafurðir til annarra landa.

Þetta ákvæði kom hins vegar aldrei til umræðu á fundinum vegna andstöðu Ástralíu, Suður-Ameríkulanda og sumra Evrópusambandsríkja við að heimila takmarkaðar veiðar samkvæmt árlegum kvóta frá ráðinu, meðal annars á griðasvæði í Suðurhöfum þar sem Japanar hafa stundað vísindaveiðar.

> Ég held að það hafi haft mjög mikið að segja um að ríkin ákváðu að krefjast ekki atkvæðagreiðslu.
>
> **TÓMAS H. HEIÐAR** AÐALFULLTRÚI ÍSLANDS Í ALÞJÓÐAHVALVEIÐIRÁÐINU

Tómas segir hins vegar að Grænlendingar hafi unnið stærsta sigurinn á ársfundinum þegar viðbótarkvóti þeirra var samþykktur.

„Grænland var búið að gefa til kynna að það myndi íhuga mjög alvarlega að segja sig úr ráðinu ef þessi tillaga yrði felld. Ég held að það hafi haft mjög mikið að segja um að ríkin ákváðu að krefjast ekki atkvæðagreiðslu," segir Tómas, enda hafi ráðið í reynd enga stjórn lengur á neinum hvalveiðum öðrum en veiðum frumbyggja. Það hefði því veikt ráðið enn frekar ef Grænlendingar hefðu sagt sig úr því.

Á fundinum fengu Bandaríkjamenn hins vegar ekki framgengt tillögu um framhald á frumbyggjakvóta sínum eftir árið 2012, þótt þeir hafi lagt mikla áherslu á það.

gudsteinn@frettabladid.is

# ALLT Á GRILLIÐ

VSOP er einungis úr sérvöldu dilkakjöti; vöðvamikið, sérvalið og prýðisgott eru einkunnarorð VSOP. Kjötið er látið meyrna við kjöraðstæður. Hið einstaka bragð næst með úrvals koníaki og kryddblöndum sem eru sérlagaðar fyrir VSOP.

·V·S·O·P·
vöðvamikið, sérvalið og prýðisgott
LAMBAKJÖT

## V•S•O•P LAMBAKJÖT
færðu í Hagkaup!



EINGÖNGU Í HAGKAUP
VSOP LAMBALÆRI
1.942 kr/kg.
Merkt verð 2.428.-

EINGÖNGU Í HAGKAUP
VSOP LAMBA LÆRISSNEIÐAR
2.262 kr/kg.
Merkt verð 2.828.-

EINGÖNGU Í HAGKAUP
VSOP LAMBA TVÍRIFJUR
1.998 kr/kg.
Merkt verð 2.498.-

## *spennandi meðlæti á grillið eða í ofninn!*



Bökunarkartöflur | Beikonfylltar kartöflur | Maísstönglar | Balsamikmarineruð grænmeti | Berjabomba m/kókosbollum | Sveppir með ostafyllingu




**Jói Fel lambaprime**
í mangó kryddlegi




**Jói Fel nautakótiletta**
í kryddlegi




**Grilllæri Hagkaups**
að hætti landsliðs matreiðslumeistara



**New Orleans BBQ svínarif**



**Eggaldin**
skorið til helminga, penslað með ólífuolíu, kryddað með salti og pipar, grillað 4-5 mín. á hvorri hlið



**Zucchini**
skorið í sneiðar, penslaðar með pestó, grillaðar í 2-3 mín. á hvorri hlið



**Tómatar**
fylltir með gráðosti, grillaðir 2-3 mín.



**Ferskur maís**
takið hýðið af maísnum og setjið hann í álpappír ásamt salti og smjörklípu. Grillið í 8-10 mínútur.

Wish-Bone

**Ekta amerískt!**
Frábærar salatdressingar, ómissandi með öllum mat!
Italian, Ranch, Thousand Island, Blue Cheese og Caesar




24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 27. júní á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*


30%
afsláttur
Ryðfríar Skrúfur
JOTUN
Treolje
Träolja/Træolie
3 ltr.
2.990
Vinsælasta
pallaolía
á Íslandi
Jotun pallaolía 3 ltr.
Vinsælasta
pallaolían á Íslandi.
7049123-33-37
ALLT FYRIR PALLINN Á
LÆGRA VERÐI
Nilfisk
13.995
15.995
100 Bör, 1300W
5 metra slanga
Hábrýstidæla
Nilfisk C.100 3 ltr.
Vnr. 5254240
NILFISK
13.490
16.990
Hægt að
lyfta bekkjum -
haldast hreinir
og þurrir
Garðborð með áföstum
bekkjum180 cm
Vnr.600242
Sandkassi með loki
150 x150cm
Vnr.600249
11.990
14.990
Festingar & vinklar
25%
afsláttur
SIMPSON
Strong-Tie
5 ltr.
7.990
GORI 44+
Dugar á
allt að 40m²
Gori 44+ 5 ltr.
Hálfgagnsæ
viðarvörn, frábær á
allar viðarklæðningar
og skjólgirðingar.
7042520-30
Transparent
Frábær
á skjólgirðingar og
viðarklæðningar
Rafmagnsorf,
IKRA
250W, 22cm
sláttubreidd
5086608
3.690
25.490
Rafmagnssláttuvél
B&D
35 ltr. safnara, 1200 W.
Miðlæg hæðarstilling.
34 sm sláttubreidd
5085134
BLACK&
DECKER
Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga
Gildir til 1. júlí
Gildir ekki af öðrum tilboðum og að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil
á virðisaukaskatti til ríkissjóðs


ALLT
PALLAEFNI
TAX FREE
TAX FREE!
Pallaefni
TAX FREE AF ÖLLU
FÚAVÖRÐU TIMBRI
FYRIR SÓLPALLINN
GILDIR EINNIG AF LERKI,
SKJÓLVEGGJUM
OG VATNSKLÆÐNINGU!
Timbur-
miðstöðin
Grafarholti
opið til 18:00
allar helgar
Sjá afgreiðslutíma um land allt www.husa.is
Látum
verkin tala!
HÚSASMIÐJAN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skynsamlegar tillögur um skipulag þingstarfa:

## Minnisþjálfun

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur lagt fram frumvarp á Alþingi, þar sem lagt er til að þingsköpum verði breytt þannig að ringulreiðin, sem ævinlega tekur völd undir lok þingtímans, verði úr sögunni.

Þingmaðurinn leggur til að forseti þingsins geti, að fengnum tillögum frá þingnefndum, gert tillögu fyrirfram um hversu lengi umræður um einstök mál skuli standa. Þannig geti þingið unnið samkvæmt skipulegri áætlun, forðazt að allt lendi í fári og skipulagsleysi dagana fyrir þinglok og síðast en ekki sízt útrýmt málþófinu, sem grafið hafi undan trausti Alþingis.

Siv ræðir í greinargerð með frumvarpinu rökin fyrir frjálsum ræðutíma, sem býður upp á málþóf. Þau séu að með málþófi megi skapa samningsstöðu í þinglok, þannig að allir flokkar fái eitthvað fyrir sinn snúð. Málþóf sé eðlilegur hluti af lýðræðinu, vegna þess að með því sé meirihlutinn neyddur til að taka tillit til minnihlutans. Siv segist telja nær að grípa til annarra ráða til að styrkja stöðu minnihlutans, til dæmis að afhenda honum formennsku í sumum þingnefndum og setja ákvæði í stjórnarskrá um að tiltekinn minnihluti á þingi geti krafizt þjóðaratkvæðagreiðslu um mál.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Þetta er rétt hjá þingmanninum. Starfshópur forsætisráðherra um viðbrögð við rannsóknarskýrslu Alþingis lagði meðal annars til að aukin áherzla yrði lögð á svokölluð samstöðustjórnmál þar sem meirihlutinn tæki meira tillit til minnihlutans en hingað til hefur tíðkazt. Athyglisverðar tilraunir á því sviði hafa verið gerðar í Reykjavíkurborg, bæði í tíð fyrrverandi og núverandi borgarstjórnarmeirihluta. Kannski eru þær fyrsti vísir að því sem koma skal á þingi. Það er alltént miklu líklegra til að treysta virðingu Alþingis og bæta umræðuhefðina að stjórn og stjórnarandstaða vinni saman, en að þingmenn standi upp á endann í ræðustóli heilu næturnar, lesi upp úr skýrslum og vitni í kveðskap.

Siv bendir réttilega á að málþóf sé hvergi stundað í nágrannalöndum okkar. Það getur verið forvitnilegt að bera saman hvernig mismunandi þjóðþing fjalla um sama mál. Þegar EFTA-ríkin fjölluðu um EES-samninginn árið 1992, stóð umræðan á Alþingi hátt í fimm mánuði með hléum og málið var rætt í yfir hundrað klukkustundir. Samningurinn var ræddur í alls átta klukkustundir á austurríska þinginu og fjórtán og hálfan klukkutíma á því sænska. Umræður stóðu í tvo daga á norska þinginu og svissneska þingið afgreiddi samninginn á þremur vikum. Í finnska þinginu tók afgreiðsla málsins alls þrjá daga.

Í greinargerð Sivjar segir að enginn stjórnmálaflokkur sé saklaus af málþófinu á þingi. Það er raunar svo, að við stjórnarskipti er eins og minni þingmanna á eigin orð þurrkist út. Þingmenn sem áður gagnrýndu stjórnarandstöðuna harðlega fyrir málþóf grípa til þess sjálfir um leið og þeir komast í stjórnarandstöðu og skamma stjórnina fyrir nákvæmlega sömu vinnubrögð og þeir ástunduðu sjálfir í stjórn. Og öfugt.

Hvernig væri nú að stjórnarandstaðan rifjaði upp hvernig var að vera í stjórn, stjórnarliðið græfi upp gamlar minningar frá stjórnarandstöðuárunum og svo kæmu allir sér saman um skynsamlegri og skilvirkari vinnubrögð á Alþingi?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



Vatnsvirkinn auglýsir
Eigum mikið úrval af notuðum hillum og hillurekkum til sölu.

Hentugt fyrir verslanir, minni vöruhús og bílskúra. Gott verð – góðar vörur.

VATNSVIRKINN

SMIÐJUVEGI 5 - 200 KÓPAVOGI - SÍMI: 510-1400




### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Flokkakerfi 20. aldar

Við lok 7. áratugar síðustu aldar voru ýmsar efasemdir um að stjórnmálaflokkarnir endurspegluðu réttilega hugmyndafræðilegan aðskilnað kjósenda. Á almennum borgarafundi um þessa spurningu árið 1969 taldi Styrmir Gunnarsson engin rök standa til breytinga. Sú varð raunin. Svo líður tíminn.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Í nýrri bók um hrun krónunnar og bankanna kemst Styrmir Gunnarsson að þeirri niðurstöðu að flokkar tuttugustu aldarinnar séu allir í rúst. Jóhanna Sigurðardóttir túlkaði úrslit nýafstaðinna kosninga sem dóm um endalok þessa sama flokkakerfis. Eru þetta réttir dómar? Má sjá vísbendingar um breytt pólitískt mynstur?

Stjórnmálaflokkar eru og verða sambætt bandalag hugsjóna og valda. Valdakerfið getur þróast á annan veg en hugmyndaheimur kjósenda. Þá koma upp vandamál. Sigur Besta flokksins í Reykjavík á dögunum var vísbending um rótgróna óánægju bæði með hugsjónir og valdakerfi. Í honum er hins vegar ekki fólgin ný framtíðarsýn.

Spurning er hvort núverandi stjórnarsamstarf er vísbending um þróun flokkakerfisins í tvær megin fylkingar. Frá sjónarmiði valdahagsmuna gæti það verið rökrétt. Ágreiningur stjórnarflokkanna er hins vegar meiri en svo að það geti talist málefnalega trúlegt.

Hin hliðin á flokkakerfi af þessu tagi væri viðvarandi bandalag Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Vegna liðinna atburða er enn langt í að það verði traustvekjandi. Núverandi skipting valda á Alþingi er því ekki líklegur vísir að nýju flokkakerfi. Hún er fremur tímabundin samstaða í valdatafli en tákn nýs tíma.

## Vængir Heimssýnar

Vængir þriggja flokka og nokkrir einstaklingar úr Samfylkingunni eiga pólitískt samstarf í Heimssýn. Til þess var stofnað í þeim tilgangi að styrkja andstöðuna gegn aukinni Evrópusamvinnu. Ýmislegt bendir nú til að Heimssýnarvængir flokkanna þriggja eigi samleið á fleiri sviðum.

Í Framsóknarflokknum fer Heimssýnarvængurinn með forystuna. Í Sjálfstæðisflokknum hefur hann aukið áhrif sín til muna. Í VG er afl hans mest í órólega armi þingflokksins. Sterk persónuleg tengsl hafa skapast milli helstu áhrifamanna í þessum hópum. Athygli hefur einnig vakið að þeir hafa skotið skildi fyrir forseta Íslands í nýju pólitísku umkomuleysi hans.

Til samstarfsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var upphaflega stofnað af Sjálfstæðisflokknum og Samfylkingunni. Þegar andstaðan við þetta samstarf er brotin til mergjar kemur í ljós að afl hennar er mest á Heimssýnarvængjum þessara þriggja flokka.

Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin ákváðu á sínum tíma að leita pólitískra lausna á Icesave. Forystu andstöðunnar er hins vegar að finna á Heimssýnarvængjum flokkanna þriggja. Í nýlegum deilum um orkuvinnslu í höndum útlendinga vakti athygli að Heimssýnarvængur Sjálfstæðisflokksins færði sig í átt til VG og greinilegar vísbendingar eru um bættan samhljóm í orðræðu um landbúnaðarmál.

Þessir vængir flokkanna deila vitaskuld enn um margt eins og sjávarútvegsmál og skattapólitík. Fram hjá hinu verður þó ekki litið að vængirnir hafa færst nær hver öðrum á fleiri sviðum en upphaflega stóð til. Vel má vera að þar sé vísir að nýju valdasamstarfi þó að enn vanti talsvert á að unnt sé að tala um sameiginlegt hugmyndakerfi.

Þróist nýtt valdakerfi eftir þessum línum er líklegast að málefnalegt mótvægi verði þá að finna í þeim hlutum stuðningsmanna Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Samfylkingar sem standa næst miðju stjórnmálanna og vilja umfram annað varðveita grundvallar gildi um markaðsbúskap, velferð og vestræna samvinnu. Enn sjást þó ekki merki um hreyfingar í þá veru.

## Áhrif stjórnkerfisbreytinga

Stjórnkerfisbreytingar geta haft tvenns konar áhrif á flokkakerfið. Annars vegar eru hugmyndir um persónukjör í stað listakosninga. Hins vegar eru tillögur um afnám þingræðis og sjálfstæða kosningu framkvæmdavaldsins.

Fyrri hugmyndin miðar að því að leysa upp eða veikja skipulagða stjórnmálaflokka. Í ýktasta formi þeirrar hugmyndar fengju sextíu og þrjú vinsælustu dægurmálin hverju sinni hvert sinn fulltrúa á þing. Tilgangurinn er augljóslega ekki sá að kjósendur velji á milli hópa eftir meginlínum ólíkra stjórnmálaviðhorfa. Almennt er líklegt að slík skipan mála auki pólitíska lausung. Sumir telja hana fullkomnara lýðræði.

Seinni hugmyndin myndi væntanlega leiða til þess að við kosningar til framkvæmdavaldsins yrði valið á milli tveggja fylkinga, hvort heldur líkir flokkar rynnu saman eða hefðu með sér samstarf. Hugmyndafræði og heildarhagsmunir yrðu þá meira ráðandi. Því marki má að sönnu einnig ná með endurskipulagningu innan þingræðiskerfisins.

Með vissu verður ekki sagt hvort dómar Styrmis og Jóhönnu um flokkakerfið eru fyrirboðar breytinga. En þær gætu visslulega verið í deiglunni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

26.JÚNÍ 2010
ALÞJÓÐLEGUR DAGUR
SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA
GEGN FÍKNIEFNUM

# VERUM VAKANDI!

- vakningarátak meðal foreldra um skaðsemi kannabis

**Þökkum eftirtöldum aðilum fyrir stuðninginn við verkefnið**

**Reykjavík**
Bandalag háskólamanna
Erna hf, gull- og silfursmiðja
Init ehf
Túnþökuþjónustan ehf
sími: 897 6651
V.R.
Veiðiþjónustan Strengir
Verslunarskóli Íslands

**Kópavogur**
Smurstöðin ehf
Tengi ehf
Vegurinn

**Garðabær**
Hjallastefnan ehf

**Hafnarfjörður**
Ásklif ehf
Hafnarfjarðarbær
Vélsmiðja Guðmundar ehf

**Grindavík**
Grindavíkurkirkja

**Akranes**
Verkalýðsfélag Akraness

**Borgarnes**
Ungmennafélag Stafholtstungna

**Súðavík**
Víkurbúðin ehf

**Blönduós**
Kvenfélag Svínavatnshrepps

**Sauðárkrókur**
Skinnastöðin hf

**Akureyri**
Rafeyri ehf

**Húsavík**
Sorpsamlag Þingeyinga ehf

**Bakkafjörður**
Skeggjastaðakirkja

**Neskaupstaður**
Síldarvinnslan hf, útgerð

**Selfoss**
Flóahreppur

**Hvolsvöllur**
Búaðföng
Rangárþing eystra

## Hefst á degi Sameinuðu þjóðanna gegn fíkniefnum – 26. júní 2010

Sameinuðu þjóðirnar ákváðu í desember 1987 að tileinka 26. júní ár hvert alþjóðlegri baráttu gegn fíkniefnum *(International Day against Drug Abuse and Illicit Trafficking)* til þess að vekja athygli á fíkniefnavandanum og hvetja til samstarfs í fíkniefnamálum.

## Verum vakandi

Í tilefni þessa dags í ár mun Samstarfsráð um forvarnir (SAMFO) í samstarfi við nítján félagasamtök hefja sameiginlegt **vakningarátak á meðal foreldra um skaðsemi kannabisefna** undir heitinu „**Verum vakandi**“. Með átakinu vilja aðstandendur þess fræða foreldra og aðra uppalendur um kannabis, skaðsemi þeirra, einkenni kannabisneyslu og forvarnir. Með þessu vilja aðstandendur átaksins vekja athygli á og bregðast við ýmsum rangfærslum um kannabisefni sem m.a. er að finna á netinu og ungmenni eiga greiðan aðgang að.



Vakningarátak meðal foreldra um land allt um skaðsemi kannabis

## Kannabis og ungt fólk

Nú á sér stað umræða sem gerir lítið úr áhættunni sem fylgir neyslu kannabisefna og grefur undan varnaðarorðum gegn henni. Jafnvel er lagt til að heimila, notkun, sölu og dreifingu þessara efna (lögleyfa þau). Þetta er áhyggjuefni, m.a. í ljósi þess að neytendum kannabisefna sem leita sér meðferðar hefur fjölgað mikið síðustu ár á Íslandi. Þar á ungt fólk einkum í hlut. Skaðleg líffræðileg áhrif kannabisneyslu eru þekkt, svo og tengsl við neyslu annarra fíkniefna, s.s. amfetamíns. Á grundvelli þessarar vitneskju er mikilvægt að börn og unglingar láti ekki blekkjast af rangfærslum um kannabisefni, heldur afli sér hlutlægra upplýsinga. Til þess þurfa þau stuðning, upplýsingar og hvatningu af hálfu foreldra, kennara og annarra sem eiga að standa vörð um hag og velferð þeirra.

## 26. júní 2010 - 26. júní 2011

Vakingarátakið felst í því að virkja, hvetja og styrkja foreldra í forvörnum. Liður í því er að minna á verkefnið laugardaginn 26. júní og vekja athygli á mikilvægi samstarfs og þátttöku sem flestra sveitarfélaga, heimila og félagasamtaka í landinu. Á næstu vikum og mánuðum verða starfandi félög og klúbbar í stærstu sveitarfélögunum virkjuð til þátttöku og útfærslu á fræðslu- og kynningarmálum um skaðsemi kannabisneyslu. Öllum sveitarfélögum, stórum sem smáum býðst að taka þátt í hvatningarátakinu sem stendur **í eitt ár, frá 26. júní 2010 til og með 26. júní 2011**.

Lögð verður áhersla á að virkja ungt fólk til þátttöku í verkefninu á hverjum stað. Hver þátttökustaður hefur sinn hátt á útfærslu þótt yfirskriftin sé sú sama um land allt. Sérstaklega verður leitað til vinnuskóla sveitarfélaga, íþróttasamtaka, Jafningafræðslunnar og staðbundinna æskulýðs-og íþróttafélaga um þátttöku.

HEIMASÍÐA VERKEFNISINS:
**www.26juni.is**

26. JÚNÍ
VERUM VAKANDI!

**ÞÁTTTAKENDUR**

Bandalag Íslenskra skáta | Biskupstofa | BRAUTIN - bindindisfélag ökumanna | FÍÆT - félag Íslenskra æskulýðs- og tómstundafulltrúa
FRÆ -Fræðsla og forvarnir | Heimili og skóli | Hvíta bandið | IOGT á Íslandi | ÍSÍ | ÍUT-forvarnir | KFUM-K | Krabbameinsfélag Reykjavíkur
Kvenfélagasamband Íslands | Samstarf um forvarnir - SAMFO | SAMFÉS | Samtök foreldra gegn áfengisauglýsingum | Barnahreyfing IOGT
Samtök skólamanna um bindindisfræðslu - SSB | UMFÍ | Ungmennahreyfing IOGT | VÍMULAUS ÆSKA - Foreldrahús | Vernd - fangahjálp

BRÉF TIL BLAÐSINS

## Naflastrengurinn

Í hinu pólitíska umhverfi Bandaríkjanna er vanalegt að fyrrum varðhundar auðugra sérhagsmunaaðila á borð við banka og fjárfesta verði ráðherrar. Tveir síðustu fjármálaráðherrar Bandaríkjanna komu báðir úr risa bönkum og samanlagt hafa þeir styrkt risa bankana um yfir billjón dollara („trillion dollars“ á ensku).

Í fyrra varð fyrrum varðhundur auðugra sérhagsmunaaðila að viðskiptaráðherra. Gylfi Magnússon var í stjórn Samtaka Fjárfesta á árunum 2001-2007, rétt áður en hann settist í stól viðskiptaráðherra. Ætli að hann hafi klippt á naflastrenginn við sérhagsmuni fjárfesta þegar hann tók að sér að verja hagsmuni almennings?

Á heimasíðu Samtaka Fjárfesta segir: „[...] hefur félagið þann tilgang að gæta hagsmuna fjárfesta gagnvart stjórnvöldum, stjórnmálamönnum, útgefendum hlutabréfa og annarra verðbréfa og fjölmiðlum og öðrum þeim sem áhrif geta haft á hag fjárfesta.“

Gylfi var í stjórn þessa félags á sama tíma og hann átti að gæta hagsmuna almennings sem formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins 2005-2009. Hagsmunir fjárfesta og markmið Samkeppniseftirlitsins við að verja almannahag fara ekki alltaf saman.

Nú í dag þegar Gylfi á að vera að gæta hagsmuna almennings er manni spurn hvað Gylfi gerir þegar hagsmunir almennings og hagsmunir fjárfesta fara ekki saman?

**Jón Þór Ólafsson**






# Fullveldið tryggt í ESB

Evrópumál



**Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir**
forseti Alþingis

Síðastliðið sumar samþykkti Alþingi að fela ríkisstjórninni að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það var söguleg og lýðræðisleg ákvörðun. Á þjóðhátíðardegi okkar 17. júní síðastliðinn samþykkti síðan leiðtogaráð Evrópusambandsins að hefja viðræður við Ísland um aðild að sambandinu.

Góð sátt hefur tekist um skipan samninganefndar Íslands þar sem hver og einn er valinn á grundvelli verðleika og einskis annars. Með henni starfa 10 samningahópar sem í eiga sæti margvíslegir sérfræðingar og fulltrúar hagsmunahópa. Aðalsamningamaður okkar Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra, sem leiðir samningavinnuna, er einn af okkar færustu og reyndustu samningamönnum og eftirsóttur sem slíkur á alþjóðavettvangi.

Vissulega eru skiptar skoðanir um það hvort Ísland eigi að gerast aðili að Evrópusambandinu. Sitt sýnist hverjum – og það er eðlilegt. Það er bæði lýðræðislegt og heilbrigt að við Íslendingar tökumst á um þetta mál og skiptumst á skoðunum um kosti og galla aðildar.

### Hvar á Ísland heima?

Evrópusambandið er engin töfralausn. Enginn heldur því fram. Þá er Evrópusambandið síður en svo fullkomið fyrirbæri, frekar en önnur mannanna verk. Málið snýst heldur ekki um það, heldur hitt; hvort þjónar hagsmunum Íslands betur að standa innan eða utan Evrópusambandsins. Vega kostirnir þyngra en gallarnir?

Niðurstaða Alþingis er að besta leiðin – og sennilega eina leiðin – til að fá úr því skorið á vitrænan hátt sé að fara í aðildarviðræður, semja um aðildarskilmála og gefa þjóðinni færi á að taka upplýsta ákvörðun á grundvelli þess.

Við þurfum að fara kerfisbundið og vandlega í gegnum málaflokkana – sjávarútvegsmál, landbúnað, byggðamál, gjaldmiðilsmál, efnahagsmál og utanríkismál, svo helstu mál séu nefnd – og vega og meta kosti og galla út frá staðreyndum, ekki getgátum.

Þetta er vandasamt verk og vörumst að fara ofan í skotgrafir. Slíkt hefur ekki reynst happadrjúgt hingað til, – og er engri þjóð til sóma. Við þurfum ekki upphrópanir eða áróður, heldur réttar upplýsingar og málefnalega umræðu um það hvað Íslandi er fyrir bestu. Um það hljótum við öll að geta sameinast.

Evrópusambandsaðild snýst ekki bara um einstakar atvinnugreinar, hún snýst líka um grundvallarspurningar. Evrópumálin snúast um hvar Ísland á heima í veröldinni, hvernig samfélagi við viljum tilheyra og hvaða framtíð við viljum búa börnunum okkar.

Þau eru líka grundvallarþáttur í endurreisninni. Hvernig getum við tryggt langtímastöðugleika í íslensku efnahagslífi og traustari umgjörð um atvinnulífið? Hvernig getum við rofið vítahring verðbólgu, vaxta og verðtryggingar sem þekkist hvergi annars staðar í Evrópu?

> Enginn mundi telja að t.d. Danmörk, Írland, Eistland eða Malta hefðu glatað fullveldi sínu við aðild að ESB. Þvert á móti telja þessi ríki að fullveldi þeirra hafi styrkst.

### Evrópusambandsaðild og fullveldið

Evrópusambandsaðild snýst síðast en ekki síst um fullveldi Íslands. Spurningin er: Hvort tryggjum við fullveldi Íslands betur innan eða utan Evrópusambandsins?

Svar mitt er þetta: Ég tel að fullveldi Íslands sé betur tryggt með þátttöku í samstarfi annarra sjálfstæðra og fullvalda ríkja innan vébanda Evrópusambandsins, heldur en utan þess. Ég tel að við Íslendingar getum haft meiri áhrif á eigin mál með því að sitja við borðið þar sem sameiginlegar ákvarðanir eru teknar, heldur en að húka frammi á gangi.

Þetta er einnig niðurstaða ríkjanna í kringum okkur, – sem við berum okkur saman við. Enginn mundi t.d. telja að Danmörk, Írland, Eistland eða Malta hefðu glatað fullveldi sínu við aðild að ESB. Þvert á móti telja þessi ríki að fullveldi þeirra hafi styrkst.

En vissulega þurfum við Íslendingar að halda vel á spilunum ef til aðildar kemur – það þarf að gera í öllu alþjóðasamstarfi ef árangur á að nást. Við munum hafa hlutfallslega fá atkvæði í stofnunum sambandsins en höfum um leið í huga að önnur smærri ríki í Evrópu virðast ekki telja það til trafala. Gleymum heldur ekki að í ýmsum málum innan ESB er krafist samhljóða ákvarðana, og þar hafa smærri ríki jafnmikið vægi og hin stærri.

Mestu skiptir þó þegar þetta er skoðað að í yfirgnæfandi meirihluta mála næst samstaða milli allra ríkja um sameiginlegar ákvarðanir. Evrópusamvinnan er nefnilega í eðli sínu ákveðin málamiðlun sem miðar að því að tryggja hagsmuni allra, ekki bara hinna stóru og sterku. Það er styrkur Evrópusamvinnunnar og við eigum að ganga óhrædd til móts við hana.

### Ber er hver að baki nema sér bróður eigi

Sá sem er einn á báti og óttast samstarf er máttlítill. Sá sem leitar eftir samvinnu við aðra stendur sterkari eftir og getur fengið miklu áorkað. Það er reynsla okkar Íslendinga hvort sem litið er til norrænnar samvinnu, aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu, Sameinuðu þjóðunum, EFTA eða EES. Aðild að Evrópusambandinu er í mínum huga rökrétt framhald.






AF NETINU

### Óvænt hneykslun á boðsferðum



„Áratugum saman fjölmenntu hægri sinnaðir þingmenn, blaðamenn og álitsgjafar í boðsferðir á vegum Atlantshafsbandalagsins. Aðallega til Bruxelles, en einnig til Norfolk og fleiri merkilegra staða. Aldrei man ég eftir, að þeir kvörtuðu yfir ferðunum og lúxus þeirra. Þeir ganga hins vegar af göflunum, þegar Evrópusambandið býður til slíkrar ferðar til Bruxelles. Þeim finnst hneykslanlegt, að sambandið geri vel við nokkra stuðningsmenn sína. Vonandi hafa boðsmenn EBE ekki rekizt á boðsmenn NATO í borginni. Þeir hefðu kannski farið að metast um, hvaða hótel og matarhús í borginni séu fínni en önnur.“

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

### Stundum minn maður

Ég hef ótrúlega blendnar tilfinningar til Össurs sem stjórnmálamanns. Finnst hann stundum góður, stundum (aðeins oftar kannski) óþolandi froðusnakkur.

Eiginlega eru tilfinningar mínar gagnvart honum á pari við þá hlið sem hann birtir hverju sinni.

Núna hins vegar, þakka ég fyrir hvatvísi karlsins.

blog.eyjan.is/jenny

**Jenný Anna Baldursdóttir**

# OFUR TILBOÐ

## 25.-30.JÚNÍ

## 35% AF ÖLLUM

### SILENCE DÝNUM OG YFIRDÝNUM



OG VIÐ MEINUM ÖLLUM
SILENCE DÝNUM OG YFIRDÝNUM!



© ILVA Ísland 2010

**SUMARLEIKUR**

**4. júní - 19. júlí**

Komdu í verslun okkar og taktu þátt í sumarleiknum þar sem þú gætir unnið sumarhúsgögn í garðinn að andvirði **240.000,-** Dregið verður 21. júlí

ILVA kaffi

Grilluð samloka m/skinku og osti (borið fram með salati).
**395,-**



VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30

# Ég er ekki kristinn frekar en Jesús

**Hver var Jesús frá Nasaret og hvaða áhrif hafði hann á þá sem urðu á vegi hans? Þessar spurningar tekst Njörður P. Njarðvík rithöfundur á við í nýju smásagnakveri, *Hver ert þú?* Í samtali við *Bergstein Sigurðsson* segist Njörður ekki líta á Biblíuna sem guðsorð heldur mannanna verk. Mikilvægt sé að skoða ævi Jesú með opnum huga og þekkingarleit að leiðarljósi.**

Ástofuborðið hefur Njörður P. Njarðvík raðað á fjórða tug bóka sem allar fjalla um Jesúm Krist með einum eða öðrum hætti. Hann vill gefa blaðamanni nasasjón af því efni sem hann hefur grúskað í í gegnum árin til að öðlast innsýn og skilning á lífi og boðskap Jesú frá Nasaret. Sú vinna hefur borið ávöxt í nýju smásagnasafni sem nefnist Hver ert þú? Þar eru þekktar frásagnir af Jesú færðar í nýjan búning og sagðar frá sjónarhorni þeirra sem urðu á vegi frelsarans.

„Á ákveðnu stigi fór ég að velta þessum manni og kenningum hans mikið fyrir mér,“ segir Njörður. „Ég byrjaði á því að reyna að átta mig á því hvað hann hafði sagt um ákveðin fyrirbæri, fyrirgefninguna, guðsríki og fleira. Þá fletti ég Nýja testamentinu fram og aftur og í framhaldinu tók ég þetta saman í uppflettiritið Orð Krists, sem kom út 1995. Mér er minnisstætt að prestur einn sagði þá við mig: Af hverju ert þú að þessu, hvað kemur þér þetta við? Ég svaraði því til að ég hefði ekki gert mér grein fyrir því að Jesús væri einkaeign presta.“

Ári síðar efndi Kjalarnesprófastsdæmi til héraðsfundar og bað nokkra listamenn úr ólíkum greinum að vinna út frá sömu ritningargrein. Njörður var þá beðinn um að skrifa sögu úr öðrum kafla Markúsarguðspjalls og skrifaði þá fyrstu söguna í smásagnasafninu.

„Það varð ekkert meira úr því í bili,“ segir hann „en síðan fór að hvarfla að mér að skrifa nokkrar sögur á svipaðan hátt, það er að segja sögur í fyrstu persónu, sem fjalla um fólk sem hitti Jesú án þess að vita nokkuð um hann. Þegar þú lest Nýja testamentið veistu hvernig fór. Guðspjallamennirnir túlka atburði og þeir skálda. Það er margt í Nýja testamentinu sem á sér enga stoð. En það veit enginn hver Jesús var. Ég veit það ekki þú veist það ekki– enginn veit það. Þess vegna segir spyr allt þetta fólk hann í sögunum: Hver ert þú? Ég er þá að spyrja sjálfan mig um leið: Hver var hann? Í raun og veru finnst mér við enn standa dálítið ráðvillt frammi fyrir boðskap hans.“

> Hvað er að vera kristinn? Er það að fara með trúarjátninguna eða að reyna að breyta samkvæmt kenningum Jesú? Ég held því fram að sannleikur manna birtist ekki fyrr en í breytni.




**HVER ER JESÚS?** „Ég er þá að spyrja sjálfan mig um leið: Hver var hann? Í raun og veru finnst mér við enn standa dálítið ráðvillt frammi fyrir boðskap hans,“ segir Njörður P. Njarðvík.

## Endurspegla áherslur Jesú

Njörður kveðst með þessu ekki vera að bregða sér í hlutverk guðspjallamanns. „Alls ekki. Þetta er vandmeðfarið þegar Jesús talar. Jesús skrifaði ekki neitt og við höfum engin orð beint frá honum sjálfum. Öll trúarbrögð byggjast á frásögn. Frásögn verður til eftir á og öll frásögn er ófullkomin og speglar ekki nema hluta af því sem gerist. En þegar Jesús talar nota ég heimildir sem eru til í að minnsta kosti 95 prósentum tilvika. Ég nota ekki bara rit Nýja testamentisins í Biblíunni, það eru til fleiri textar, til dæmis Tómasarguðspjall og fleiri brot sem hafa varðveist og fundist.

Ef við erum að rannsaka ákveðið fyrirbæri og nýjar heimildir finnast þá bætum við þeim við, ekki satt? Kirkjan gerir þetta ekki. Hún tekur ekki nýjar heimildir inn í Nýja testamentið. Það er búið að ákveða í eitt skipti fyrir öll hvað má vera í Nýja testamentinu og hvað ekki. Í þessu felst ákveðin stöðnun. Þess vegna nota ég önnur rit sem eru ekki viðurkennd í þessum kanónísku ritum, sem svo eru kölluð. Mér þykir margt í þeim ritum mjög merkilegt og það sem Jesús segir í bók minni er einhvers konar viðleitni af minni hálfu til að endurspegla það sem hann lagði áherslu á.“

## Skáldskapurinn í Nýja testamentinu

Njörður gefur lítið fyrir hvort hann sé með þessu í eins konar guðfræðilegu andófi. „Ég er ekki guðfræðingur og Jesús frá Nasaret var ekki guðfræðingur. Við vitum ekki hvort hann var læs og skrifandi. Við vitum svo lítið um Jesú. Í nýju Biblíunni er Markúsarguðspjall 26 blaðsíður. Það er ekki mikið um einn mann.

En ég lít ekki svo á að Biblían sé guðsorð heldur mannanna verk og ég tel líka að það sé ekki hægt að stöðva þekkingarleit. Vitur maður sagði eitt sinn: Þú skalt sækjast eftir þeim sem leitar sannleikans en forðast þá sem hafa fundið hann. Kirkjan setur þetta fram sem staðreynd, en þetta er ekki staðreynd. Þetta eru frásagnir; dýrmæt mýta. Margt í Nýja testamentinu er hreinn skáldskapur. Eitt átakalegasta atvikið í píslarsögunni er að mínu mati þegar Jesús er að biðjast fyrir í Grasagarðinum, kvöldið sem hann er handtekinn. Þegar hann fer afsíðis og biðst fyrir eru lærisveinarnir sofandi en samt fáum við að vita hvað hann sagði. Hver heyrði það? Enginn, þetta er skáldskapur. Ég bý til mann sem er þarna á gangi í örvæntingu sinni en í raunveruleikanum varð enginn vitni að þessu.“

## Þekkingarleit með opnum huga

Um túlkun sína á orðum og áhrifum Jesú segist Njörður vilja leggja áherslu á opinn huga sem er reiðubúinn að endurskoða hvað sem er með nýrri þekkingu og er sífellt leitandi.

„Ég held að í þessu þurfum eins og í öllu öðru að leitast við að skilja upprunann. Þarna kemur fram maður sem er heill, hefur hugrekki til að vera hann sjálfur á hverju sem gengur. Hann boðar okkur kærleika, hann sýnir sjálfur ópersónulegan kærleika til allra manna og gengur svo langt að hann hálfpartinn afnemur boðorðin, þegar hann segir: Nýtt boðorð gef ég yður, að þér elskið hver annan. Þetta er ekki mjög flókið. Ef við færum eftir því væri ansi margt breytt í heiminum. Hann varaði sjálfur við þeim sem vildu koma og predika í hans nafni. Það hefur nú aldeilis gerst.“

## Jesús var ekki kristinn

Njörður segir að ekki megi heldur gleyma því að Jesús frá Nasaret var ekki kristinn. „Það eru fylgismenn hans sem eru sagðir kristnir. Jesús minnist aldrei á ný trúarbrögð. Það er Páll frá Tarsus, sem margir kalla postula en ég ekki, sem býr til úr Jesú guðshugmyndina. Það kemur einnig fram hjá guðspjallamönnunum, á mismunandi hátt þó. Sumir gera ráð fyrir því frá upphafi að hann sé guð sem hafi orðið hold. En þegar Jesús deyr tekur bróðir hans Jakob við söfnuðinum. Hann var andvígur túlkun Páls og í byrjun eru mismunandi söfnuðir sem myndast út frá kenningum hans.“

Njörður er ekki formlegur meðlimur í neinu trúfélagi. Spurður hvort hann líti samt á sig sem kristinn er hann fljótur til svars. „Nei, ég er ekki kristinn frekar en Jesús frá Nasaret. En það má bæta við: Hvað er að vera kristinn? Er það að fara með trúarjátninguna eða að reyna að breyta samkvæmt kenningum Jesú? Ég held því fram að sannleikur manna birtist ekki fyrr en í breytni. Í Jakobsbréfi segir eitthvað á þá leið að það sé ekkert gagn að trú ef hún er ekki sýnd í verki.“

En þótt Njörður skilgreini sig ekki sem kristinn samkvæmt skilgreiningu kirkjunnar er Jesús að hans mati eftirsóknarverð fyrirmynd. „Að sjálfsögðu. Það er hægt að líta svo á að hann sé kannski næst því sem við ættum að vera. Í Maríuguðspjalli, sem er um Maríu Magdalenu, hefur hún eftir Jesú: „Sáðkorn hins sanna manns er innra með yður. Leitið að því. Hver sem leitar þess mun finna það.“ Þetta er mjög svipað því sem boðað er í búddisma. Þar er sagt: Búddaeðli er í hverjum einasta manni. Ég held að ef við ætlum að leita að kjarna lífsins og skilja, þá verðum við að leita að innsta kjarna okkar sjálfra.“

## Hljómsveitin Árstíðir

Hljómsveitin Árstíðir leikur angurværa og þjóðlaga-skotna tónlist, en krafturinn er sjaldnast langt undan. Hljóðfæraskipan bandsins er með óhefðbundnu sniði, en hún samanstendur af þremur kassagíturum, píanói, sellói og fiðlu, auk þess syngja allir meðlimir bandsins. Fyrsta plata sveitarinnar kom út í júní á síðasta ári og hafa tvö lög af plötunni setið í efsta sæti vinsældarlista Rásar 2.
www.arstidir.com





# TÖFRANDI TÓNAR Á JÓNSMESSU

**Laugardagskvöldið 26. júní** bjóða Bláa Lónið og Grindavíkurbær upp á hina árlegu Jónsmessugöngu á fjallið Þorbjörn. Töfrandi tónar hljómsveitarinnar **Árstíða** munu leika um hlustir göngufólks við varðeld á fjallinu og spilar sveitin áfram til miðnættis í Bláa Lóninu þar sem gangan endar.

Gangan hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár en hér er um að ræða skemmtilega afþreyingu fyrir alla fjölskylduna. Lagt verður af stað frá Sundlaug Grindavíkur kl. 20:30 og er áætlað að ferðin taki um tvær og hálfa klukkustund. Hópstjóri verður með í för en allir eru á eigin ábyrgð.

Enginn þátttökukostnaður er í gönguna og tilboð verður í Bláa Lónið, aðgangseyrir aðeins **1.400 kr**. Það verður jafnframt opið til miðnættis þetta kvöld.

Kynnisferðir verða með sætaferðir til Grindavíkur frá BSÍ klukkan 19:30 og SBK frá Reykjanesbæ kl. 20:00. Sætaferðir frá Bláa Lóninu verða til Grindavíkur kl. 00:30 og Reykjanesbæjar og Reykjavíkur kl. 01:00.

Verð fyrir sætaferðir:
Reykjanesbær – Sundl. Grindavíkur – Bláa Lónið – Reykjanesbær: 1.500 kr.
BSÍ – Sundlaug Grindavíkur – Bláa Lónið – BSÍ: 3.200 kr.
Bláa Lónið – Sundlaug Grindavíkur: 500 kr.

## 1.400 kr. í Bláa Lónið

Gildir gegn framvísun miðans 26.–27. júní 2010.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Lykill 1661

BLUE LAGOON ICELAND

GRINDAVÍKURBÆR

Reykjavik Excursions KYNNISFERÐIR

www.bluelagoon.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 10-1078



Einhell

Vnr. 74830064

**Sláttuvél** 49.990

EINHELL sjálfdrifin sláttuvél, 135cc fjórgengismótor, sláttubreidd 46 cm. Stærð safnpoka 60 l.

ÓDÝRT

BOSCH

Vnr. 74890323

**Sláttuorf**

BOSCH EASYTRIM rafmagnssláttuorf, 280W. Sláttubreidd 23 cm. Orfið er aðeins 1,6 kg á þyngd. Kjörið til að slá meðfram beðum og köntum.

5.990





BOSCH

Vnr. 74891130

**Sláttuvél** 23.990

BOSCH ROTAK 320 sláttuvél, 1000W, sláttubreidd 32 cm, stillanleg sláttuhæð frá 2-6 cm.



GLÆSILEGU STERLING GRILLIN ERU KOMIN AFTUR

39.900

Vnr. 50657144

**Gasgrill**

STERLING gasgrill með tveimur brennurum, grillflötur 50x32 cm, efri grind 50x24 cm og hitamælir. Postulínshúðuð grillgrind, neistakveikjari, hitadreifiplata og hliðarborð. 8,8 kW.

## FRÁBÆR KAUPAUKI MEÐ GRILLUM:

sodastream



SodaStream tæki ásamt gashylki sem dugar í 60 lítra. 1 l plastflaska fylgir með grillum yfir 39.900 kr.

**Verðmæti: 13.990 kr.**

**Gildir aðeins laugardaginn 26. júní og sunnudaginn 27. júní.**



11.990

Vnr. 50632105

**Ferðagasgrill**

MR GRILL ferðagasgrill, grillflötur 30x37cm, efri grind, hitadreifiplata. Þrýstijafnari og slanga fylgja ekki. Hægt að nota við flestar gerðir gaskúta. 2,6 kW.



ÓDÝRT

1.690

Vnr. 88098157-8

**Útilegustóll**

Útilegustóll, grænn eða blár.

## Gott að eiga



HREINSIR OG KLÓSETTPAPPÍR FYRIR FERÐAKLÓSETT

12.990

Vnr. 87977157

**Ferðaklósett**

Ferðaklósett, 20 l.



Samanbrjótanlegur kælipoki og fellikarfa. Einfalt í notkun.

1.990

Vnr. 87978050

**Kælipoki**

Kælipoki 32 l, með fellikörfu. Sniðug lausn í ferðalagið.



Vnr. 87977142

**Kælibox**

Kælibox, 25 l, 12V.

8.990

## Flott tjöld í mörgum stærðum og gerðum!



2.990

Vnr. 88015950

**Tjald**

Tjald fyrir 2.

Vnr. 88015952

**Tjald** 6.990

Tjald fyrir 3.

Vnr. 88015959

**Tjald** 15.990

Tjald fyrir 4.

Vnr. 88015956

**Tjald** 19.990

Tjald fyrir 5.

EXPO · www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

# Allt fyrir ferðalagið í BYKO!




**Líf og fjör í BYKO Breidd og Kauptúni!**

Pylsa og Pepsi handa öllum í dag frá kl. 12-15 í BYKO Breidd og Kauptúni.

# Ferðahátíð í BYKO Kauptúni í dag!

Fremstu ferðaþjónustufyrirtæki landsins kynna starfsemi sína með skemmtilegum tækjum og tólum milli kl. **13 og 17.**

## Vinnur þú gjafabréf?

**Öll fyrirtækin gefa spennandi gjafabréf fyrir heppna viðskiptavini BYKO!***



Hoppukastali fyrir káta krakka!

Reykjavík Excursions kynna fjölbreyttar ferðir sínar

Elding kynnir hvalaskoðun, sjóstöng og Viðeyjarferðir

Adventurebox kynna einstakar ævintýraferðir

Kajakaferðir Stokkseyri kynna frábærar kajakaferðir

Bikingviking kynnir meiriháttar mótorhjólaferðir um landið

Veiðikortið kynnir vatnasvæði sem í boði eru

Farfuglar kynna starfsemi sína um allt land

ICELIMO kynnir ferðir sínar og lúxusbílaþjónustu

*Vinningshafar munu birtast á www.BYKO.is um leið og dregið verður.

# 20% afsláttur

af öllum trjám og sumarblómum

Fást í BYKO Breidd, Kauptúni og Granda.



BYKO

# Sumarfríssögur með stóru S-i

Hvað lesa bókaormar þegar þeir eru í fríi? Og hvað vilja þeir endilega að aðrir lesi? *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* hafði samband við nokkra Íslendinga sem sjaldan sjást nema með bók við hönd og fékk úr því skorið. Lýsingarorðin sem fylgdu voru mörg og misjöfn.

## Á kafi í verkum íslenskra skáldkvenna







„Ég mæli nú með, fyrir þau sem eru svo heppin að eiga hana eftir, að grípa með sér í fríið Hið fullkomna landslag eftir Rögnu Sigurðardóttur, sem kom út fyrir síðustu jól. Það er glerfín skáldsaga, með slettu af krimma og íslenskri myndlistarsögu,“ segir **Þorgerður Agla Magnúsdóttir**, framkvæmdastjóri Bókmenntasjóðs. Fyrir yngri lesendur mælir hún eindregið með bókinni Aþenu (ekki höfuðborgin í Grikklandi) eftir Margréti Örnólfsdóttur. „Það er alveg óskaplega skemmtileg bók!“ Sjálf er Agla búin að lesa fyrrnefndar sögur ofan í kjölinn og ætlar því ekki að taka þær með sér í fríið. Hún er þó ekki búin að afgreiða hverja einustu íslensku skáldkonu og ætlar að drekka verk einnar af þeim goðsagnakenndu í sig í sumar. „Ég uppgötvaði einn laugardagsmorguninn mjög nýlega, mér til mikillar ánægju, að ég hefði loksins öðlast þroska til að lesa og njóta verka Guðrúnar frá Lundi. Fann við það tækifæri í bókaskápnum í stofunni geipifína bók eftir Guðrúnu frá 1964, Hvikul er konuást. Hún er fyndin og dramatísk og falleg og ferleg – allt í bland.

Svo er spurning hvort sumarið gefi mér tíma til að detta ofan í stórvirkið Dalalíf, allar 2000 og eitthvað blaðsíðurnar. Það hlýtur að teljast algerlega bráðnauðsynlegur undirbúningur fyrir heitustu útihátíð sumarsins – „Er enn líf í Hrútadal?“ - sem haldin verður skáldkonunni til heiðurs að Ketilási í Fljótum, 14. og 15. ágúst næstkomandi.“

## Myndasögu fyrir snobbaðan landann

„Ég myndi velja myndasöguútgáfuna af Glerborginni eftir Paul Auster fyrir íslenskan vin vegna þess að landinn er svo snobbaður að hann les helst ekki myndasögur á almannafæri,“ fullyrðir **Þórarinn Leifsson**, rithöfundur og myndskreytir. „Til að bæta gráu ofan á svart get ég aðeins útvegað bókina í spænskri útgáfu en þannig heitir hún Ciudad de cristal. Svo myndi ég láta fylgja með eina reðurtáknsbók úr jólabókaflóðinu. Svona þessa-verða-allir-að-lesa bók. Áttahundruð síður um fornhetju að skaka sér á sauðkind í bundnu máli. Myndi líma allar síðurnar saman og bíða svo spenntur eftir því að heyra viðkomandi dásama þessa yndislegu bók eftir sumarfríið.“

Sjálfur ætlar hann hins vegar að velja








**ÞÓRARINN LEIFSSON** Hefur lengi ætlað sér að lesa bókina Odio Barcelona og ætlar að láta verða að því í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sér bók sem hann hefur trassað lengi að panta sér. „Það er Odio Barcelona, ástar- og hatursuppgjör tólf spænskra ungskálda við heimaborg sína. Ég bjó í Barcelona í tvö ár og þekki vel þá tilfinningu paradísarmissis sem lýst hefur verið í umsögnum um bókina. Það væri yndislegt að liggja úti í íslenskri náttúru með blóðbergslykt fyrir vitum sér og lesa bitrar greinar reiðra ungra manna og kvenna um túrista sem ráfa gargandi niður Römblurnar í gæsa- og steggjunarferðum.“

## Fyrir þá sem vilja læra um íslenskt mannlíf







„Auðvitað veit ég það vel hvað ég ætla að lesa í fríinu mínu,“ segir **Guðni Kolbeinsson** þýðandi sem þurfti engan umhugsunarfrest þegar hann var inntur eftir því hvaða bók fengi að fara með honum í sumarfrí. „Ég ætla að lesa Hornstrendingabók eftir Þórleif Bjarnason. Ég er að fara til Hornstranda í sumar og þess vegna liggur það beint við að lesa þessa bók.“

Öðrum sem ekki eru eins bókhneigðir og vantar hugmynd að lesefni ráðleggur hann að leita í brunn sama höfundar. „Ég ráðlegg öllum sem vilja vita eitthvað um íslenskt mannlíf að lesa bókina hjá Afa og ömmu eftir Þórleif Bjarnason. Þetta er falleg og mannbætandi bók sem fjallar um uppvaxtarár Þórleifs hjá afa sínum og ömmu. Ég er búinn að lesa þessar bækur margoft, báðar tvær. Ætli ég verði ekki með þær báðar með mér.“

## Furðulegheit í bland við annað



**AUÐUR JÓNSDÓTTIR RITHÖFUNDUR** Rakst nýverið á bókina Sálumessu syndara, ævisögu Esra Péturssonar, og fannst hún svo furðuleg að hún verðskuldar að fá að koma með henni í sumarfríið.










**Auður Jónsdóttir** mælir með því við aðra að lesa bókina Never Let Me Go eftir Kazuo Ishiguro. „Þetta er nístandi sterk saga um börn sem eru alin upp til að vera líffæragjafar. Hún umbreytir lesandanum þótt hann fari ekki lengra en á næsta tjaldstæði.“

Sú bók fæst ekki á Íslandi en Auður bendir á að hana megi panta. Af bókum sem nálgast má í bókabúðum hér nefnir hún bókina Hamingjan hjálpi mér I og II eftir Kristínu Ómarsdóttur. „Fyrri sagan fjallar um hjón sem leika sér stöðugt við mömmu konunnar, mátulega stutt fyrir svefninn og örvar hláturstöðvarnar í hrollkaldri útilegunni.“

Sjálf ætlar Auður að sökkva sér í sakamálasöguna The Fourth Bear eftir Jasper Forde í sumar. „Þetta er sakamálasaga þar sem ólíkar persónur úr bókmenntunum ráða ráðum sínum. Rannsóknarlöggan berst við mannorðsmorð eftir að hafa klúðrað Rauðhettu-rannsókninni meðan Dorian Gray selur bíla sem eldast aðeins á mynd og fólk skálar á Hótel Deja-Vu. Þetta er sumarfríssagan með stóra ESSINU – og hluti af bókaflokki sem dugar í nokkur frí.“

Og þar verður ekki settur punktur við sumarbókalista Auðar. Hún ætlar líka að lesa bókina Sálumessu syndara, ævisögu Esra Péturssonar, sem hún er nýbúin að uppgötva. „Þetta er ein furðulegasta bók sem ég hef lesið en líkt og margar íslenskar ævisögur leynist hún víða í sumarbústöðum og áhugavert að glugga í hana á björtum andvökunóttum.“

Að síðustu nefnir Auður bókina Everything Is Illuminated eftir Jonathan Safran Foer. „Því það er eina bókin sem ég man eftir þar sem hundur fróar sér á höfundi sínum (já höfundi, ekki eiganda) í þröngsetnu bílferðalagi.“

## Höfundur í misgripum á leslista sumarsins



**GERÐUR KRISTNÝ** Ætlar að lesa bókina In The Kitchen eftir Monicu Ali í sumar. Alveg óvart reyndar, því hún ruglaði saman rithöfundum og taldi sig vera að kaupa bók eftir Ali Smith, höfund The Accidental. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Í gær vatt ég mér inn í Eymundsson, einmitt til að kaupa mér bók fyrir fríið. Fyrir valinu varð In the Kitchen eftir Monicu Ali. Ástæðan er einföld, ég ruglaði Monicu Ali saman við Ali Smith, höfund The Accidental sem er frábær bók,“ segir **Gerður Kristný Guðjónsdóttir** rithöfundur. „Nú sit ég sem sagt uppi með eldhúsið hennar Monicu en ég kippi því vitaskuld með norður í land og hlakka til að sjá hvað leynist í efstu skápunum.“

Fyrir aðra mælir hún með tveimur bókum sem báðar bera titla með vísan í dýr. „Í Eymundsson rak ég augun í mikla uppáhaldsbók í fallegri kiljuútgáfu, Cat's Eye eftir Margaret Atwood. Þetta varð til þess að ég króaði afgreiðslustúlkuna af, horfði djúpt í augu hennar, blakaði bókinni framan í hana og sagði: „Lestu þessa!“ Þeir sem vinna í miðbænum eru vanir hvers kyns undarlegheitum







og því tók hún þessari framkomu mjög vel og lofaði meira að segja að lesa bókina.“

Fyrir stuttu fékk hún svo bókina Dýrin í Saigon eftir Sigurð Guðmundsson í afmælisgjöf og skemmti sér konunglega yfir henni. „Ég ráðlegg fólki því bæði að taka kattaraugun og dýrin hans Sigurðar með sér í fríið. Það besta er að það má taka þau með sér inn á hvaða hótel og tjaldstæði sem er.“


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B
SPARAÐU MEÐ BÓNUS OPNUM KL.10.00
179
KR.2 LTR.
149
KR.2 LTR.
565
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 664 KR.KG 15% AFSLÁTTUR
Hunts tvenna
398
KR. PK
TÓMATSÓSA 680G
BBQ SÓSA 612G
Sérskorið ferskt lambalæri
Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt á lærinu og minna bein !
1259
KR.KG
BÓNUS FERSKT LAMBALÆRI
FRÁBÆRAR UPPSKRIFTIR Á MATREIÐSLU Á LAMBALÆRI Á www.bonus.is
259
KR. STK
MYLLU MÖNDLUKAKA 420G
298
KR.PK
DILETTO LUXUS KAFFI
BAUNIR & MALAÐ 400G
VINSÆLAST Á GRILLIÐ Í BÓNUS
998
KR.KG
KS FROSNAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR
259
KR. STK
PRINGLES TVÆR GERÐIR
198
KR. BK
BÖKUNARKARTÖFLUR Í ÁLI 700G
NÝTT Í BÓNUS
998
KR.KG
FERSKUR HROSSAVÖÐVI KRYDDAÐUR
1998
KR.KG
GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR 1.FLOKKUR
1259
KR.KG
DANSKAR GRÍSALUNDIR 1.FLOKKUR
HOLLT & GOTT HOLLT & GOTT HOLLT & GOTT HOLLT & GOTT HOLLT & GOTT HOLLT & GOTT HOLLT & GOTT HOLLT & GOTT
NÝTT Í BÓNUS
359
KR.STK
KARINAT FROSIN BLÁBER & BERJABLANDA 600G
250ml flaska 298 kr.
pick me up.
in fruit we trust.
one ingredient: fruit.
no bad stuff. zilch, zero, nada.
froosh
NÝTT Í BÓNUS
298
KR.STK
NÝR FERSKUR ANANAS 1,9 KG
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

# Heiðurshjónin á veitingabílnum

**Á leiðinni út úr bænum í austurátt verða ferðalangar ekki sviknir af því að stoppa við í veitingabílnum Seylon á Selfossi. Þar ráða ríkjum hjónin Jean-Rémi frá Frakklandi og Renuka Perera frá Srí Lanka.** ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir og Stefán Karlsson,*** **ljósmyndari Fréttablaðsins, fóru í vettvangsferð á Selfoss og sneru þaðan með fullan maga, ljúft bragð í munni og sögu að segja.**

Jean-Rémi kemur keyrandi á móti blaðamanni og ljósmyndara Fréttablaðsins út á þjóðveginn, miðja vegu á milli Selfoss og Eyrarbakka. Við eltum hann heim að húsi hans, þar sem tvö forvitin og prakkaraleg stráksandlit horfa á okkur út um gluggann. Úti á veröndinni er Renuka að gera veitingabíl þeirra hjóna tilbúinn fyrir annir dagsins. Hún tekur hlýlega á móti gestunum, leiðir þá inn í nýja húsið sem þau hjónin byggðu sjálf af dugnaði og býður mangósafa og kaffisopa að drekka.

Jean-Rémi er franskur tónlistarmaður og enskukennari að mennt. Renuka er veitingakona af lífi og sál frá Srí Lanka. Sagan af því hvernig þau enduðu hér, með krakkaskara úti á íslenskri landsbyggð, er forvitnileg.



**Í STOFUNNI HEIMA** Renuka og Jean-Rémi með syni sína tvo, Símon og Noël. Á myndina vantar elsta soninn, Imesha, en hann var í bæjarvinnunni þegar gesti bar að garði.



**Í LÚGUNNI** Jean-Rémi tilbúinn að taka á móti fyrstu kúnnum dagsins í veitingabílnum Seylon. Þau hjónin vinna þar saman flesta daga en skiptast á þegar öðru þarf að sinna.



**MEÐ KISUNNI SINNI** Símon og Noël sýndu ljósmyndara Fréttablaðsins kisuna sína með stolti.

### Ást í Alþjóðahúsinu

Renuka og Jean-Rémi kynntust hér á landi árið 2003. Á þeim tíma var Renuka að vinna sem húsvörður hjá Alþjóðahúsinu. Þar var opið hús á föstudagskvöldum sem margir útlendingar sóttu. Þeirra á meðal var ungi fransmaðurinn Jean-Rémi. Þau Renuka og Jean-Rémi urðu fljótlega vinir en það varð þó ekkert á milli þeirra strax, enda hafði Renuka í hyggju að flytja til London. Til þess að gera það varð hún hins vegar að læra ensku og þar kom Jean-Rémi sterkur til sögunnar. Hann var nefnilega lærður enskukennari, boðinn og búinn að hjálpa vinkonu sinni að læra nýtt tungumál. „Þetta varð nú aldrei meira en einn tími,“ segir Jean-Rémi og brosir út í eitt á meðan Renuka skellihlær og segir: „Ég skulda honum enn þá fyrir þessum tíma. Ég borgaði hann aldrei.“

Eftir þennan eina tíma fóru þau nefnilega að vera saman, Renuka lagði plön um að flytja til London á hilluna og þau fóru að byggja upp sitt líf hér.

### Hollur skyndibiti á Seylon

Undanfarin ár hefur Jean-Rémi verið við tónlistarnám en hann útskrifaðist með BA-próf í gítarleik frá Listaháksóla Íslands í fyrra. Nú hefur hann minni tími til að spila en áður, sem Renuku þykir synd. „Hann spilar ekki mikið núna og ég er ekki ánægð með það. Ég elska þegar hann spilar!“ segir hún, ánægð með manninn sinn. Það er þó góð ástæða fyrir þögn hljóðfæra hans, en þau Jean-Rémi og Renuka stofnuðu nýverið veitingastað á hjólum sem þeirra vinnu- og frítími fer nú í að mestu leyti. Staðurinn heitir Seylon og stendur við Austurveg 36 á Selfossi. Hann var kærkomin tilbreyting í flóru skyndibita á staðnum, enda hefur honum verið vel tekið á Selfossi. Og fólk úr nágrannabæjum gerir sér jafnvel ferð yfir á Selfoss fyrir bitann.

> Við drekkum ekki og reykjum ekki, heldur söfnum bara!

Á Seylon er lögð áhersla á að nota ferskt hráefni og léttar sósur. Það er Renuku mikið hjartans mál, en henni finnst Íslendingar ekki hugsa nógu vel um hollustuna og allt of gefnir fyrir skyndibitann. Í boði eru réttur dagsins, naanlokur með tandoori-kjúklingi eða kebablambi. Í eftirrétt er meðal annars hægt að fá desert sem Renuka býr til sjálf og er blanda af skyri, örlitlum rjóma, ferskum mangó og hrásykri. Hann rennur ljúflega niður eins og naan-lokan, það geta blaðamaður og ljósmyndari staðfest, sem gátu ekki staðist mátið að prófa áður en þeir lögðu af stað aftur í bæinn.

### Gamall draumur

Renuku hefur lengi dreymt um að opna veitingastað, en það var Jean-Rémi sem átti hugmyndina að stofnun veitingabílsins. „Renuka var búin að vera svo lengi að elda fyrir aðra og alltaf að vinna mikið fyrir lítinn pening. Áhættan af því að opna veitingastað er mjög mikil, svo þetta var ágæt leið til að prófa hvernig gengur á ódýran hátt.“ Svo þau keyptu sér bíl, breyttu honum í veitingavagn, fengu svo stað á Selfossi og opnuðu í apríl síðastliðnum.

Frá því að Renuka kom fyrst til Íslands, fyrir fjórtán árum, hefur hún alltaf haft eldamennskuna að aðal- eða aukastarfi. Hún hefur unnið sem matráður, bæði í Grandaskóla og í leikskóla, auk þess að hafa lengi starfað sem húsvörður hjá bandaríska sendiherranum, þar sem hún sá líka um að elda tvisvar á dag. Hún lærði ung að elda mat. „Pabbi minn var kokkur í Srí Lanka. Hann kenndi mér aldrei beint að elda, en ég lærði það bara með því að fylgjast með honum. Svo hef ég líka tekið matartækninám í MK en á eftir að klára það, til að fá kokkaréttindin.“

Hún hefur ekki lagt drauminn um að opna alvöru veitingastað á hilluna. „Ef þetta gengur vel opnum við kannski veitingastað.“

### Byggðu sitt eigið hús

Nú heyrist íslenski þjóðsöngurinn óma úr tölvunni sem strákarnir, Noël, sem er fimm ára, og Símon, sem er fjögurra ára, sitja við. Þeir eru að horfa á endursýndan fréttatíma frá því á 17. júní, eitthvað sem mætti ímynda sér að drengir á þessum aldri legðu ekki í vana sinn. Mamma þeirra segir þá alltaf vera að horfa á fréttirnar um leið og hún biður þá að lækka.

Það er gaman að fylgjast með samskiptum fjölskyldunnar. Á heimilinu eru töluð þrjú tungumál. Pabbinn talar við drengina á frönsku, mamman á sinhala, móðurmáli sínu, og strákarnir svara iðulega á íslensku.

Þau eru öll hæstánægð í nýja húsinu sínu, enda byggðu þau það sjálf frá grunni. Þau bjuggu áður í Reykjavík en þegar þau fóru að hugsa um að stækka við sig leituðu þau út fyrir borgina eftir lóð. „Ég er sjálfur frá sveitinni og mér fannst allar lóðir of litlar sem voru í boði annars staðar. Hérna fundum við stóra lóð – hver lóð hérna er einn hektari – og ódýra miðað við í Reykjavík. Svo við keyptum hana og byrjuðum að byggja.“

### Söfnuðu fyrst, keyptu svo

Þau fóru þó ekki íslensku leiðina að því að fjárfesta heldur notuðu þrettán milljónir sem þau höfðu náð að safna sér fyrir húsi. „Við drekkum ekki og reykjum ekki, heldur söfnum bara!“ segir Renuka og hlær. Það sé betra heldur en að taka himinhá lán. „Ég tók námslán en ég notaði þau að mestu til að borga fyrir húsið,“ segir Jean-Rémi. „Svo tókum við tíu milljóna króna lán hjá Íbúðalánasjóði, svo þetta kostaði okkur í heild um 20 milljónir, húsið með lóðinni.“

Og þau gerðu allt sjálf, nema að leggja pípurnar og raflagnirnar. „Við kunnum ekkert að byggja hús, en pabbi minn byggði sjálfur húsið sitt og kenndi mér. Hann kom hingað að hjálpa yfir sumarið, en áður talaði ég mikið við hann í síma og spurði hvernig ætti að gera þetta og hitt. Svo höfðum við húsasmið sem byggingastjóra. Hann kom við af og til og gaf okkur góð ráð,“ segir Jean-Rémi.

Nú á elsti strákurinn á heimilinu, Imesha, loksins sitt eigið herbergi, en frá því yngri bræður hans fæddust hefur hann deilt herbergi með þeim. Enn á samt eftir að binda nokkra lausa enda, svo sem að setja upp hurðirnar í húsinu. „Nú vill hann fá hurð, svo hann geti lesið í friði. Við eigum að vísu hurð, við höfum bara ekki fundið tíma til að setja hana upp enn þá, eftir að við byrjuðum með bílinn!“

Þeir sem urðu pínulítið svangir við að lesa um þau Jean-Rémi og Renuku geta kíkt á vefsíðu Seylon, http://seylon.web.is/, til að æsa enn frekar upp í sér hungrið.



# Til hamingju með ein hjúskaparlög

## Gleðikveðja frá prestum, djáknum og guðfræðingum sem starfa í þjóðkirkjunni og kristnum fríkirkjum á Íslandi

Sólveig Lára Guðmundsdóttir
Elína Hrund Kristjánsdóttir
Íris Kristjánsdóttir
Kristín Þórunn Tómadóttir
Árni Svanur Daníelsson
Sigríður Óladóttir
Guðný Hallgrímsdóttir
Jóhanna Magnúsdóttir
Gylfi Jónsson
Valgerður Hjartardóttir
Rósa Kristjánsdóttir
Kristinn Jens Sigurþórsson
Sigfinnur Þorleifsson
Guðmundur Örn Jónsson
Óskar H. Óskarsson
Toshiki Toma
Sjöfn Þór Mueller Þór
Daniel Mueller Þór
Arna Grétarsdóttir
Yrsa Þórðardóttir
Carlos Ferrer
Bryndís Valbjarnardóttir
Bára Friðriksdóttir
Kjartan Örn Sigurbjörnsson
Jón Helgi Þórarinsson
Sigrún Óskarsdóttir

Sigurður Árni Þórðarson
Gunnbjörg Óladóttir
Baldur Kristjánsson
Þór Hauksson
Ingileif Malmberg
Svanhildur Blöndal
Ævar Kjartansson
Hildur Eir Bolladóttir
Margrét Ólöf Magnúsdóttir
Arnfríður Guðmundsdóttir
Gunnar R. Matthíasson
Gunnar Kristjánsson
Sveinbjörg Pálsdóttir
Hróbjartur Árnason
Bragi Skúlason
Anna Þ. Kristbjörnsdóttir
Karítas Kristjánsdóttir
Ingólfur Hartvigsson
Bolli Pétur Bollason
Guðrún Karlsdóttir
Haukur Ingi Jónasson
Lára G. Oddsdóttir
Hólmgrímur E Bragason
Nína Leósdóttir
Bjarni Karlsson
Jóna Hrönn Bolladóttir
Þórhallur Heimisson

Sólveig Anna Bóasdóttir
Ása Björk Ólafsdóttir
Vigfús Bjarni Albertsson
Irma Sjöfn Óskarsdóttir
Sigríður Guðmarsdóttir
Hans Guðberg Alfreðsson
Ágúst Einarsson
Hjörtur Magni Jóhannsson
Auður Eir Viljálmsdóttir
Fjölnir Ásbjörnsson
Erla Karlsdóttir
Sigríður Rún Tryggvadóttir
Magnús Erlingsson
Hjalti Hugason
Skúli S. Ólafsson
Þórhildur Ólafs
Ursula Árnadóttir
Svala S. Thomsen
Pétur Þorsteinsson
Ármann Hákon Gunnarsson
Sigfús Kristjánsson
Ninna Sif Svavarsdóttir
Þórir Stephensen
Auður Inga Einarsdóttir
Eygló Jóna Gunnarsdóttir
Birgir Ásgeirsson
Dalla Þórðardóttir

Upplýsingar um helgihald í tilefni einna hjúskaparlaga er að finna á
**www.einhjuskaparlog.is**



**SKAGFJÖRÐSSKÁLI Í ÞÓRSMÖRK** Eldrauður bjarminn frá eldstöðvunum á Fimmvörðuhálsi að baki Réttarfells. Fjær á myndinni sést Útigönguhöfði.

# Sjónarspil eldsumbrotanna



Í næstu viku kemur út á vegum Sölku útgáfu ljósmyndabókin **Eldur uppi** eftir *Vilhelm Gunnarsson,* ljósmyndara á Fréttablaðinu. Allt frá því að Vilhelm smellti af einni af fyrstu ljósmyndunum sem tekin var af eldgosinu á Fimmvörðuhálsi fór hann fjölda ferða upp á jökul, með öllum mögulegum farartækjum, til að komast að upptökum eldsumbrotanna. Þá fylgdist hann grannt með afleiðingum gossins á fólk og skepnur á Suðurlandi. Afraksturinn er stórkostleg heimild um ótrúlega tíma í lífi þjóðarinnar.



**GÍGURINN Í EYJAFJALLAJÖKLI** Eldtungurnar teygja sig upp úr toppnum á Eyjafjallajökli og þykkur gosmökkurinn liðast upp úr gígnum, áður en hann svífur yfir sveitirnar til að hrella mannfólkið.



**Á RAUFARFELLI** Hestamaðurinn Heiðar Jónsson reynir að lokka hestana á bænum Raufarfelli út úr húsi sínu, til að flytja þá af hættusvæðinu.

júní 2010

# menning

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

## *Í fótspor Collingwood*

Einar Falur Ingólfsson gefur út nýtt verk þar sem hann endurmyndar ferðalag enska myndlistarmannsins W.G. Collingwood frá 1897.

SÍÐA 2





## *Harmsaga Reykjavíkur*

Ófeigur Sigurðsson vill fá Gröndalshús aftur á sinn stað frekar en enn einn minnisvarðann um hugsunarleysi í skipulagsmálum.

SÍÐA 4

# *ÍMYND, SÉRSTAÐA, MARKAÐUR*



**Ferðamenn í hvalaskoðun. Alls 700 milljónir voru lagðar í kynningarátakið Inspired by Iceland af ríki og hagsmunaaðilum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

Eftir hremmingar ferðaþjónustunnar í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli er hún farin að rétta úr kútnum. Svanhildur Konráðsdóttir ræðir markaðssetningu Íslands á óvenjulegum tímum.

MENNING BERGSTEINN SIGURÐSSON

Kynningarátakið Inspired by Iceland var sett af stað eftir að Eyjafjallajökull setti flugsamgöngur í heiminum í uppnám. Ríkisstjórnin varði 350 milljónum í átakið en Reykjavíkurborg, Icelandair, Iceland Express, Útflutningsráð og 70 aðrir hagsmunaðaðilar í ferðaþjónustu lögðu til annað eins þannig að úr varð 700 milljón króna pottur. „Já og nei,“ svarar Svanhildur Konráðsdóttir, formaður ferðamálaráðs og Menningar- og ferðamálastjóri Reykjavíkur, spurð hvort hægt sé að mæla árangur markaðsátaksins eftir aðeins tvo mánuði. „Markmiðið með verkefninu var að ná að minnsta kosti þeim fjölda sem menn höfðu spáð að kæmi í ár. Tíminn á eftir að leiða í ljós hvort það tekst en við sjáum það í tölum frá flugfélögum og frá stórum og smáum ferðaþjónustuaðilum, að ferðamannastraumurinn er að glæðast; það er himinn og haf milli þess sem er nú og þess sem var í byrjun maí. Gestafjöldi hrundi ekki aðeins á meðan á gosinu eða erfiðleikum í flugþjónustu stóð, heldur fóru bókanir fyrir sumarið, sem koma

FRAMHALD Á SÍÐU 6


Lykill fortíðar



Minjasafn Reykjavíkur

Aðalstræti 16

www.reykjavik871.is

Reykjavík 871 ±2

Landnámssýningin The Settlement Exhibition

Landnámssýningin við Aðalstræti veitir gestum tækifæri til að skyggnast inn í lífið á landnámsöld. Einstök margmiðlunartækni gerir gestum kleift að ímynda sér hvernig lífi heimilisfólks í fyrstu byggð Reykjavíkur var háttað og hvernig umhverfi og landslag borgarinnar var við landnám.

# Íslendingur í hringiðu Napóleonsstyrjalda

Út eru komnar ferðadagbækur Magnúsar Stephensen frá 1807 til 1808. Magnús hefur verið nefndur bjargvættur Íslands í Napóleonsstríðunum.

Árið 1807 gerðu Bretar skotárás á Kaupmannahöfn og gengu Danir þá í lið með Frökkum. Breski flotinn var allsráðandi í Norðurhöfum og hertók flest Íslandsskip. Magnús var í einu þessara skipa og í þremur dagbókarbrotum frá 1807 til 1808 lýsir hann ferð sinni, hertökunni, dvöl sinni í Leith og Kaupmannahöfn tilraunum sínum til að koma landsmönnum til hjálpar.

Anna Agnarsdóttir, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, og séra Þórir Stephensen gefa bókina út. Atburðarásin er um margt ævintýraleg. Magnús er hertekinn af Bretum en fær mjög góða meðferð sakir stöðu sinnar. „Kafteinninn annaðist Magnús afskaplega vel," segir Anna. „Hann borðar með fína fólkinu og æfir sig í frönsku um borð. Hann segir líka frá því að þegar hann kvartar við kafteininn yfir því að sofa illa er sett upp sérstakt hengirúm fyrir hann og eftir það sefur Magnús vel í fyrsta sinn eftir að hann fer frá Íslandi. Í dagbókunum eru margar skemmtilegar sögur sem sýna stöðu hans vel, að mínu mati."

Í dagbókunum lýsir Magnús daglegu lífi en stóratburðir fléttast líka inn í frásögnina. Kóngur deyr og nýr tekur við, sem Magnús fær áheyrn hjá. „Þetta er skemmtileg saga sem segir okkur margt um nítjándu öldina, til dæmis um Napóleonsstríðin en ekki síst hvernig það er fyrir Íslending að vera í hringiðu þessara miklu atburða í heimssögunni. Að því leyti eru dagbækur Magnúsar afskaplega merkileg heimild."

Dagbókarbrotin fundust hvert í sínu lagi. Með útgáfu bókarinnar hafa öll dagbókarbrot sem varðveist hafa eftir Magnús verið gefin út. „Þetta er mjög merkilegt rit og leitt að það skuli vanta í það því maður ímyndar sér að maður eins og Magnús hafi haldið dagbók mjög samviskulega," segir Anna, sem vonar að fleiri dagbókarbrot eftir Magnús komi í leitirnar með tíð og tíma.



**Anna Agnarsdóttir og séra Þórir Stephensen með nýja útgáfu ferðadagbóka Magnúsar frá 1807-1808. Þá hafa öll dagbókarbrot sem varðveist hafa eftir Magnús verið gefin út. Anna vonast þó til að fleiri komi í leitirnar með tíð og tíma.**

**menning** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Sigríður B. Tómasdóttir og Bergsteinn Sigurðsson **Hönnun:** Kristín Agnarsdóttir **Forsíðumynd:** Stefán Karlsson **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

Nánari upplýsingar á vefslóðinni
www.minjasafnreykjavikur.is

Minjasafn Reykjavíkur

ÁRBÆJARSAFN
Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300
www.minjasafnreykjavikur.is



**Svona kom Kóngsbakki W.G. Collingwood fyrir sjónir þegar hann lagði leið sína þangað sumarið 1897. Handan vogsins er Bjarnarhafnarfjall.**



**Sama sjónarhorn séð með linsu Einars Fals rúmri öld eftir að Collingwood málaði mynd sína.** LJÓSMYND/ EINAR FALUR INGÓLFSSON

# COLLINGWOOD Í BÍLSTJÓRASÆTINU

Enski myndlistarmaðurinn, rithöfundurinn og fagurfræðingurinn *W.G. Collingwood* ferðaðist um Ísland sumarið 1897 og teiknaði og málaði rúmlega 300 myndir af íslensku landslagi. Fyrir þremur árum ákvað **Einar Falur Ingólfsson** ljósmyndari að feta í fótspor Englendingsins og mynda ferðaslóðirnar aftur. Nú hefur afraksturinn litið dagsins ljós í nýrri bók: Sögustaðir – Í fótspor Collingwood.

W.G. Collingwood var unnandi Íslendingasagnanna. Þær urðu einmitt kveikjan að Íslandsferð hans. Sumarið 1897 ferðaðist hann, ásamt Jóni Stefánssyni málfræðingi, milli staða sem koma við sögu í fornsögunum og málaði með það í huga að sýna lesendum heima í Bretlandi hvernig sögustaðirnir litu út. Tveimur árum síðar kom bók þeirra Jóns út; A Pilgrimage to the saga steads of Iceland, sem er um leið stórmerkileg heimild um hvernig Ísland leit út í lok 19. aldar.

Einar Falur segist hafa þekkt til verka Collingwood um nokkurt skeið og hrifist mjög af rannsóknum hans . „Ég hef gaman af svonefndri endurljósmyndun," segir hann, „aðferð sem gengur út á að taka gömul verk og endurvinna sömu sjónarhorn. Ég þekkti til verka Collingwood; hafði verið að ræða nálgun hans við vin minn Helga Friðjón Þorgilsson, myndlistarmann, sem hafði einmitt málað myndir út frá verkum hans í Dölunum.

Árið 2007 vann ég stórt verkefni sem var sýnt í Listasafni Reykjaness, þar sem ég myndaði æskuslóðir mínar – staði úr minni fortíð. Í leiðinni fór ég að kanna enn eldri fortíð, það er að segja slóðir Collingwood og hans vinnubrögð. Hann er mjög athyglisverður myndlistarmaður; bæði nákvæmur en um leið upphefur hann landslagið í orðsins fyllstu merkingu – það er að segja lyftir fjöllunum upp. Ég byrjaði á Snæfellsnesi, fann sömu sjónarhornin og endurmyndaði."

Í framhaldinu ákvað Einar Falur að vinna persónulegt og heilsteypt ljósmyndaverk byggt á ferðalagi Collingwoods.

„Nálgunin hjá mér var að gera hann að fararstjóra en sýna um leið minn samtíma. Ég læt hann velja staðina og mynda þá annað hvort nákvæmlega hans sjónarhorn eða finn mér annað persónulegra."

Ljósmyndir Einars Fals mynda því um leið annan aldarspegil. „Verk Collingwoods og Jóns var hugsað sem stuðningsrit fyrir þá sem lásu Íslendingasögurnar úti og vildu vita hvernig söguslóðirnar litu út. Fyrir vikið verður verkið að spennandi samtali milli tveggja tíma, það er að segja Íslands árið 1000 og Íslands í lok 19. aldar. Mér fannst spennandi að leggja minn samtíma ofan á sem eins konar þriðja lag og sjá hvernig samhljóm ég myndi fá."

Það kostaði mikla vinnu og rannsóknir að hafa uppi á þeim stöðum sem Collingwood vitjaði. „Þetta var heilmikið ferli, eins og ég held að sjáist á bókinni. En maður er merkilega fljótur að komast inn í hugsanagang þessa manns. Ég fjalla líka um það, því bókin er ekki aðeins ljósmyndaverk heldur er um Collingwood, tímafyrirbærið og endurljósmyndun."



**Einar Falur Ingólfsson gerði Collingwood að fararstjóra og fór á alla staði sem Englendingurinn teiknaði og myndaði aftur.**




**Sundsamlega skemmtilegt!**

Ókeypis í sund í sumar fyrir börn og unglinga að 18 ára aldri




Laugarnar í Reykjavík

www.itr.is • sími 411 5000


Gröndalshús við Vesturgötu


Gröndalshús án Vesturgötu


Vesturgata án Gröndalshúss

# SKRIFPÚLT GRÖNDALS & *harmsaga Reykjavíkur*

**Gröndalshús hefur verið flutt af Vesturgötu út á Granda til yfirhalningar. Í opnu bréfi til borgarstjórnar biður Ófeigur Sigurðsson rithöfundur yfirvöld að koma þessu sögufræga húsi aftur fyrir á sínum stað en reisa ekki enn einn minnisvarða hugsunarleysis í skipulagsmálum.**

ÓFEIGUR SIGURÐSSON

Virðulega borgarstjórn. Væntanlega hafið þið í mörg horn að líta en vonandi lítið þið ekki fram hjá því horngrýti reykvískrar menningar sem fjarlægt hefur verið af Vesturgötunni. Nýlega var Gröndalshús numið af grunni sínum og því plantað úti á Granda „tímabundið til aðhlynningar“. Enn hefur engin ákvörðun verið tekin (svo ég viti til) um hvar eigi að koma því niður aftur, en margar misjafnar hugmyndir reifaðar.

Eins og þið vitið var Gröndal mikill rithöfundur og náttúrufræðingur og myndlistarmaður og gætir áhrifa hans allvíða; enginn hafði til að mynda jafn mikil áhrif á Þórberg Þórðarson sem stílista og þar með einstaka manneskju í opinberu lífi borgarinnar, því eins og Buffon segir: stíllinn er maðurinn. Þá er Bensi Grön svo mikið Reykjavíkurskáld að Tómas getur lagt sig (í styttugarðinum).


Ófeigur Sigurðsson

Hrakningasaga húsanna í Reykjavík er harmþrungin og löng. Um það bil sem Gröndal skrifar bókmenntaverkið Reykjavík um aldamótin 1900 hefur hann þegar barist fyrir því í tvo áratugi að náttúrugripasafn rísi yfir þá muni sem voru á sífelldum þvælingi, og skaut hann skjólshúsi yfir marga þessa „þögulu íbúa“ á skrifstofu sinni á Vesturgötunni. Geirfuglar og marhnútar hafa verið á ótrúlegum vergangi í 130 ár, en á meðan beðið er eftir tilurð Náttúrugripasafns Íslands í önnur 130 ár þá gæti Gröndalshús á Vesturgötu 16 hýst elstu forngripina til að koma þeim úr óláns geymslunum sem víða liggja um myrkar deildir borgarinnar. Á meðal dýrgripa á skrifstofu Gröndals mætti sjá sjúskaðan en kumpánlegan sebrahestshaus frá 19. öld, apabeinagrind, hnellna skjaldböku á hjörum, rykfallið letidýr, stirðnað tígrisdýr, leðurblöku, kómódódreka, mergð fugla og ýmsa aðra forláta fornmuni.

Burtséð frá manninum sem enn fóðrar húsið af alls kyns listrænum gildum, gripum og menjum, þá er húsið sjálft einstakt. Eftir því sem ég get best séð er Gröndalshús það eina á Íslandi sem byggt er í þeim nýlendubyggingarstíl sem heitir saltbox. Svoleiðis hús voru byggð á austurströnd Ameríku á 17. og 18. öld og eru í sjálfu sér merkileg því þau hafa innbyggt tímatengt varðveislugildi. Þá er Gröndalshús kallað Púltið vegna þessarar sérstöku lögunar og er það óskandi að við þetta púlt verði skrifaður dálítill kómískur léttir inn í harmleik Reykjavíkur.

Gröndal keypti næstu lóð við Vesturgötu í von um að enginn myndi byggja þar og skyggja á skrifborðið þar sem náttúran var dregin upp í myndir og borgin sett í orð. Slíkt skrifborð þarf sína birtu. En úr því sem komið er stendur „háhýsið“ sem byggt var á lóðinni rétt eftir dauða Gröndals sem einn minnisvarði um yfirgang og hugsunarleysi pólitískra afla og hefur prýðilegt gildi sem slíkt.

Ég skora á ykkur í nýrri borgarstjórn að halda meiri menningarmeðvitund en forverar ykkar og koma Púltinu aftur á sinn stað, Vesturgötu 16, og heiðra minningu þessa ritsnillings og „fyndnasta manns Reykjavíkur“. Gröndal á ekki heima í Grjótaþorpinu, og ljótt væri að senda hann á sjálfsafneitunarsafn borgarinnar uppi í Árbæ; Gröndal á heima þar sem hann valdi sér stað og dvaldi sín dægur.




Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv 2009 - apr 2010.

# Vín&veisla

Júní 2010



## Vann á vínekru í Frakklandi

**Carl Ellertsson fór í heimsreisu og staldraði við á tveimur vínekrum**

## Grillað í útivistarparadís

**Skötuselur og humar að hætti Gústavs Axels Gunnlaugssonar**




**GÓÐ Í FERÐALAGIÐ** Vínferðalangar sem vilja kynna sér falleg vínræktunarsvæði víða um heim ættu kannski að byrja á því að lesa sér til um hugsanlega áfangastaði og velja svo gaumgæfilega einn stað. Góð hjálparhella í slíkri ákvarðanatöku er hin næstum 400 blaðsíðna bók Wine Travel Guide to the World, sem fæst meðal annars í vefbókaversluninni www.amazon.com. Í bókinni má finna yfir 650 uppástungur að vínekrum til að heimsækja auk vínsafna, veitingastaða og öldurhúsa sem eru allt frá Bordeaux til Argentínu.



**FRÁBRUGÐNIR BORÐSIÐIR** Víða ríkja öðruvísi borðsiðir en Íslendingar eiga að venjast. Í Kína borða menn til dæmis með prjónum í stað hnífapara. Séu þeir ekki í notkun er mikilvægt að leggja þá niður eða til hliðar við diskinn, en dónalegt telst að stinga þeim ofan í matinn. Eðlilegt telst að tala með munninn fullan af mat og ekkert sjálfsagðara en að sötra á drykkjum. Þá er talið kurteisi að ropa eftir mat. Það gefur til kynna að viðkomandi sé bæði saddur og ánægður með máltíð sína. Að láta það ógert er talin móðgun við kokkinn.



**HIMNESK BLANDA** Þegar kemur að salatdressingu eru flestir fastir í viðjum vanans og skella ólívuolíu, balsamikediki, salti og pipar yfir grænmetið. Sem stendur jú alltaf fyrir sínu. En eitt er vert að prófa og ættu jafnvel þeir sem ekki borða að jafnaði geitaos að prófa að bræða saman 2 msk. af fljótandi hunangi og vænni klípu af geitaosti og hella svo lausninni yfir salatið. Örlítið af hnetum með og salatið er fullkomnað.



**OSTAVEISLA** Fondue er svissneskur réttur, þar sem ostur er settur í sérstakan fondue-pott ásamt hvítvíni og kryddi eða öðrum bragðefnum og bræddur, en þetta er bæði fljótlegt og gott. Fondue-ostar fást meðal annars í Hagkaupum og er hér uppskrift að einum slíkum rétti. Nuddið hvítlauk innan í fonduepottinn og hendið. Hellið tveimur bollum af hvítvíni og msk. af sítrónu út í og hitið, án þess að sjóða. Bætið smám saman út í rifnum osti (til dæmis Gruyere, Emmenthal og Apenzeller ef þeir fást) og hrærið vel saman. Síðan ½ tsk. af papriku, ½ tsk. af múskati, 1 tsk. af maíssterkju og 4. msk. af Kirsch. Saltið eins og með þarf. Ef blandan er of mjúk bætið osti út í, ef hún er of hörð þá meira af hvítvíni. Að svo búnu geta gestirnir dýft brauðbitum ofan í ostablönduna og notið.

vín&veisla fylgir laugardagsblaði Fréttablaðsins | **Útgefandi:** 365 miðlar |
**Forsíðumynd:** Arnþór Birkisson



**SANNKALLAÐ ÆVINTÝRI** Hinrik naut lífsins í Suður-Frakklandi þar sem hann vann á vínekrum, meðal annars í Pujol og Mas Amiel. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vann á vínekrum í Suður-Frakklandi

**Hinrik Carl Ellertsson fór í heimsreisu og upplifði ýmsa skemmtilega hluti. Á ferðlagi sínu staldraði hann meðal annars við á tveimur frönskum vínekrum þar sem hann starfaði í tvær vikur.**

Við vorum á tveimur vínekrum í Suður-Frakklandi, Pujol og Mas Amiel,“ segir Hinrik Carl Ellertsson, matreiðslumaður á Spírunni í Garðheimum, sem fór ásamt vini sínum í heimsreisu um Evrópu og Asíu árið 2007. „Upprunalega hugmyndin var sú að reyna að lifa sem ódýrast og læra eitthvað í leiðinni.“

Hinrik segir heimsreisuna, sem stóð yfir í þrjá og hálfan mánuð, hafa byrjað á vínekrunum í Frakklandi. „Við ákváðum að fara í heimsreisu og svo skipulögðum við eitthvað í kringum það. Við vorum fyrst hjá Pujol sem er lítið fjölskyldufyrirtæki með lífræna ræktun. Svo fórum við til Mas Amiel sem er miklu meiri fabrikka. Það eru hundruð manna sem vinna þar.“

Var einhver munur á vinnu við vínekrurnar tvær? „Mas Amiel er miklu meira í sætvínum þannig



**SANNKALLAÐ ÆVINTÝRI** Hinrik naut lífsins í Suður-Frakklandi þar sem hann vann á vínekrum, meðal annars í Pujol og Mas Amiel. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

að það þarf að tína mjög stór ber. Tínslan þar er miklu nákvæmari,“ útskýrir Hinrik og heldur áfram: „Hjá Pujol er bara safnað, hent í haug og búið til vín úr öllu saman.“

Inntur eftir því í hverju vinnan hafi falist segir Hinrik: „Á Pujol vorum við bara að tína allan daginn. Svo var tekin síesta inn á milli en þeir lifa rosalega mikið eins og Spánverjar enda er þetta nálægt landamærunum. Þar er tekin klukkutíma síesta, farið heim og drukknar þrjár rauðvín og hálf koníak og fólk leggur sig. Svo var haldið áfram að vinna eftir tvö,“ segir Hinrik.

„Á seinni vínekrunni var ég aðallega að halda á kössum sem var hent ofan í flokkunarvél á meðan Steini félagi minn var aðallega að tína. Hann var orðinn yfir einhverjum tínsluhóp,“ upplýsir Hinrik og bætir við að þeir félagarnir hafi verið teknir í skoðunarferð um vínkjallarana og fengið að traðka á vínberjunum á tánum. „Svo máttum við ganga í vínin eins og við vildum.“

C&S
Chef&Sommelier

Glösin sem gera góð vín betri



| | | |
|---|---|---|
| Rauðvínsglas | 55 cl. | 1.295 |
| Hvítvínsglas | 40 cl. | 1.195 |
| Kampavínsglas | 20 cl. | 1.095 |

FASTUS
www.fastus.is
580 3900
Síðumúla 16

# Fjölbreyttir og bragðgóðir

Tapas er samheiti yfir smárétti sem eru bornir fram á mörgum veitingastöðum, öldur- og kaffihúsum á Spáni. Heitið nær yfir nasl, snittur eða fingramat, allt frá niðurskornum pylsum til ólíva á tannstöngli og er oft borið fram í litlum leirskálum. Réttirnir njóta vinsælda á Spáni en ýmsar sögur fara af tilurð þeirra. Samkvæmt einni á kráareigandi nokkur að hafa fengið hugmyndina að fyrsta tapasréttinum, þegar hann lagði skinkusneið ofan á glas af sérríi sem Alfonos tíundi Spánarkonungur (1221-1284) hafði pantað handa sér, til að halda óhreinindunum í burtu. Konungurinn varð svo hrifinn að hann bað um að fá annað glas borið fram með sama hætti og þannig á tapas að hafa orðið til.





**ÝMSAR ÚTFÆRSLUR** Tapas er í raun samheiti yfir smárétti sem eru bornir fram á veitingastöðum, kaffi- og öldurhúsum á Spáni þar sem þeir njóta mikilla vinsælda.




# ÞAÐ BESTA ÚR SVEITINNI
# BEINT Á GRILLIÐ

*– og alltaf sama góða verðið*

Til Sjávar og Sveita hefur opnað fisk- og kjötverslun í glæsilegu húsnæði við Verslunarkjarnann Ögurhvarfi 2. „Andlit" okkar snýr að Vatnsendahvarfi.
Við teljum að það hljóti að vera grundvöllur fyrir góðri hverfis-verslun upp á gamla mátann.
Ástæðan fyrir nafninu er metnaður okkar til að bjóða aðeins það besta í fiski og kjöti, ásamt því að hafa flest sem til þarf í góða matreiðslu.

Nýbakað brauð er í boði daglega, svo sem snittubrauð, hvítlauksbrauð og fleira.
Fjölbreyttur salatbar er til staðar, þar sem við kappkostum að hafa aðeins það besta í boði.
Í hádegi alla virka daga bjóðum við heimilismat af bestu gerð á fínu verði, sem hægt er að borða á Loftinu okkar eða taka með heim.
Sjón er sögu ríkari.



STOFA 53

**TIL SJÁVAR OG SVEITA**

VIÐ VERSLUNARKJARNANN ÖGURHVARFI 2, KÓPAVOGI

***Opnunartímar. Mánudaga – Föstudaga: 11:00 – 19:00. Laugardaga: 11:00 – 18:00.***

Á sama stalli



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Hönnun Iittala virðist oft einföld á yfirborðinu en reynist margslungin við nánari athugun. Essence glösin eftir Alfredo Häberli eru gott dæmi um þetta: Fallega úthugsuð og einföld en um leið svo unaðslega þægileg. Glösin hafa öll jafn stóran stall, sem gefur línunni einstakt samræmi og stöðugleika. Essence glösin draga fram það besta í fari vínsins.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-mið. 10-18, fim.-lau. 10-22, sun. 13-18 | kokka.is | kokka@kokka.is



**Í SÓKN** argentínsk víngerð hefur vaxið síðustu áratugi og vínframleiðsla í Argentínu hefur í nokkurn tíma verið sú fimmta mesta í heiminum. Framleiðslan hefur þó þar til síðustu árin að mestu verið fyrir Argentínumenn sjálfa en menning þeirra er svipuð þeirri ítölsku, þar sem mikið er drukkið af léttvíni. Aðalvínræktunarsvæðið kallast Mendoza, við rætur Andesfjalla, en það eru ekki aðeins argentínsk vín sem eru gerð úr argentínskum þrúgum því vínframleiðendur um víða veröld, frá Chile, Bandaríkjunum og Frakklandi, eiga ekrur í Argentínu. Aðal argentínska þrúgan er Bordeaux-þrúga og kallast Malbec en hún þykir búa yfir miklum gæðum.

# Læra allt um sögu og bragð bjórsins

**Bjórmenning íslendinga bætt með þriggja stunda skólasetu í Bjórskóla Ölgerðarinnar**

Bjórskólinn hefur það að markmiði að opna augu fólks fyrir bjór almennt og bæta bjórmenningu Íslendinga með því að kenna fólki að njóta bjórs á nýjan hátt,“ útskýrir Elva Rut Erlingsdóttir sem gegnir öfundsverðu starfi að margra mati, en hún er skólastjóri Bjórskóla Ölgerðarinnar.

Í Bjórskólanum er meðal annars farið yfir sögu bjórsins, innihaldsefni bjórs og hvernig nota á bjór í matargerð og eins hvernig bjór eigi að drekka með mismunandi mat. Kennslan fer fram á sérútbúnum bar sem smíðaður var gagngert fyrir Bjórskólann í nýjum húsakynnum Ölgerðarinnar og sitja nemendur á barstólum við barborð í kennslustundum.

„Kennslustund í Bjórskólanum er heilmikil upplifun og langt frá því að vera þurr fyrirlestur,“ segir Elva Rut en tekur þó skýrt fram að ekki sé um neitt fyllerí á nemendum að ræða.

„Nei, alls ekki. Bjórsmökkun er öðruvísi en vínsmökkun að því leyti að það þarf að kyngja bjórnum en það kemur til vegna þess að bragðlaukarnir sem skynja beiskjuna í bjórnum eru virkastir aftast á tungunni. Kennslan snýst hins vegar ekki um að drekka í þeim skilningi heldur um að kynnast mismunandi bjórtegundum og læra muninn á til dæmis lager og öli.“

Nemendur Bjórskólans smakka mismunandi bjórtegundir alls staðar að úr heiminum, þar á meðal klausturbjór og hveitibjór. Íslenskt bjórlíki er smakkað og eins fá nemendur að smakka víkingamjöð eins og talið er að Egill Skallagrímsson hafi drukkið en sá mjöður er bruggaður sérstaklega af Borg Brugghúsi, nýju brugghúsi Ölgerðarinnar, fyrir Bjórskólann.

„Við förum í heimsóknir, meðal annars í Borg Brugghús og smökkum það nýjasta í tankinum hverju sinni og röltum einnig gegnum bjórframleiðslu Ölgerðarinnar og kynnumst bruggferlinu af eigin raun .“

Skólinn hefur fengið frábærar viðtökur en fullt hefur verið í allar kennslustundir síðan skólinn var stofnaður í desember á síðasta ári og hvorki fleiri né færri en tvær til þrjár kennslustundir í hverri viku. Á skólaárinu sem senn er að ljúka hafa hátt í þúsund nemendur útskrifast með diplóma frá skólanum. Tuttugu ára aldurstakmark er í skólann eins og gefur að skilja og tekur námið þrjár klukkustundir. Við útskrift fær hver nemandi viðurkenningarskjal og tekin er bekkjarmynd af hópnum. En er námið í Bjórskólanum erfitt?

„Við förum ekki fram á verkefnaskil og nemendur þurfa ekki að glósa í tímum, en þess þó heldur fá allir upprifjunarhefti með sér heim,“ segir Elva Rut á léttu nótunum. „Við ætlumst heldur ekki til þess að nemendur „læri heima“ fyrir tíma segir hún og hlær. „Þeir sem útskrifast úr Bjórskólanum hugsa um bjór á allt annan hátt en þeir gerðu áður. Sjálf drakk ég ekki bjór áður, en í dag veit ég allt um bjór og kann vel að meta hann.“

Þeir sem áhuga hafa á námi við Bjórskólann geta leitað sér upplýsinga á vefsíðu skólans www.bjorskolinn.is en einnig er skólann að finna á Facebook. Nýtt kennsluár hefst að loknu sumarfríi fimmtudaginn 19. ágúst.




**BESTA STARF Í HEIMI** Elva Rut Erlingsdóttir gegnir öfundsverðu starfi að margra mati en hún er skólastjóri Bjórskóla Ölgerðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**AFRÍKUHÁTÍÐ** á vegum Veraldarvina verður haldin á Vitatorgi við Lindargötu í dag. Hátíðahöldin hefjast klukkan 12 og standa til klukkan 20.30 í kvöld.



# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447









Maríus Hermann Sverrisson óperusöngvari. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kann að hljóma karlalega

**Maríus Sverrisson söngvari byrjar alla daga eins; hvort sem það er virkur eða helgidagur. Eftir labbitúra, afmælisboð og söngæfingar í sturtunni ætlar hann að enda helgina með söng í Fríkirkjunni annað kvöld.**

„Dagurinn í dag byrjaði eins og allir mínir dagar, á sterkum espresso, því ég verð ekki svangur fyrr en um hádegi. Eftir kaffibollann fór ég í dagvissa gönguferð og þaðan yfir í Fríkirkjuna til að æfa fyrir tónleikana, sem eru mínir fyrstu í höfuðstaðnum síðan ég kom heim,“ segir Maríus, spurður um helgarplön þegar sumarbirta er mest yfir Íslandi.

Maríus hefur búið í Evrópu síðustu sextán ár en er nú fluttur heim með annan fótinn; að minnsta kosti fram að íslenskum jólum.

„Tíminn líður svo hratt og mér finnst kominn tími til að vera meira heima til að missa ekki af fólkinu mínu. Þá hef ég sterka löngun til að láta að mér kveða fyrir íslenska áheyrendur, sem er mun meira taugatrekkjandi en líka miklu meira gefandi en fyrir tíu þúsund áhorfendur í Berlín,“ segir Maríus sem fór tvítugur utan til Vínar í söngnám og hefur síðan unnið sleitulaust við góðan orðstír á meginlandinu.

„Seinni partinn fer ég að tygja mig í stórafmæli þar sem ég mun eiga skemmtilega kvöldstund. Ég er þó orðinn minna veisluglaður en áður og það þreytir mig að vera lengi innan um margt fólk. Það er sagt um söng að hann sé einmanalegt starf því söngvaranum er nauðsynlegt að spara orku sína og rödd og því venur maður sig á að draga sig í hlé með tímanum,“ segir Maríus, sem þrátt fyrir allt nýtur þess að bregða á leik þegar hann er í fríi.

„Það hljómar kannski karlalega en mér finnst best að vera meðal vina í heimahúsi og fara heim þegar leikar standa hæst, en það á maður reyndar alltaf að reyna þótt það takist ekki alltaf,“ segir Maríus og skellir upp úr.

Hann segist ætla að sofa út í fyrramálið, hita upp röddina undir sturtunni og áfram út í daginn, en velja svo föt fyrir kvöldið og rölta í rólegheitum yfir í Fríkirkjuna þar sem Samtökin 78 boða til Regnbogamessu á alþjóðlegum baráttudegi samkynhneigðra, en með Maríusi koma fram meðal annarra Páll Óskar, Hörður Torfason, Sigga Beinteins, Bergþór Pálsson, Lay Low og Andrea Gylfadóttir.

„Ég hlakka mikið til að syngja með þessum stóru söngvurum og býst við æðislegri stemningu. Mér finnst íslenskar raddir svo fallegar og dáist að þeim mörgum, en verð að taka Pál Óskar fram yfir hina því hann er frábær og ég hans einlægur aðdáandi.“

Þess má geta að Maríus syngur einnig með Stúlknakór Reykjavíkur á styrktartónleikum fyrir Ellu Dís í vikunni, þar sem móðir hans Margrét Pálmadóttir stjórnar.

*thordis@frettabladid.is*





**KAFFI** og vatn ætti aldrei að liggja mjög lengi saman þegar hellt er upp á kaffi. Eftir því sem það liggur lengur saman þeim mun meira af óæskilegum efnum kaffisins, eins og koffíni, leysist upp í vatninu.






Ófrískar konur ættu að stilla kaffineyslu sinni í hóf.

## Kaffidrykkja á meðgöngu

**Ófrískar konur ættu ekki að drekka mikið af kaffi.**

Best er að drekka ekki meira en einn til tvo bolla af kaffi á dag á meðgöngu þar sem koffín er talið auka líkur á fósturláti sé þess neytt í stórum skömmtum. Ef tveir bollar eru drukknir er ágætt að drekka þá ekki báða í einu heldur dreifa kaffidrykkjunni yfir daginn.

*- eö*

# Uppáhellingur eða ítalskt espresso

**Hægt er að hella upp á kaffi á ýmsa vegu.**

Algengasta aðferðin við að hella upp á kaffi á íslenskum heimilum hefur löngum verið svokallaður uppáhellingur. Þá er kaffið sett í kaffifilter í trekt og sjóðandi vatni hellt í gegnum það jafnt og þétt. Margar kaffivélar hella upp á kaffi á þennan hátt en líka er hægt að gera þetta handvirkt.

Pressukönnur hafa líka verið vinsælar en þær eru mjög einfaldar í notkun. Kaffið er sett í botn könnunnar og sjóðandi vatni hellt yfir. Kaffinu og vatninu er blandað vel saman og látið standa í tvær til þrjár mínútur áður en síunni er þrýst niður.

Espresso kaffi hefur verið að sækja í sig veðrið hér á landi og fjölmörg heimili státa nú af fullkomnum espressokaffivélum. Espressokaffi má einnig laga í svokallaðri mokkavél sem sett er beint á eldavélina. Mokkavélin er sett saman úr þremur hlutum, í neðsta hlutann er sett kalt vatn og kaffið fer í síuna en þegar vatnið sýður þrýstist það í gegnum hana. Þá má slökkva á hellunni og þegar vatnið hættir að krauma er kaffið tilbúið í efsta hlutanum.

Kaffið er svolítið misjafnt eftir því hvaða aðferð er notuð en sem betur fer hafa ekki allir sama smekk og svo getur líka bara verið gaman að breyta til.

*- eö*



Fjölmörg íslensk heimili státa nú af fullkomnum espressovélum.







Kaffi er koffínríkur drykkur sem gerður er úr brenndum fræjum kaffirunnans, yfirleitt borinn fram heitur eða ískaldur. Kaffi er ein algengasta verslunarvara heims, næst á eftir hráolíu. Langmest er framleitt af kaffi í Brasilíu. Kaffirunninn er upprunninn í Eþíópíu og var fluttur þaðan til Jemen á miðöldum þar sem hafnarborgin Mokka varð helsta útflutningshöfn kaffis. Kaffi náði miklum vinsældum á Arabíuskaganum og var flutt á markað í Evrópu á 16. öld af Hollenska og Breska Austur-Indíafélaginu. Það náði síðan mikilli útbreiðslu í Evrópu og Norður-Ameríku á 17. öld.

is.wikipedia.org

ALLT
Á FERÐINNI
Miðvikudaga
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

# Hvert með sínu sniði

**Veitingakonan Marentza Poulsen rekur þrjú kaffihús á mismunandi stöðum í Reykjavík. Hún segir þau hvert með sínu sniði en einkenni þeirra sé eigin grænmetisræktun og einnig eru blóm notuð í matinn.**

„Í sumar er ég að reka þessi þrjú kaffihús. Í Hljómskálanum, Café Flóru í Grasagarðinum og kaffihús í Dillonshúsi á Árbæjarsafni,“ segir veitingakonan Marentza Poulsen. „Það er búið að vera ofboðslega skemmtilegt. Kaffihúsin eru hvert með sínu sniði.“

Marentza lýsir mismun kaffihúsanna þannig: „Mér finnst maður ganga inn í annað tímabil í Hljómskálanum. Mér finnst það vera sjöundi áratugurinn eins og það hafi verið einhver breyting í húsinu þá. Ég held að það sé mjög ævintýralegt að koma inn í þetta tónlistarhús sem hefur verið byggt eingöngu fyrir tónlist. Þar geturðu setið og séð Reykjavík í radíus.“

Að sögn Marentzu er Café Flóra eitt ævintýri. „Fólk gengur í gegnum Grasagarðinn og inn í garðskálann sem kaffihúsið er starfrækt í. Fólk situr innan um plöntur Þar er algjör kyrrð og friður, ég held að það sé lækning í því,“ segir Marentza og færir sig yfir í Dillonshúsið. „Árbæjarsafn er alveg einstakt svæði sem er eins og sveit í borg. Þar er farið aftur í tímann og Kaffi Dillons er gamalt fallegt kaffihús þar sem fólk langar að fá sér rjómapönnuköku, flatköku með hangikjöti eða jafnvel kjötsúpu. Mér finnst það vera forréttindi að fá að reka kaffihús sem eru hvert með sínu sniði.“



Kaffihúsið í Hljómskálanum er opið frá ellefu til tíu alla daga vikunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Marentza segir það einkenna kaffihúsin að grænmetið sem notað er í matinn sé eigin ræktun og þar á meðal blóm. Kökurnar eru líka allar heimabakaðar „Við ræktum þessi blóm og þetta eru allt blóm sem má borða,“ útskýrir Marentza sem stækkaði matjurtagarðinn fyrir sumarið. „Þetta eru blóm eins og skjaldflétta og morgunfrú, svo eitthvað sé nefnt. Það er fullt af skemmtilegum blómum sem fólk getur notað í mat. Þau eru svolítið sæt svo ekki vera feimin við að borða þau.“ *martaf@frettabladid.is*


## Tilboð Francis Francis



39,900 kr.
verð áður: 57,800 kr.

Lattemento mjólkurflóari fylgir með.

illy

Kaffivélarnar frá Illy fast í völdum verslunum:
Árvirkinn Selfossi, Byggt og búið Kringlunni, Fastus Síðumúla, Geisla Vestmannaeyjum, Heimilistækjum Suðurlandsbraut, Kokka Laugavegi, Byko Akureyri, Elko Keflavíkurflugvelli.

*Það er kaffitími núna*




# Fangaðu kaffitímann með BKI kaffi

*Taktu þér kaffitíma núna*

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.



**Kaffitími er alþjóðlegt fyrirbæri** sem fólk í hverskonar verslun, þjónustu og iðnaði nýtir sér til að taka stutta hvíld frá störfum og hlaða rafhlöðurnar. Talið er að allt frá 1951 hafi kaffitími verið skráður í kjarasamninga. Kaffitíminn er í dag nánast heilög stund, líka utan vinnutíma.

Njóttu lausnar frá amstri hversdagsins með góðu BKI kaffi. Finndu hvernig þú hressist með rjúkandi bolla af BKI kaffi. Nýttu tækifærið. Gefðu þér smá hvíld. Fáðu þér BKI kaffi. Njóttu kaffiangans, hitans og bragðsins og taktu svo daginn með trompi.

*Það er kominn tími fyrir BKI kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

***Kauptu BKI fyrir kaffitímann***

**SKÓGARDAGURINN MIKLI** verður haldinn í Mörkinni í Hallormsstaðaskógi í dag. Á dagskránni er meðal annars skógarhlaup og Íslandsmeistarakeppni í skógarhöggi.

















Hægt er að fylgjast með öllum leikjum HM á risaskjá á Santa Maria.

# Alambre með leikjunum

**Ernesto Ortiz Alvarez, veitingamaður á Santa Maria við Laugaveg, mælir með því að fólk útbúi alambre til þess að borða á meðan það horfir á leikina.**

„Ef fólk vill fá sér alambre eins og ég elda það, þá geta þeir alltaf komið niður á Santa Maria á Laugavegi. Þar munum við líka sýna alla leikina á risaskjá og það verður sérstakt tilboð á köldu öli og nachos," segir Ernesto.

Lið Mexíkó spilaði í mjög erfiðum riðli með Frökkum, Úrúgvæjum og gestgjöfunum í Suður-Afríku, komst áfram og mætir Argentínu í 16 liða úrslitum. „Mikilvægustu leikmennirnir eru Giovani dos Santos, hinn ungi miðjumaður Galatasaray í Tyrklandi, hinn litríki markvörður Guillermo Ochoa og svo er það hinn 37 ára gamli Guillermo Blanco, sem hefur verið lýst sem ófyrirleitnasta knattspyrnumanni í Mexíkó. Blanco er óþreytandi við að minna varnarmenn á það hversu mikið er við mæður þeirra, eiginkonur og dætur að athuga og hinir rólegustu varnarmenn missa stjórn á skapi sínu í návist hans. Til þess er auðvitað leikurinn gerður. *- es*

## ALAMBRE
fyrir einn

**Alambre:**
Hitaðu ólívuolíu á stórri pönnu. Sneiddu hálfan lauk, eina papriku og nokkra sveppi og brúnaðu á pönnunni ásamt kjúklingastrimlum. Stráðu síðan vel feitum osti yfir og láttu hann bráðna.



**Sósan:**
Settu fjóra tómata, hálfan lauk, þrjár teskeiðar af niðurskornu chili og þrjá geira af hvítlauk í matvinnsluvél og hakkaðu vel saman. Hitaðu það síðan í potti þangað til það sýður.

**Salat:**
Niðurskornir tómatar, jöklasalat og guacamole.
Það má nota hvort heldur sem er tortillaspönnukökur eða tacoskeljar og hver og einn útbýr sér sinn rétt.
Með þessu passar sérstaklega vel að fá sér Corona-bjór með limesneið ofan í.



Búast má við að sýningin verði mjög litrík þar sem alls konar blóm og skreytingar verða til sýnis.

# Blóm og börn

**Garðyrkju- og blómasýningin Blóm í bæ er haldin í Hveragerði nú um helgina, annað árið í röð.**

Blóm í bæ er vegleg sýning þar sem boðið verður upp á fjölda viðburða á sviði garðyrkju, umhverfismála, íslenskrar framleiðslu og handverks. Sýningin er haldin í Hveragerði nú um helgina, annað árið í röð, en síðasta sumar sóttu um 40.000 gestir hátíðina heim í frábæru veðri.

Sýningin er mjög fjölskyldumiðuð en börn eru þema hennar í ár og verður lögð áhersla á að gera þeim sérstaklega hátt undir höfði. Lífleg markaðsstemning í sölutjöldum verður allsráðandi með skemmtilegum uppákomum og góð aðstaða er til gistingar á tjaldsvæði. *- eö*

# Lummudagar

**Skagfirðingar bjóða til lummuveislu um helgina.**

Lummudagar verða haldnir í Skagafirði í annað sinn nú um helgina en skipulögð dagskrá er á Sauðárkróki, Hólum og Varmahlíð. Á dagskránni er meðal annars söngur, grín, glens, gaman, götumarkaðir og að sjálfsögðu lummur.

Lummukeppni verður haldin klukkan 13.00 í dag á Sauðárkróki þar sem lummur verða bakaðar hjá bakaríinu eftir uppskriftum úr uppskriftakeppni Lummudaga og Feykis. Verðlaun eru veitt fyrir bestu uppskriftina. *- eö*



Lummur verða í aðalhlutverki í Skagafirði um helgina.

ginger

## Matreiðslumaður/kona óskast

Hefur þú áhuga á heilsutengdri matargerð? Gera hollan og næringarríkan mat girnilegan og góðan? Ginger veitingastaður mun opna í ágúst og sérhæfa sig í heilsumatargerð. Leitum eftir lífsglöðum, jákvæðum og heilsuhraustum starfskrafti til að græja góðan mat alla virka daga, frí um helgar. Umsækjandi þarf að hafa reynslu af eldhússtörfum og rekstri eldhúss og lykilatriði að hafa áhuga á hollustufæði og heilsusamlegum lífstíl.

**Ef þetta gæti átt við um þig sendu þá umsókn með upplýsingum um fyrri störf ásamt mynd á netfangið hjaltalin@internet.is.**

## SÖLUMAÐUR – VIÐGERÐARMAÐUR

Óskum eftir tæknilega sinnuðum sölumanni. Starfið felst í að selja margskonar vélar og tæki auk varahluta. Umsækjandi þarf auk þess að hafa góða tækniþekkingu og geta framkvæmt minniháttar viðgerðir. Skilyrði eru hæfni í mannlegum samskiptum, geta unnið sjálfstætt og reynsla af vélbúnaði og viðgerðum. Starfið er mjög fjölbreytt og lifandi. Fyrirtækið er lítið fyrirtæki í mikilli sókn og er staðsett á höfuðborgarsvæðinu.

**Vinsamlegast sendið inn umsókn á box@frett.is merkt „Vélar2010“**

## Laus staða við Grunnskólann á Ísafirði

Laus er staða raungreinakennara á unglingastigi í eitt ár. Helstu kennslugreinar eru stærðfræði og náttúrufræði, ásamt umsjón í 8. bekk. Um er að ræða 100% starf. Í Grunnskólanum á Ísafirði eru um 450 nemendur í 1.-10. bekk. Skólastjóri er Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, olga@isafjordur.is.

**Umsóknarfrestur er til 9. júlí 2010.**

Hlutverk Íslandsstofu:
(Sjá lög nr. 38/2010)

- Veita alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir útflutningi á vöru og þjónustu
- Laða til landsins erlenda ferðamenn með samræmdu kynningar- og markaðsstarfi
- Laða erlenda fjárfestingu til Íslands, upplýsa erlenda fjárfesta um kosti Íslands og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um fjárfestingarmál
- Vera samstarfsvettvangur fyrirtækja, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir til þess að efla ímynd og orðspor Íslands
- Styðja við kynningu á íslenskri menningu erlendis.

# Framkvæmdastjóri Íslandsstofu

**Stjórn Íslandsstofu auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra Íslandsstofu. Áhersla er lögð á að umsækjandi hafi umtalsverða styrkleika sem leiðtogi og sem talsmaður Íslandsstofu. Hann þarf að hafa góða og yfirgripsmikla þekkingu á íslensku atvinnulífi, menningu og sögu lands og þjóðar.**

**Starfsvið framkvæmdastjóra**

- Framkvæmdastjórn og yfirumsjón með verkefnum Íslandsstofu
- Ábyrgð á fjárreiðum og yfirstjórn einstakra sviða
- Talsmaður Íslandsstofu út á við, innanlands sem erlendis
- Frumkvæði að stefnumótun, þróun og áætlanagerð
- Undirbúningur stjórnarfunda og eftirfylgni stjórnarákvarðana.

**Menntunar og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í viðskiptum eða öðrum háskólagreinum sem nýtist í starfi
- Mikil reynsla af erlendu markaðs- og kynningarstarfi.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku máli í ræðu og riti, þekking á Norðurlandamáli nauðsynleg, önnur málakunnátta æskileg
- Sjálfstæði, frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Rík ábyrgðartilfinning og góðir samskiptahæfileikar

**Nánari upplýsingar veita:**
Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is
Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

Í Strandabyggð búa um 500 íbúar og er Hólmavík þéttbýlisstaðurinn. Atvinnulíf í sveitarfélaginu er fjölbreytt og skólastarf öflugt, grunnskóli, leikskóli og tónskóli. Nánari upplýsingar um Strandabyggð er að finna á vefsíðunni www.strandabyggd.is.

# Sveitarstjóri Strandabyggðar

**Starf sveitarstjóra í Strandabyggð er laust til umsóknar og er leitað eftir kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að takast á við krefjandi verkefni. Í nýliðnum sveitarstjórnarkosningum voru tveir listar í kjöri í Strandabyggð, J-listi félagshyggjufólks og V-listi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Listarnir hafa gert með sér samkomulag um samstarf á kjörtímabilinu.**

**Starfssvið sveitarstjóra**

- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náið samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar
- Upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Að gæta hagsmuna Strandabyggðar út á við, vera talsmaður sveitarstjórnar og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum

**Helstu kostir sveitarstjóra**

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins, kynningarmálum, ímynd og stefnumótun
- Áhugi og reynsla af bókhaldi, stjórnun og rekstri
- Þekking á sveitarstjórnarmálum er æskileg en ekki skilyrði
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur en ekki skilyrði

**Nánari upplýsingar veita:**
Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is
Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

# Tölvunarfræðikennari

Menntaskólinn Hraðbraut óskar að ráða tölvunar-fræðikennara í hlutastarf frá og með næsta hausti.
**Áhugasamir hafi samband með pósti á netfangið ohj@hradbraut.is**

---

Hringiðan
Internetþjónusta

## Kerfisstjóri

**óskast til starfa við Internetþjónustu.**

Æskileg menntun og reynsla:

MCSA,MCSE eða sambærileg próf

Reynsla af rekstri á Linux, Windows 2003 & 2008 þjóna
Reynsla af rekstri á IIS og Apache vefþjónum
Reynsla af rekstri tölvupóstþjóna (Exchange ofl.)
Reynsla og þekking á rekstri DNS þjóna og gagnagrunna
Reynsla af Microsoft og VMWare sýndarþjónum
Kunnátta á ASPX og PHP er æskileg

Góðir samskiptahæfileikar og hæfni í íslensku og ensku
Æskileg reynsla af kerfissumsjón

Áhugasamir sendi umsókn á: atvinna@vortex.is

Hringiðan ehf. er ein elsta internetþjónusta á Ísland. Hringiðan ehf. leitar að metnaðarfullum einstaklingi með mikinn áhuga á tölvum og upplýsingatækni til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins.

www.hringidan.is

---

Vinnslustöðin Vestmannaeyjum VSV

## Yfirvélstjóri og 1. vélstjóri

**óskast á Ísleif VE 63 vélastærð 2460 kw**

**Upplýsingar í síma: 893 9741 (Guðni) eða 488 8000 (Sindri) Einnig er hægt að senda póst á netfangið sindri@vsv.i**

---

# Sérfræðingar í Fjárhagsdeild

## Sérfræðingur í Daglegt uppgjör

Við leitum að einstaklingi til starfa sem sérfræðingur í Daglegu uppgjöri. Daglegt uppgjör er 16 manna deild innan Fjárhagsdeildar sem sér um daglegar afstemmingar, móttöku reikninga og bókanir, ásamt öðrum sérverkefnum sem viðkoma rekstri bankans.

**Helstu verkefni:**
- Yfirlestur gagna
- Afstemmingar
- Bókanir
- Önnur verkefni eftir nánara samkomulagi

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi s.s. viðurkenndur bókari
- Mikil reynsla af bókhaldsstörfum
- Þekking á SAP kostur
- Nákvæmni og talnaskilningur
- Góð kunnátta í Excel
- Skipulagshæfni, frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Hólmfríður Haraldsdóttir, deildarstjóri, holmfridur.haraldsdottir@islandsbanki.is, sími 440 4057.

## Sérfræðingur í Samstæðu- og fjárhagsskýrsludeild

Við leitum að einstaklingi til að starfa sem sérfræðingur í Samstæðu- og fjárhagsskýrsludeild bankans. Sérfræðingurinn starfar í 9 manna teymi sem ber ábyrgð á fjárhagsskýrslum til stjórnar og eftirlitsaðila, samstæðuuppgjöri bankans, áætlanagerð og ýmsum sérverkefnum í tengslum við uppgjör bankans.

**Helstu verkefni:**
- Greining fjárhagsupplýsinga
- Skýrslugerð til Fjármálaeftirlits og Seðlabanka
- Önnur verkefni eftir nánara samkomulagi

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð enskukunnátta
- Gott fjármálalæsi
- Góð kunnátta í Excel og reynsla í notkun bókhaldskerfa
- Bókhalds- og reikningsskilaþekking
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Elín Huld Árnadóttir, deildarstjóri, elin.h.arnadottir@islandsbanki.is, sími 440 4663.

Umsóknir skulu fylltar út á **www.islandsbanki.is** og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá. Umsóknarfrestur er til 7. júlí nk.
Tengiliður á mannauðssviði er Elísabet Helgadóttir, elisabet.helgadottir@islandsbanki.is, sími 440 4865.

Íslandsbanki býður alhliða bankaþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fagfjárfesta. Hjá bankanum starfa um 930 starfsmenn. Utan Íslands byggir Íslandsbanki fyrst og fremst á þeirri sérþekkingu og viðskiptasamböndum sem bankinn býr yfir í sjávarútvegi og jarðhita.

Íslandsbanki sækist eftir starfsfólki sem býr yfir yfirburðaþekkingu og reynslu, er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavini bankans.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

---



Capacent Ráðningar

# BÆJARSTJÓRI
## AKRANESKAUPSTAÐUR

Akraneskaupstaður

Á Akranesi er mannlíf í miklum blóma. Íbúar á Akranesi hafa aldrei verið fleiri og er íbúafjöldi í dag um 6500. Á Akranesi er einstaklega fjölskylduvænt og öruggt umhverfi þar sem áhersla er lögð á mikla og vandaða þjónustu við íbúa. Öflugt atvinnulíf sem býður upp á örugg störf á margvíslegum vettvangi, ásamt húsnæði á góðu verði.

**Staða bæjarstjóra á Akranesi er laust til umsóknar.**

**Starfssvið**
- Framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og hagsmunagæsla þess
- Stjórn og ábyrgð á daglegum rekstri
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Náið samstarf við bæjarstjórn
- Samskipti við stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Þátttaka í uppbyggingu samfélagsins

**Menntunarkröfur og reynsla:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Þekking og reynsla af fjármálum, stjórnun og rekstri
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga er æskileg
- Leiðtogahæfni
- Geta til tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á mótun og uppbyggingu samfélagsins
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með ráðningunni hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þorbjörg Guðjónsdóttir (thorbjorg.gudjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# AÐALBÓKARI
## DALVÍKURBYGGÐ

Dalvíkurbyggð er framsækið sveitarfélag við utanverðan Eyjafjörð. Þar er blómlegt og fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf. Umhverfi er sérlega fjölskylduvænt og góðar aðstæður til útivistar jafnt sumar sem vetur. Í Dalvíkurbyggð búa tæplega 2000 manns. Frekari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á www.dalvik.is

**Dalvíkurbyggð óskar eftir að ráða til sín aðalbókara. Aðalbókari ber ábyrgð á bókhaldi Dalvíkurbyggðar, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins. Um er að ræða fullt starf. Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Starfssvið**
- Umsjón, eftirlit og ábyrgð á bókhaldi
- Umsjón með bókhaldskerfinu Navision
- Skilagreinar, milliuppgjör og áætlanagerð
- Uppgjör og frágangur bókhalds
- Innra eftirlit
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun sem nýtist í starfið er kostur
- Reynsla og góð þekking á bókhaldi er skilyrði
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga, er æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Nákvæmni og skipulagni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

Laun og starfskjör fara eftir samingum Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Í samræmi við mannréttindastefnu Dalvíkurbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Umsjón með ráðningunni hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Glerárgötu 36
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

mentor

Rúmlega 900 skólar nýta sér lausnir frá Mentor í þremur löndum, Íslandi, Svíþjóð og Sviss og framundan er innleiðing Mentorkerfisins í fyrstu skólunum í Þýskalandi.

Mentor hefur það hlutverk að leggja skólasamfélaginu til lausnir, þekkingu og þjónustu til aukins árangurs.

Framtíðarsýn Mentors er að verða eitt virtasta fyrirtæki Evrópu á sviði upplýsingakerfa fyrir skóla.

Í boði er starf í vaxandi og metnaðarfullu fyrirtæki.

Frekari upplýsingar gefur Vaka í síma: 895 0357

Umsóknir sendist til: starf@mentor.is

Tekið er við umsóknum til 4. júlí 2010




*Elsku Valtýr okkar er að gifta sig í dag og af því tilefni vill starfsfólk Mentor senda honum og Elsu innilegar hamingjuóskir. Nú leitum við að starfsmanni sem vill starfa með Valtý og fleiru hæfileikafólki í alþjóðlegu umhverfi.*

## Heimilisaðstoð

Fjölskylda í hverfi 108 óskar eftir stúlku 20 ára eða eldri til að sinna léttum heimilisstörfum og tilfallandi barnagæslu. Um er að ræða 50-100% starf eftir samkomulagi. Góð laun í boði. **Áhugasamir vinsamlegast sendi umsókn/fyrirspurnir á netfangið umsokn108@gmail.com.**

## Barnaheimilið Ós

Foreldrarekinn leikskóli óskar eftir leikskólakennurum og Matráð til starfa í haust. Hægt er að sækja um á heimasíðu skólans www.leikskolinn.is/os

**Frekari upplýsingar fást í símum 6637239 og 5523277**
**Einnig með því að senda póst á netfangið 0s1@simnet.is.**

**Umsóknarfrestur er til 13. júlí.**

MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

Menntaskóli Borgarfjarðar

## Stærðfræðikennari

Laus er til umsóknar staða stærðfræðikennara við Menntaskóla Borgarfjarðar. Um er að ræða 100% starf. Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal hafa borist Ársæli Guðmundssyni, skólameistara, Borgarbraut 54, 310 Borgarnesi eða á netfangið arsaell@menntaborg.is fyrir laugardaginn 3. júlí nk. Laun skv. kjarasamningi KÍ og Menntaskóla Borgarfjarðar.

**Nánari upplýsingar veitir Ársæll Guðmundsson, skólameistari i síma 895 2256 Skólameistari**

# Spennandi störf
## hjá ört vaxandi nýsköpunarfyrirtæki

ORF Líftækni og dótturfyrirtæki þess Sif Cosmetics leita eftir áhugasömum sérfræðingum, tæknimönnum og starfsmönnum í framleiðslu á sérvirkum próteinum úr byggi, vefstjóra og hönnuði, sérfræðingi í þróun á framleiðslutækni félagsins, og gæðastjóra fyrir núverandi framleiðslu og fyrirhugaða GMP framleiðslu félagsins.

- **Sérfræðingur í rannsóknum og þróun framleiðslutækni á sérvirkum próteinum**
  *Æskileg menntun og reynsla:* Ph.D. í lífefnafræði með reynslu í lífefnafræði próteina eða sambærilegt.
- **Tæknimaður í próteinframleiðslu**
  *Æskileg menntun og reynsla:* B.Sc. í lífefnafræði eða sambærilegt.
- **Gæðastjóri fyrir GMP framleiðslu**
  *Æskileg menntun og reynsla:* Háskólamenntun í lyfjafræði ásamt reynslu á sviði GMP framleiðslu eða sambærilegt.
- **Stöðvarstjóri próteinframleiðslu**
  *Æskileg menntun og reynsla:* Ph.D. eða M.Sc. í lífefnafræði með reynslu í lífefnafræði próteina og framleiðslutækni eða sambærilegt.
- **Starfsmenn í próteinframleiðslu**
  *Æskileg menntun og reynsla:* Góð almenn menntun og reynsla í framleiðslu.
- **Vefstjóri og hönnuður**
  *Æskileg menntun og reynsla:* Háskólamenntun og mikil reynsla í vefumsjón, umbroti og hönnun. Mjög gott vald á íslensku og ensku.

**Nánari upplýsingar um störfin er að finna á vefsíðu fyrirtækisins: www.orf.is.**

Umsóknir skal senda til **starf@orf.is** fyrir **11. júlí 2010**.

Umsóknum má skila á íslensku en æskilegt er að þær séu á ensku.

Sif COSMETICS   ORF LÍFTÆKNI

**ORF Líftækni** hf. er vaxandi nýsköpunarfyrirtæki á sviði líftækni sem hefur þróað nýstárlega framleiðsluaðferð til að framleiða verðmæt, sérvirk prótein sem m.a. notuð eru til læknisfræðirannsókna víða um heim. **ISOkine™** vörur fyrirtækisins hafa hlotið hrós fyrir hreinleika og gæði og fyrirtækið vakið athygli fyrir nýskapandi grænan iðnað.

**Sif Cosmetics** ehf., er dótturfyrirtæki ORF Líftækni sem framleiðir og selur snyrtivörur er byggja á líftæknIafurðum ORF Líftækni. Fyrirtækið setti nýlega á markað **EGF BIOeffect™** húðdropa sem hlotið hafa frábærar viðtökur á markaði hér á landi og erlendis.

Hjá ORF Líftækni og dótturfyrirtæki þess starfa nú um 40 manns. Fyrirtækið er í fremstu röð fyrirtækja í heiminum á sínu sviði og hlaut **Nýsköpunarverðlaun Rannís, Útflutningsráðs og Nýsköpunarmiðstöðvar árið 2008.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 101729

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Lausar stöður í leikskólum

**Hraunvallaskóli** (590 2881 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Þroskaþjálfi

**Hörðuvellir** (555 0721 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar eða annað uppeldismenntað starfsfólk

**Hvammur** (565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari
Sérkennslustjóri í tímabundið starf

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla. Sjá nánar á heimasíðum skólanna.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

## Spennandi starf í góðu starfsumhverfi

Flugfjarskipti ehf

Flugfjarskipti ehf hafa ákveðið að fjölga í hópi flugfjarskiptamanna og bjóða upp á nám í flugfjarskiptum. Námið hefst þann 1. september n.k. og áætluð námslok eru í mars 2011. Þeim umsækjendum sem standast próf og aðrar tilskyldar hæfniskröfur verður að námi loknu boðið starf flugfjarskiptamanns hjá Flugfjarskiptum.
Námið er tvíþætt. Fyrri hlutinn fer fram í ATS skóla Isavia ohf, en seinni hlutinn er starfsþjálfun hjá Flugfjarskiptum. Nemendur eru á launum á námstímanum.

**Hæfniskröfur:**

- Umsækjendur skulu hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegri menntun, hafa góða ensku- og vélritunarkunnáttu, tala skýrt mál auk þess að fullnægja tilskyldum heilbrigðiskröfum.
- Við leitum að starfsmönnum með góða samskiptahæfileika og lipra og þægilega framkomu. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði í starfi og geta unnið undir álagi.

***Í boði er*** spennandi starf í öruggu og góðu starfsumhverfi.
Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Flugfjarskipta: www.gannet.is. Einnig svarar Erla S. Jensdóttir, rekstrar- og mannauðsstjóri, fyrirspurnum í síma 563 6554 eða á erla@gannet.is .
Skriflegar umsóknir með ítarlegum upplýsingum um fyrri störf og reynslu, ásamt mynd sendist Flugfjarskiptum ehf, Sóleyjarima 6, 112 Reykjavík eða með tölvupósti á gannet@gannet.is.

**Umsóknarfrestur er til 5. júlí næstkomandi.**
**Sakarvottorð fylgi umsókn.**
Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Flugfjarskipta: www.gannet.is.

Öllum umsóknum verður svarað.

*Flugfjarskipti ehf er að fullu í eigu Isavia ohf. Fyrirtækið sinnir tal- og gagnaviðskiptum við alþjóðaflug í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 50 og starfssemin er á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Flugfjarskipti ehf leggja áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.*

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Embætti umboðsmanns skuldara er laust til umsóknar

**Embætti umboðsmanns skuldara** er ríkisstofnun sem umboðsmaður skuldara veitir forstöðu og ber hann faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri hennar. Stofnunin starfar samkvæmt nýjum lögum um umboðsmann skuldara. Félags- og tryggingamálaráðherra skipar umboðsmann skuldara til fimm ára í senn frá og með 1. ágúst nk.

**Umboðsmaður skuldara** skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu af málefnum á starfssviði stofnunarinnar.

**Mikilvægt er** að viðkomandi búi yfir þekkingu og reynslu sem nýtist við stjórnun embættisins. Áhersla er lögð á leiðtogahæfni, sjálfstæð og fagleg vinnubrögð ásamt færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

**Umsóknir** ásamt upplýsingum um menntun, prófgögn og fyrri störf skulu berast félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík, eða á netfangið: postur@fel.stjr.is eigi síðar en 12. júlí nk. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um embættið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Vinsamlegast athugið að um opinbera embættisveitingu er að ræða og því ekki hægt að óska nafnleyndar.

**Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri,** veitir nánari upplýsingar um starfið í síma 5458100.

STRÁ MRI WORLDWIDE

# Grafískur hönnuður

**OFFICE 1 leitar að hugmyndaríkum, öflugum og reyndum einstaklingi til að gegna starfi sem grafískur hönnuður í markaðsdeild fyrirtækisins sem sæi einnig um vefsíðugerð.**

### Helstu verkefni:

- Hönnun og uppsetning auglýsinga (td. fyrir dagblöð, tímarit, internet, sjónvarp o.s.frv.)
- Uppsetning / Hönnun á vöru- og tilboðsbæklingum
- Grafík /myndvinnsla fyrir heimasíður
- Merkingar fyrir verslanir
- Myndataka á vörum
- Annað markaðs- og auglýsingatengt efni.

### Hæfniskröfur:

- Menntun eða góð starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á:
  - o InDesign
  - o Photoshop
  - o Illustrator
  - o Flash
- Reynsla af vefsíðugerð
- Góð íslenskukunnátta
- Frumkvæði í starfi, metnaður og áhugi.



Nánari upplýsingar veitir Birgitta birgitta@egilsson.is í síma 575 5722

Office1

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

## SKARTGRIPAVERSLUN Á LAUGAVEGINUM ÓSKAR EFTIR STARFSKRAFTI

Skartgripaverslun á Laugavegi óskar eftir að ráða starfskraft í hlutastarf frá 1. ágúst eða fyrr. Vinnutíminn er frá kl. 12 til 18 alla virka daga og felst starfið í afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini. **Um framtíðarstarf er að ræða.** Umsókn með ljósmynd sendist á netfangið: hrannar18@visir.is.

HÁRRÉTT

Hárstofa / Rakarastofa

## Hársnyrtir óskast

**Vegna mikilla anna óskum við eftir starfsmanni í hlutastarf.**
**Stólaleiga kemur einnig til greina.**
**Upplýsingar á harrett@internet.is**

SELTJARNARNES

## Auglýsir eftir listgreinakennara við Grunnskóla Seltjarnarness sem getur kennt tæknimennt.

**Um er að ræða 8 kennslustundir á unglingastigi.**

**Nánari upplýsingar veitir Helga Kristín Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri helgakr@seltjarnarnes.is.**
**Skilafrestur umsókna er til 5. júlí nk.**

Á Seltjarnarnesi eru um 600 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk. www.grunnskoli.is

Fræðslu-, menningar- og þróunarsvið Seltjarnarnesbæjar

MOSFELLSBÆR

## Starf við Varmárskóla, Mosfellsbæ

**Varmárskóli auglýsir eftir sérkennara í tímabundna ráðningu til eins árs:**

### Sérkennari á unglingastigi 100% staða.

**Diplóma í sérkennslu æskileg.**
Upplýsingar veita skólastýrur Þórhildur Elfarsdóttir (thorhildur@varmarskoli.is sími 863-3297 og Þóranna Rósa Ólafsdóttir (thoranna@varmarskoli.is ) sími 899-8465

Umsóknarfrestur er til og með 9. júlí 2010. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið. Í Varmárskóla fer fram mikið og öflugt þróunarstarf m.a. í stærðfræði og útinámi. Við leitum að konum sem körlum, sem hafa ánægju af að vinna með börnum og skemmtilegu og faglegu samstarfsfólki. Búið er að koma upp útikennslustofu í fögru umhverfi Varmárskóla og íþróttaaðstaða er hin glæsilegasta.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

**BLÖNDUÓSBÆR**

## GRUNNSKÓLAKENNARAR

**Kennara vantar til starfa við Grunnskólann á Blönduósi næsta haust.**

Um er að ræða 100% afleysingastöðu til eins árs í almennri kennslu á yngsta stigi, 50% stöðu í almennri kennslu á yngsta/mið stigi, 50% stöðu í heimilisfræði, 25% stöðu í tónmennt og 50% stöðu í list- og verkgreinum. Einnig vantar afleysingu í stöðu íþróttakennara í þrjá mánuði frá miðjum september.

Umsækjendur þurfa að hafa réttindi til að kenna í grunnskóla. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af starfi í skóla með einstaklingsmiðaðar áherslur. Góðir skipulags-, samskipta- og samvinnuhæfileikar eru skilyrði.

Frekari upplýsingar gefur Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri (thorhalla@blonduskoli.is) í síma 892-4928.

**Umsóknarfrestur er til 11. júlí nk. og skal umsókn skilað með ferilskrá á netfang skólastjóra: thorhalla@blonduskoli.is**

## Atvinna hjá Keili

**Keili vantar náms- og starfsráðgjafa til afleysinga veturinn 2010 - 2011. Um er að ræða fullt starf frá miðjum ágúst næstkomandi.**

**Áhugasamir hafi samband við Önnu Maríu Sigurðardóttur náms- og starfsráðgjafa eða við Steinunni Evu Björnsdóttur forstöðumanns kennslusviðs í síma 578 4000 eða með því að senda tölvupóst á namsradgjafi@keilir.net eða steinunn@keilir.net**

**Keilir**
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

# Gogogic seeks wizards

Gogogic is building a new web team that is intended to be the best of it´s kind.
The posts we are looking to fill are:

## Team leader/web programmer

RESPONSIBILITIES:

- Lead the development and integration of applications, web sites and other online solutions
- Have a leading role in the design and the maintainance of PHP/MySQL systems architecture
- Train, mentor and lead his or her developer team
- Responsible for analyzing assigned tasks, providing accurate work estimates, and managing own time and that of developers to keep development in line with time and cost estimates
- Code and system documentation

REQUIREMENTS:

- Understanding of the latest trends in web design, online services and entertainment
- Superior knowledge of HTML / CSS with a view of creating accessible web pages for both users and search engines. Knowledge of Wordpress is advantageous
- Mastery of Project management and the ability to lead an integrated team working on multiple online projects
- Ability to work fast and perform well under pressure

EXPERIENCE:

- Minimum 5 years experience in software development
- Successful track record of web and online development projects

## Web/Interactive Designer

RESPONSIBILITIES:

- Responsible for content layout and pixel perfect visual appearance

REQUIREMENTS:

- Passionate about all aspects of web/interactive design and details
- Great understanding of usability design
- Superior knowledge of Photoshop
- Intermediate skills in Flash, Illustrator & InDesign
- Knowledge of After Effects and animation technique is recommended
- Superior knowledge of current web-design trends and techniques
- The ability to constantly refresh his or hers skills and knowledge
- Sharp-eye for concept and execution as well as production and business facets
- Ability to work fast and perform well under pressure

EXPERIENCE:

- Several years of hands-on experience
- A strong online portfolio

## Flash/Action Script programmer

REQUIREMENTS:

- Experienced in Adobe Flash CS3-CS5 and ActionScript 3
- Needs to know tweens, timeline as well as the security sandbox model and crossdomain files
- Good overall knowledge in html, javascript and general web programming
- Sharp-eye for concept and execution
- Ability to work fast and perform well under pressure
- The ability to constantly refresh his or hers skills and knowledge

Gogogic was established in 2006 by entrepreneurs that set out to create and introduce a modern breed of game development company. The company has established itself as a serious player in the market with a handful of titles and strong 3rd party relationships under its belt. Success is based on a strong understanding of emerging gaming markets and an ability to harness communities as part of innovative game concepts. Gogogic has grown rapidly and currently employes 30 dedicated and ambitious professionals. The company has just moved it´s headquarters to Laugavegur 182.

GOGOGIC
PLAYING WITH LOGIC

Please send your CV and cover letter to jobs@gogogic.com
All applications are confidential and will be answered through e-mail. Deadline for applications is Friday July 2nd.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2010

# Hug- og verkvit

## Marel leitar að áhugasömu og hæfileikaríku fólki

Við sækjumst eftir starfskröftum sem eru nákvæmir í vinnubrögðum og sveigjanlegir, búa yfir góðum samskiptahæfileikum og enskukunnáttu og geta unnið vel í teymi. Í boði eru störf í spennandi alþjóðlegu umhverfi sem henta jafnt konum sem körlum.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3200 manns í fimm heimsálfum, þar af um 350 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnu-aðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

### Starfsmaður í söluferli

Starfið felur í sér fjölbreytt verkefni og mikil samskipti bæði innanlands og við samstarfsaðila og dótturfyrirtæki Marel í yfir 34 þjóðlöndum.

**Þú færð að:**

- taka á móti pöntunum frá söluneti fyrirtækisins
- sjá um skráningu pantana í gagnagrunna
- sjá um útgáfu afhendingartíma á stöðluðum vörum og lausnum

**Þú þarft að hafa:**

- hagnýta menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi
- þekkingu á Excel og Dynamics AX

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Berta Daníelsdóttir, berta.danielsdottir@marel.com, í síma 563 8000.*

### Forritari í Grunnvörusetri

Vörusetrið þróar vélbúnað fyrir stýringar, netkerfi og notendaviðmót sem er kjarni í öllum framleiðsluvörum Marel. Ný kynslóð stýritölva Marel notar Linux stýrikerfi og Qt hugbúnaðarumhverfi fyrir viðmótsforritun. Marel hefur þróað sérstakt hugbúnaðarumhverfi (Pluto) fyrir stýriforrit ("embedded" forrit) og leitar nú að forritara til að vinna m.a. að tengingum milli Pluto og Qt.

**Þú færð að:**

- vinna í afburða teymi forritara og tæknimanna á sviði vélbúnaðar og stýringa
- taka þátt í Agile/SCRUM teymisvinnu

**Þú þarft að hafa:**

- menntun í kerfisfræði, tölvunarfræði og/eða verkfræði
- reynslu af Linux, forritun í C++ og þekkingu á Qt viðmótsforritun

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásgeir Ásgeirsson, asgeir.asgeirsson@marel.com, í síma 563 8000.*

### Vélaverkfræðingar og véltæknifræðingar í vöruþróun

Starfið felur í sér hönnun og þróun á nýjum vörum Marel. Við vélahönnun hjá Marel starfa yfir 40 sérfræðingar hér á landi og í Danmörku.

**Þú færð að:**

- vinna með öflugum sérfræðingum í faginu með vönduð vinnubrögð í fyrirrúmi
- hanna í SolidWorks

**Þú þarft að hafa:**

- Ph.D. , M.Sc. eða B.Sc í vélaverkfræði/véltæknifræði eða sambærilegu fagi
- helst grunnþekkingu á einhverju af eftirfarandi: servo tækni, stýritækni, vélhluta hreyfifræði (e. mechanism), vélhluta hönnun (e. construction), þekkingu á 3D teikniforritum og öðrum hönnunarforritum.

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristján Hallvarðsson, kristjan.hallvardsson@marel.com, í síma 563 8000.*

### Forritari í INNOVA vörusetri

INNOVA er hugbúnaður fyrir framleiðslueftirlit/stýringu í matvælaiðnaði og er notað af helstu matvælafyrirtækjum um allan heim. Nú starfa um 50 manns við þróun, sölu og þjónustu við INNOVA hugbúnaðinn hér á landi og í Danmörku. Starfið krefst ferðalaga.

**Þú færð að:**

- vinna í afburða teymi forritara og hugbúnaðarráðgjafa
- taka þátt á Agile/SCRUM teymisvinnu
- takast á við framtíðarstarf í ört vaxandi alþjóðlegri hugbúnaðarstarfsemi

**Þú þarft að hafa:**

- menntun í kerfisfræði, tölvunarfræði og/eða verkfræði
- góða reynslu í forritun og hugbúnaðargerð með Visual Studio, C# og MS SQL Server

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásgeir Ásgeirsson, asgeir.asgeirsson@marel.com, í síma 563 8000.*

Frestur til að sækja um öll störfin er til og með 5. júlí nk. Vinsamlegast sækið um störfin á heimasíðu Marel, www.marel.com/jobs.



www.marel.com

marel

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Læknir - Lyflækningar krabbameina

Á lyflækningum krabbameina er laust tímabundið starf læknis í eitt ár. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. ágúst 2010 eða eftir samkomulagi.

Leitað er eftir reyndum lækni sem myndi fyrst og fremst starfa á legudeild sem er 14 rúma deild þar sem sinnt er bráðum lyflæknisfræðilegum vandamálum krabbameinssjúklinga.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Starfið á deildinni felur m.a. í sér teymisvinnu með öðrum starfstéttum og sérgreinum spítalans. Leitast er við að hafa samfellu í meðferð sjúklinga þannig að hver sjúklingur fær ábyrgan sérfræðilækni við greiningu.

### Hæfnikröfur

» Sérfræðiviðurkenning í lyflækningum en læknir með mikla reynslu í lyflækningum eða skyldum greinum kemur einnig til greina.
» Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 20.07.2010. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala www.landspitali.is.
» Upplýsingar um starfið veitir Halla Skúladóttir, yfirlæknir, netfang hallasku@landspitali.is, sími 543 1000.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Höllu Skúladóttur, yfirlæknis lyflækninga krabbameina, 20A við Hringbraut.
» Starfið er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.
» Umsókninni skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
» Mat á ráðningu byggist á innsendum umsóknargögnum og viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt með því að smella á „sækja um starf" á heimasíðu www.landspitali.is. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, mannauðssviði, Eiríksgötu 5,. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

---

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Lausar stöður í grunnskólum 2010-2011

**Áslandsskóli** (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)
Skólaliði

**Hraunvallaskóli** (590 2800 agusta@hraunvallaskoli.is)
Sérkennari, eða kennari með mikla reynslu af sérkennslu
Umsjónarkennari á unglingastigi, dönskukennsla
Tónmenntakennari (afleysing) (75%)
Þroskaþjálfi við leikskólastig

**Öldutúnsskóli** (555 1546 (herla@oldutunsskoli.is)
Náttúrufræði og stærðfræði í unglingadeild
Sérkennari eða kennari sem hefur mikla reynslu af námsaðstoð við nemendur (100%)
Umsjónarkennari fyrir yngsta stig

Framlengdur umsóknarfrestur er til og með 3. júlí.
Allar upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla, sjá einnig www.hafnarfjordur.is

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

---

Adecco Norge AS is a part of Adecco Group and a leader in providing HR solutions in Norway. We are represented by over 70 offices and departments all over Norway. Adecco Bygg & Industri is dedicated to offer employment within various sectors including construction, industry and engineering.

## New opportunities in Norway?

Adecco Bygg & Industri is looking for skilled and experienced carpenters, formwork carpenters and heavy machinery operators for various jobs in Norway.

- Have you completed education in any of the above professions?
- Do you have at least 3 years experience in your profession?
- Do you have good command of English or Norwegian?
- Are you outgoing and willing to take up new challenges?

**Then do not hesitate and send your application now!**

For more information about our offer call our Recruitment Department at +47 23290007.

To apply send your CV to **bygg.industri@adecco.no** today!

Adecco Bygg & Industri
better work, better life
**adecco.no**

---

**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**
**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**
FRÉTTABLAÐIÐ
**www.visir.is/posthusid – sími 585 8330**



---



# Hey, okkur vantar forstöðumann markaðsmála!

Síminn ætlar að ráða afreksmanneskju til að leiða markaðsdeild fyrirtækisins og skipuleggja markaðsmálin í samstarfi við framkvæmdastjóra Markaðssviðs.

Við hvetjum þig til að sækja um starfið ef þú vilt taka þátt í að móta framtíðina hjá einu öflugasta samskiptafyrirtæki landsins og ef þú hefur:

- Háskólapróf í markaðsfræðum eða sambærilegu
- Minnst tveggja ára reynslu sem stjórnandi og skipuleggjandi markaðsstarfs
- Náð mælanlegum árangri í markaðsstarfi
- Góða forystu- og stjórnunarhæfileika
- Unun af hópvinnu
- Yfirsýn og skipulagsgáfu
- Getu til að vinna vel undir miklu álagi
- Hæfileika til að sjá skóginn fyrir trjánum
- Lesið allt, frá Kotler til .... hvað heitir hinn aftur?
- Þekkingu á SOV og SOM og visku til að greina þar á milli
- Bein í nefinu

Umsóknum þarf að skila á netfangið umsoknir@siminn.is fyrir kl. 16.00 föstudaginn 9. júlí.

Allar nánari upplýsingar veitir Baldur Gísli Jónsson hjá Mannauðssviði í síma 893 6489. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer umsagnaraðila. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

800 7000 - siminn.is

Það er Síminn

800 7000 – siminn.is

Tækniþjónusta Símans í Reykjavík

# Nýtt fólk í sterkan hóp

Síminn leitar að nýjum liðsmönnum til eftirtalinna starfa. Ef þú leitar að starfi í krefjandi starfsumhverfi, hefur brennandi áhuga á einhverju eftirtalinna sviða og starfsreynslu því tengda þá erum við með rétta starfið fyrir þig.

Síminn sérhæfir sig í hýsingu og rekstri tölvukerfa. Með því að fela Símanum tölvureksturinn getur fyrirtæki þitt einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni og látið sérfræðinga Símans um að hugsa um tölvukerfin.

Hornsteinn Símanns er starfsfólk með framúrskarandi þekkingu og hæfni sem byggir á öflugri liðsheild.

Við leitum að starfsmönnum með afbragðs þjónustulund og góða samskiptahæfileika.

## Sérfræðingur í gagnageymslulausnum

**Starfslýsing:**
Umsjón og rekstur miðlægs búnaðar í vélasölum hýsingarþjónustu Símans ásamt viðhaldi á hugbúnaðarlausnum (e. management software) fyrir vélasali, gagnageymslur og aðra innviði tengda vélasölum.

**Hæfniskröfur:**
- Góð þekking á uppbyggingu vélasala er nauðsynleg
- Þekking á SAN innviðum (Brocade/Cisco) og diskastæðum frá HP og IBM
- Reynsla af rekstri, hönnun og uppsetningu miðlægra kerfa
- Bladecenters og SAN Volume Controller er kostur
- Afbragðs þjónustulund og hæfileiki til að vinna sjálfstætt

## Sérfræðingur í afritunarlausnum

**Starfslýsing:**
Rekstur og viðhald á afritunarlausn Símans sem byggir á Tivoli Storage Manager og afritunarþjörkum frá IBM og HP.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af rekstri Tivoli Storage Manager afritunarlausnar
- Samviskusemi og vandvirkni er skilyrði
- Afbragðs þjónustulund og hæfileiki til að vinna sjálfstætt
- Þekking eða vottun á AIX, TSM og Systems p er kostur

## Sérfræðingur í gagnageymslulausnum fyrir sýndarvélaumhverfi

**Starfslýsing:**
Ferskt bragðið einkennist af lítilli beiskju, ávöxtum og léttum karamellukeim. Hann fer vel með flestum mat, einkum grilluðum fiski, pastaréttum eða góðum ostum. Tuborg Classic er loksins fáanlegur í völdum Vínbúðum. Mælt er með því að drekka hann við 5–8 gráður.







## Aftur til fortíðar með nýju Grape

### G&G, Gordon's og Grape er svalasti drykkurinn í sumar.

Sumarkokteillinn í ár inniheldur kunnuglegt bragð sem Íslendingar elska. Ölgerðin setti nýverið á markað nýtt Egils Grape sem slegið hefur rækilega í gegn. Þessi fornfrægi gosdrykkur er framleiddur eingöngu úr náttúrulegum hráefnum og hreinum ávaxtasafa sem gefur ferskt og ekta grapebragð. Ekki aðeins er nýja Grape-ið sérlega svalandi og ferskur drykkur fyrir alla fjölskylduna heldur þykir Grape-ið tilvalið til blöndunar á kokteilum og hafa ginágugamenn löngum verið ginkeyptir fyrir þessum görótta drykk. Nú segja sérfræðingarnir að nýja Grape-ið hafi aldrei verið eins gott út í gin. Gamla góða gin og grape hefur því sjaldan verið betra enda finna veitingamenn fyrir síauknum áhuga á þessum fornfræga kokteil og samkvæmt þeim sömu þykir hið sívinsæla Gordon's gin til þess fallið að blanda við nýja Grape-ið.

G&G – Gordon's og Grape

Fullt glas af ís
Sítrónusneið kreist yfir
3cl Gordon's gin
Fyllt upp með Egils Grape
Skreytt með sítrónusneið.





# SPÁNN





## Yfir 600 vínviðartegundir notaðar í spænska víngerð



Á Spáni eru yfir 1,17 milljón hektara notaðir undir fjölbreytta vínrækt, en þjóðin er meðal fremstu vínframleiðenda heims og sú þriðja stærsta, á eftir Ítalíu og Frakklandi. Spánverjar eru í níunda sæti meðal þjóða heims þegar kemur að víndrykkju, en þar er meðaldrykkja um 38 lítrar víns á ári.

Fjölbreytt flóra vínviðar er ræktuð á Spáni og yfir 600 mismunandi tegundir gróðursettar á vínekrum landsins, þótt langmest af vínframleiðslunni komi frá tuttugu algengustu vínþrúgunum, þar á meðal Tempranillo, Palomino, Monastrell, Macabeo og Garnacha, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Þekktustu vínhéruð Spánar eru Rioja, Ribera del Duero, Jerez, Rías Baixas og Katalónía sem framleiðir hið heimsþekkta Cava og fleiri víntegundir í sveitum Penedés og Priorat.

# Freyðandi munaður

**Spánverjar gera fremstu freyðivín heims, en gullin freyðivín þeirra gefa kampavíni ekkert eftir.**

Þegar vínlús herjaði á franskan vínvið í byrjun 20. aldar náðu Spánverjar forskoti á önnur freyðivín heimsins með Cava.

Þeir áttu þó enn langt í land með að ná vinsældum og virðingu hins eina, sanna kampavíns, sem allir freyðivínsframleiðendur veraldar stóðu í skugganum af, sökum ýmissa vankanta og tæknilegra aðstæðna.

Nafnið kampavín (Champagne), sem og kampavínsaðferðin (médoise champagnes), va þá þegar heimsþekkt vörumerki sem í augum neytenda táknaði hæstu gæði og ávallt sett í samhengi við frönsk kampavín. Þó var enn farið frjálslega með noktun nafnsins Champagne um heimsbyggðina og það var ekki fyrr en Evrópska efnahagssvæðið var stofnað árið 1957 að nafnið fékk lögverndun og notkun þess var bönnuð á freyðivínsframleiðslu utan Campagne-héraðs Frakklands. Þaðan í frá þurftu framleiðendur freyðivína á Spáni að finna hentugt nafn sem aðskildi framleiðslu Katalóníu frá öðrum freyðivínum heimsins og varð nafnið Cava fyrir valinu. Cava merkir kjallari, rétt eins og Bodega, nema hvað Bodega er ofanjarðar en Cava er í jörðu niðri þar sem freyðivín eru látin þroskast á flöskum í stöðugu hitastigi. Í dag hefur Cava náð svipaðri útbreiðslu og Champagne og þykir framleiðsla Katalóníumanna svo afbragðs góð að Cava hefur náð stöðu freyðivíns númer tvö í heiminum; strax á eftir franska kampavíninu. Meðal freyðivína sem bera Cava-gæðastimpilinn er Freixenet, en einungis sérvalið vín er notað í blöndun slíkra vína. Frá árinu 1889 hefur Ferrer-fjölskyldan framleitt Freixenet-freyðivínin og er nú stærsti framleiðandi sinnar tegundar í heiminum með dreifingu í 140 löndum. Freixenet notast við hið rómaða kampavínsferli eða „médoise champagnes“, sem er mun flóknara og dýrara en almennt tíðkast við gerð freyðivíns.



**VÍNEKRUR Í KATALÓNÍU** Á Norður-Spáni eru framleidd hágæða freyðivín eftir aðferðum kampavínsbænda. NORDICPHOTOS/GETTY


**Auglýsingasími**

**512 54 01**




Allt sem þú þarft...



**Fjölskylduhátíð í Heiðmörk**

**Vígsluflöt laugardaginn 26. júní frá kl 13-16**

**13.00 Formaður** flytur ávarp

**13.10 Borgarstjóri** flytur ræðu og gróðursetur tré

**13.30 Rathlaupsfélagið Hekla** stendur fyrir rathlaupi (orienteering)

Þrautabraut, skógarleikir Helenu Óladóttur,
Brasstríóið Mora, Amlóði, Hálfsterkur og Fullsterkur,
lúpínuviðureign á milli fylkinga og tréskurðarlistamenn að störfum.
Gómsætar veitingar á góðu verði

Nánari upplýsingar á www.heidmork.is




### FREIXENET CARTA NEVADA SEMI SECO

Lýsing: Strá gult með miðlungs stórum loftbólum, sætur og blómlegur ávaxta angan sem heldur áfram í munni, þægileg sæta með nægilegri þykkt einkennir eftirbragðið.

Passar með: Mjög gott sem fordrykkur. Hentar mjög vel með eftirréttum þá sérstaklega kökum, á hinn bóginn þá er þetta líka vín sem er drukkið með austurlenskum krydduðum mat.
Þrúga: 33% Macabeo - 33% Xarel-lo - 33% Parellada
Stærð: 200ml og 750 ml
Styrkur: 12%
**Verð: 688,-, 2.057,-**



### FREIXENET CORDON NEGRO BRUT

Lýsing: Ljós gult með fínlegum loftbólum í glasinu, ferskur ákafur ávaxta ilmur. Létt og leikandi í munni með ferskum sýrurikum blæ og þægilega freyðandi.

Passar með: Virkilega hentugur fordrykkur þar sem fersk sýran æsir upp hungrið, en að sama skapi er líka upplagt að drekka svona Cava með fiskréttum og skelfisk sem eru ekki í of mikilli eða feitri sósu.
Þrúga: 40% Parellada - 35% Macabeo - 25% Xarel-lo
Stærð: 200ml og 750 ml
Styrkur: 12%
**Verð: 688,-, 2.057,-**



### FREIXENET CORDON NEGRO SECO

Lýsing: Ljós gult með fínlegum loftbólum í glasinu, ferskur og örlítið sætur ákafur ávaxta ilmur. Þægileg sæta sem blandast sýrunni í fullkomnu jafnvægi fyllir muninn ásamt góðum ávexti og fersku þægilegu eftirbragði.

Passar með: Góður fordrykkur fyrir þá sem kjósa ekki of þurrt eða sýrurikt. Hentar flestum þar sem jafnvægið er gott, vel hægt að nota með mat í "Oriental Style".
Þrúga: 40% Parellada - 35% Macabeo - 25% Xarel-lo
Stærð: 750 ml
Styrkur: 12%
**Verð: 2.057,-**



### FREIXENET CORDON ROSADO BRUT

Lýsing: Laxa bleikt með flottum fínlegum loftbólum og blóma angan með fersku bragði og mikilli fyllingu sem fullkomnast af löngu þægilegu eftirbragði. Vel gert og þægilegt vín sem bíður upp á mikla möguleika.

Passar með: Hentar mjög vel sem fordrykkur. Gott með grilluðum kjúkling, bragðmiklum fiski- og sjávarréttum. Fullkomið Cava í standandi móttökur þar sem boðið er upp á Tapas borð eða blandaðan pinna mat.
Þrúga: 70% Trepat - 30% Garnacha
Stærð: 200ml(Seco ) og 750 ml
Styrkur: 12%
**Verð: 688,- , 2.057.-**

# BESTI bitinn



**VATNSMELÓNUPITSA** „Besti bitinn er tvímælalaust vatnsmelónupitsan sem yðar einlægur er höfundur að. Heimagert deig, vatnsmelóna skorin í teninga, gráðostur og svo parmaskinka til að toppa. Pítsan er bökuð í ofninum með vatnsmelónunni og gráðostinum en skinkan sett á eftir. Þetta kombó gælir við bragðlaukana.“

*Arnar Eggert Thoroddsen tónlistargúrú*



**HUMARSALAT** „Saffran hefur verið vinsæll biti á mínu heimili undanfarið. Humarsalatið þar er himneskt sem og meinholla súkkulaðimúsin þeirra. Þetta er líka fínn staður fyrir litla fólkið og svo sakar ekki hvað maturinn er á sanngjörnu verði. Argentína hefur svo alltaf verið „fíni“ staðurinn okkar skötuhjúa.“

*Kolbrún Pálína Helgadóttir ritstjóri*



**SKYR OG HUMAR** „Besti bitinn þegar ég kem til landsins er í heimahúsi, annaðhvort hjá systur minni eða tengdaforeldrum mínum. Ekta íslenskur matur, til dæmis hvítlauksristaður humar í forrétt og lambafillet af grilli á björtum sumardegi. Skyr með rjóma og nýtíndum aðalbláberjum í eftirmat.“

*Hrólfur Sæmundsson, óperusöngvari í Þýskalandi*




512 54 01
Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...



Listamaðurinn Eiríkur Smith við eitt verka sinna á sjötta áratugnum.

# Formlegt aðhald Eiríks Smith

Sýning á verkum listmálarans Eiríks Smith verður opnuð í dag í Hafnarborg og stendur til 22. ágúst. Um er að ræða verk frá árunum 1951 til 1957 og hefur sýningin hlotið yfirskriftina Formlegt aðhald.

Verkin eru frá fyrstu árunum eftir að Eiríkur sneri heim frá námi í Kaupmannahöfn og París, síðari hluta ársins 1951. Eiríkur varð þátttakandi í þeirri miklu formbyltingu sem átti sér stað í myndlistinni hér á landi á þessum árum, þegar geómetríska abstraktlistin, eða strangflatarlistin, var að nema hér land. Eiríkur hélt einkasýningu á slíkum verkum í Listamannaskálanum árið 1952 og haustið 1953 átti hann verk á sýningu á strangflatarverkum á sama stað, sem þótti marka tímamót í myndlistarsögunni.

Verkin á sýningunni eru flest frá árunum 1952 til 1954, en þá hóf Eiríkur nám í prentmyndasmíði. Árið 1957 gerði hann endanlega upp hug sinn varðandi strangflatarlistina og brenndi nokkrum hluta verka sinna ásamt eldri verkum í malargryfju í Hafnarfirði.

„Mér hefur verið álasað fyrir þetta uppátæki, en það var mér eins konar hreinsunareldur. Nú taldi ég mig geta byrjað að nýju,“ segir Eiríkur á heimasíðu Hafnarborgar.



Komposition frá árinu 1952 er meðal verka á sýningunni.

Í Sverrissal í Hafnarborg eru teikningar Eiríks til sýnis, undir yfirskriftinni Fólk við störf. Eiríkur þykir afburðateiknari og margar teikninga hans eru varðveittar í Hafnarborg. **- kóp**

# Leiðsögn um ónefnd kvikmyndaskot

Hulda Hlín Magnúsdóttir listfræðingur verður með leiðsögn um sýningu á einni þekktustu ljósmyndaseríu bandarísku listakonunnar Cindy Sherman, sem stendur yfir í Listasafni Íslands, á morgun klukkan 14.00. Hulda Hlín starfaði um tíma hjá Listasafni Íslands sem deildarstjóri sýningardeildar. Myndröð Sherman samanstendur af 70 svarthvítum ljósmyndum þar sem listakonan stillir sér upp sem leikkonu í ímynduðum kvikmyndum sem bera keim af gullöld kvikmyndanna í kringum miðja síðustu öld. Hún er ýmist stödd í ótilgreindri B-mynd, Hollywoodstórmynd eða evrópskri film noirræmu. Myndirnar voru unnar á árunum 1977–1980 og skutu henni kornungri upp á stjörnuhimin myndlistarinnar ásamt því að opna augu myndlistarheimsins fyrir möguleikum ljósmyndarinnar.



Cindy Sherman í hlutverki sínu.

Sýningin mun standa fram til 5. september.





4ra rétta tilboðsseðill

Kryddlegin bleikja
*með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu*

Humarsúpa
*rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum*

Fiskur dagsins
*það ferskasta hverju sinni; útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar*

*** eða / Or ***

Lambatvenna
*með steinseljurótarmauki, aspas, rófu, soðkartöflu og basil-myntu gljáa*

Kókoshnetu Tapioca
*með steiktu mangói og lychee sorbet*

**Verð aðeins 7.290 kr.**

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot

Sameinumst í hjarta bæjarins

Frá og með 1. júlí sameina Mojo og Senter sköpunarkrafta sína í þágu fagmennsku, hárprýði og gleði. Hittumst í Tryggvagötu 28 (1919 hótelið) sem allra fyrst!



mojo. SENTER HÁRSNYRTISTOFA



FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

Svanhildur Konráðsdóttir: „Er það orðið tabú að koma á framfæri samræmdum, skýrum og aðlaðandi skilaboðum um hvað Ísland stendur fyrir sem ferðamannaland?“

FRAMHALD AF FORSÍÐU

yfirleitt inn af miklum þunga á þessum tíma, í algjört frost. Þetta er að breytast. Við teljum að það sé ástæða til að vera sæmilega bjartsýn á að júnímánuður verði jafn góður og í fyrra og það eru vísbendingar um að síðsumars og fram á haust geti staðan orðið betri en í fyrra.“

## Tangarsókn úr öllum áttum

Sýnilegasti hluti kynningarátaksins hér á landi hefur verið myndband, sem stjórnvöld hvöttu Íslendinga til að senda vinum og kunningjum erlendis og hvetja þá til að heimsækja Ísland. Svanhildur leggur áherslu á að myndbandið sé aðeins einn þáttur af markaðsátakinu. „Við erum í tangarsókn, ef svo má segja, úr öllum áttum.“

„Eðlilega hefur þjóðarátakið vakið mesta athygli hér innanlands. Til þess var leikurinn gerður, að kveikja í Íslendingum og gera alla að sendiherrum. Það átak tókst mjög vel út af fyrir sig og Íslendingar tóku vel við sér. Þetta er hins vegar ekki nema brot af því sem er í gangi. Við höfum skipulagt kynnisferðir um alla helstu markaði í Evrópu og Skandinavíu, þar sem vísindamenn, aðilar úr ferðaþjónustu og fulltrúar frá utanríkisþjónustunni hittu okkar mikilvægustu tengiliði á mörkuðunum og erlenda blaðamenn til þess að útskýra málin; fara í gegnum stöðuna og leiða þeim fyrir sjónir að hér væri ekki allt á kafi í ösku. Það hefur líka tekist mjög vel. Þá höfum við birt auglýsingar í fréttamiðlum og umhverfismiðlum – á lestarstöðvum, strætóskýlum og þess háttar. Netið hefur verið notað á alla mögulega vegu; bæði í gegnum samfélagsmiðla og með hefðbundnari markaðssetningu. Það sem núna blasir við eru þriggja tíma tónleikar að Hamragörðum undir Eyjafjöllum 1. júlí, sem verða sendir út í beinni útsendingu á netinu. Það held ég að verði ákveðinn hápunktur.“

> Eðlilega hefur þjóðarátakið vakið mesta athygli hér innanlands. Til þess var leikurinn gerður, að kveikja í Íslendingum og gera alla að sendiherrum.

## Ekki verið að búa til ímynd

Skiptar skoðanir eru um ágæti þess að nota ímynd landsins í markaðsstarfi. Fyrir þremur árum kom út skýrsla á vegum forsætisráðuneytisins um ímynd Íslands, þar sem lagðar voru fram tillögur að skipulagi ímyndarmála og aðgerðum til að styrkja ímynd Íslands. Skýrslan sætti mikilli gagnrýni, meðal annars fyrir að draga upp upphafna og oflátungslega mynd af meintri þjóðarsál. Svanhildur segir vissulega unnið með ákveðna ímynd af Íslandi í Inspired by Iceland og gert út á ákveðna sérstöðu en engin bein tengsl séu milli verkefnisins og ímyndarskýrslunnar. „Þetta verkefni gengur út á að búa til slagorð; skilaboð til að ávarpa þá krísu sem við blasti, sem allir í ferðaþjónustunni geta nýtt sér. Það er heilbrigð skynsemi að menn vinni saman, stilli saman strengi og komi sér saman um sæmilega heilsteypt skilaboð.“

Svanhildur telur ekki að með þeim skilaboðum sé verið að búa til og framleiða ákveðna ímynd af landi og þjóð. „Það að búa til – eða öllu heldur skilgreina og miðla – ímynd er ógnarstórt viðfangsefni sem tekur langan tíma, mjög skipulega uppbyggingu á skilaboðum og markaðssetningu. Það er líka grundvallaratriði í mínum huga að ímynd er ekki eitthvað sem hægt er að búa til úr engu. Það verður að endurspegla eitthvað sem er satt og rétt; það verður að hafa hljómgrunn í því sem því er ætlað að lýsa.

Skilaboðin okkar gera út á sérstöðu og reyna að tala til þess markhóps sem ferðaþjónustan hefur séð í gegnum tíðina og er áhugasamur um Ísland, sérstaklega yfir sumartímann; fólk sem vill koma í ævintýraferðir, upplifa einstaka náttúru og, að mínu viti, einstaka menningu. Skilaboðin eru: komdu núna, hér er upplifun og að Ísland er uppspretta innblásturs. Það er ekki ímyndarsköpun; þú býrð ekki til ímynd með þriggja mánaða kynningarátaki.“

## Hvað vilja gagnrýnendurnir?

Svanhildur segir að þótt ímyndarskýrslan hafi ekki verið höfð til grundvallar við skipulag verkefnisins, hafi eflaust mátt leita þar fanga. „Ímyndarskýrslan var að mörgu leyti merkilegt plagg og í henni má finna ýmislegt gagnlegt ef menn gefa sér tíma til að raunverulega lesa hana og höggva ekki eingöngu eftir ranghugmyndum sem haldið er á lofti um hana. Þarna var leitast við að kortleggja þá mynd sem þjóðin hafði af sjálfri sér og vildi koma á framfæri við útlendinga. Það má vel vera rétt, sem til dæmis ýmsir fræðimenn bentu á, að í skýrslunni væri dregin upp rembingsleg sjálfsmynd. En þá geta menn líka spurt sig hvort sú mynd hafi á þeim tíma ekki speglað sjálfsmynd sem að minnsta kosti hluti þjóðarinnar hafði eða vildi sýna umheiminum?“

Svanhildur segir eðlilegt að skiptar skoðanir séu á aðferðafræðinni. „En mér þætti enn áhugaverðara að heyra og fá fram hugmyndir gagnrýnendanna. Hvernig hefðu þeir viljað gera þetta öðruvísi eða á kannski alls ekki að kynna Ísland á erlendum vettvangi? Er það orðið tabú að koma á framfæri samræmdum, skýrum og aðlaðandi skilaboðum um hvað Ísland stendur fyrir sem ferðamannaland?“

## Reynsla sem á að byggja á

Þótt Inspired by Iceland sé kynnt sem tímabundið kynningarátak, telur Svanhildur mikilvægt að því verði fylgt eftir af festu.

„Það er algjörlega skýrt í mínum huga að þetta er bara byrjunin á því sem koma skal. Það þarf að halda áfram að vinna með þetta hráefni og beita sömu vinnubrögðum.

Lærdómurinn sem fékkst úr gosinu var sá að það voru engar viðbragðsáætlanir til í ferðaþjónustunni um hvernig ætti að bregðast við. Menn hafa lært að vinna miklu betur saman og það hefur skilað sér í kynningar- og markaðsstarfi sem á sér engin fordæmi á Íslandi. Á þessu verðum við að byggja áfram og fyrir Íslandsstofu, sem tekur brátt til starfa sem kynningarmiðstöð Íslands, hlýtur reynslan sem hlaust af þessu verkefni að vera mjög dýrmætur heimanmundur.

Ég er mikil bjartsýnismanneskja að eðlisfari og til lengri tíma litið tel ég góða möguleika á því að við komum sterkari út úr þessari stöðu heldur en ella.“



Skilaboð markaðsátaksins eiga að höfða til fólks sem vill upplifa einstaka náttúru.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Sumarsæla 2010

ÞAÐ VERÐUR NÓG UM AÐ VERA Í SKAGAFIRÐI
25. JÚNÍ – 5. JÚLÍ
og þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi

Lummudagar – Landsbankamót
Barokkhátíð – Rafting
Siglingar – Golfmót
Sjósund – Miðnætursund
Fatasund – Einleikur- Tónleikar
Dansleikur – Ljósmyndasýningar
Sveitakaffi – Bókamarkaður
Gönguferðir – Rútuferðir
Jeppaferðir – Hestasýningar
Hestaleikhús – Hrossaræktardagur

Skagafjörður er kjörinn áfangastaður til að upplifa og njóta íslenskrar náttúru, hestamennsku, viðburða árið um kring og afþreyingar fyrir alla fjölskylduna

Skagafjörður – skemmtilegur í fríinu!

www.visitskagafjordur.is




Umboðssalan
Markaður fyrir notað og nýtt
Smáratorgi
...við hliðina á Rúmfatalagernum
Nýtt, nýlegt, notað,
gamalt og gott, uppgert, endurnýjað,
vel með farið, upprunalegt og ófáanlegt...
Við seljum fyrir þá sem vilja selja og seljum þeim sem vilja kaupa,
svo einfalt er það!
Umboðssalan Smáratorgi 1 Kópavogi
www.umbodssalan.is
Símar: 867 0157 / 867 0177

Júní 2010
menning
[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

## AÐ TJALDABAKI



**Graduale nobili** undir stjórn Jóns Stefánssonar heldur fjáröflunartónleika að lokinni messu í Langholtskirkju á morgun. Ástæða fjáröflunarinnar er fyrirhuguð keppnisferð kórsins á kórakeppni í Llangollen í Wales. Þar keppir kórinn í virtri kórakeppni en hann tók einnig þátt í henni í fyrra og gekk mjög vel, hreppti silfur og brons í þeim tveimur keppnum sem hann tók þátt í. Kórinn flytur keppnisverkin á morgun og fjöldi einsöngvara og hljóðfæraleikara mun koma fram. Í ferðinni mun kórinn einnig halda tónleika í St. Giles dómkirkjunni í Edinborg. Þess má geta að sjónvarpið í Wales hefur elt kórinn á röndum um helgina, en verið er að gera þátt um undirbúning kórsins fyrir keppnina.

**Hinn 9. júlí næstkomandi** verður myndlistarhátíðin VILLA REYKJAVIK opnuð á hafnarsvæðinu í Reykjavík. Tólf evrópsk og tvö íslensk myndlistargallerí opna tímabundnar sýningar í áður auðu húsnæði við Vesturgötu, Tryggvagötu og Geirsgötu. Meðal myndlistarviðburða má nefna sýningar á verkum Paweł Althamer, Johanna Billing, Rafał Bujnowski, Elínar Hansdóttur, Alena Kotzmannová, Michael Sailstorfer, auk fjölmargra annarra. Frekari upplýsingar um hátíðina má finna á slóðinni villareykjavik.com.











# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR ALLA

## Enn betra aðgengi að Fréttablaðinu

Breytingar voru gerðar á frídreifingu og lausasölu Fréttablaðsins 1. júní. Blaðinu er áfram dreift ókeypis í lúgur og Fréttablaðskassa á kjarnadreifingarsvæði* okkar. Nýbreytnin felst í að frídreifingu í verslunum og á bensínstöðvum á kjarnadreifingarsvæði verður hætt, en blaðið í staðinn selt í lausasölu um land allt samhliða fyrrgreindri frídreifingu heim eða í hverfi. Lausasölustöðum verður fjölgað til muna auk þess sem fjöldi Fréttablaðskassa í íbúðahverfum verður nærri þrefaldaður, úr 60 í um 170. Nánari upplýsingar um dreifingu Fréttablaðsins má nálgast á **visir.is/dreifing**.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á visir.is eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

## Fjöldi lausasölustaða um allt land

**Suðurnes**
N1 þjónustustöð, Aðalstöðinni, Keflavík
10-11, Keflavík
N1 verslun, Keflavík
Olís, Básinn, Reykjanesbæ
10-11, Leifsstöð
Eymundsson, Leifsstöð
Bónus, Fitjum, Njarðvík

**Vesturland**
Olís, Kjalarnesi
Krónan, Akranesi
Olís, Akranesi
Bónus, Akranesi
N1 verslun, Akranesi
Olís, Borgarnesi
Bónus, Borgarnesi
Verslunin Baulan, Borgarfirði
Hönnubúð, Reykholti, Borgarfirði
Olís, Stykkishólmi
Bónus, Stykkishólmi
Hrannarbúðin, Grundarfirði
N1, Ólafsvík
Olís, Ólafsvík
Hraðbúð N1, Hellissandi
Shell/Vélsmiðja Árna Jóns, Hellissandi
N1 þjónustustöð, Ísafirði
Hamraborg, Ísafirði
N1 verslun, Ísafirði
Bónus, Ísafirði
Smáalind, Patreksfirði

**Norðurland**
N1 Staðarskála
Kaupfélagið Hvammstanga
Verslun Víðigerði
N1 Blönduósi
Potturinn og pannan, Blönduósi
Olís, Skagaströnd
Hlíðarkaup, Sauðárkróki
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki
N1 Sauðárkróki
Shellskáli, Sauðárkróki
10-11, Akureyri
N1 Hörgárbraut, Akureyri
Bónus, Akureyri
N1 Leiruvegi, Akureyri
Olís, Akureyri
Bónus, Akureyri
N1, Dalvík
Olís, Dalvík
Olís, Ólafsfirði
Eyjabúðin/Eyjaljósið, Hrísey
N1, Húsavík
Shellskáli, Húsavík
Olís, Húsavík
Goðafossveitingar, Fosshóli
Búðin, Kópaskeri
Verslunin Ásbyrgi
Verslunin Urð, Raufarhöfn
N1, Þórshöfn

**Suðurland**
Olís, Selfossi
Krónan, Selfossi
Bónus, Selfossi
N1 Fossnesti, Selfossi
N1 verslun Selfossi
Verslunin Árborg, Selfossi
Bjarnabúð, Brautarhóli (Reykholti)
Ferðaþjónustan Úthlíð
Þrastalundur, Grímsnesi
Minni-Borg, Grímsnesi
N1, Hveragerði
Bónus, Hveragerði
Glóðarsel, Laugarvatni
Olís, Hellu
Söluskálinn Landvegamótum
N1, Hvolsvelli
Söluskálinn Björk, Hvolsvelli
N1 Skaftárskáli, Kirkjubæjarklaustri
Skýlið, Vestmannaeyjum
Vöruval, Vestmannaeyjum
N1, Vestmannaeyjum
Olís, Vestmannaeyjum
Krónan, Vestmannaeyjum

**Austurland**
Mónakó, Bakkafirði
N1, Vopnafirði
N1 þjónustustöð, Egilsstöðum
Bónus, Egilsstöðum
Olís, Fellabæ
Grillskálinn Orka, Reyðarfirði
Olís, Reyðarfirði
Shellskáli, Eskifirði
Olís, Neskaupstað
N1, Höfn
Olís, Höfn




**Allt sem þú þarft...**

*Kjarnadreifingarsvæði Fréttablaðsins er höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Stokkseyri, Eyrarbakki, Hveragerði, Selfoss, Borgarnes, Akranes, Reykjanesbær, Þorlákshöfn, Keilir, Garður, Sandgerði, Grindavík og Vogar.







# Fjölskylduvænt víða um land

Lautartúr í náttúrunni, göngutúrar og fjöruferðir er sígild skemmtan í fjölskylduferðum um landið. Fréttablaðið safnaði saman góðum ábendingum um ýmislegt annað fjölskylduvænt sem gera má í sumarfríi fjölskyldunnar á Íslandi.




### 1. BORGARNES
**Brúðuheimar**

Nýtt lífrænt veitinga- og kaffihús tilvalið fyrir fjölskyldur. Stórt leikherbergi á loftinu og hinn rómaði Bjössaróló við hliðina.

### 2. GRUNDARFJÖRÐUR
**Sögumiðstöðin**

Leiksvæði Sögumiðstöðvarinnar á Grundarfirði heitir Ólátagerði. Þar geta börn prófað að leika sér að legg og skel, kubbað, teiknað og töfrað fram rétti í dúkkueldhúsinu.

### 3. RAUÐISANDUR
**Besta ströndin**

Hvergi á Íslandi er hægt að komast nær því að vera á baðströnd að erlendri fyrirmynd en á Rauðasandi á Vestfjörðum.

### 4. PATREKSFJÖRÐUR
**Sjóræningjasafn**

Í Sjóræningjasafninu á Patreksfirði er mikið lagt upp úr því að öll fjölskyldan finni eitthvað við sitt hæfi. Safnið snýst að mestu um sýningu sem segir sögu sjórána við Íslandsstrendur.

### 5. BÍLDUDALUR
**Skrímslasafnið**

Skrímslaormurinn sem hringar sig utan þetta skemmtilega safn vekur einstaka lukku hjá yngstu gestunum sem geta klifrað á honum að vild án þess að óttast að verða étin.

### 6. ARNARFJÖRÐUR
**Safn Samúels í Selárdal**

Þetta safn er ævintýri líkast, fyrir börn og fullorðna. Það geymir stórmerkilegt safn verka eftir alþýðulistamanninn Samúel Jónsson.

### 7. ÖNUNDARFJÖRÐUR
**Holt í Önundarfirði**

Í fjörunni við bæinn er gaman að ganga um, tína skeljar og búa til sandkastala.

### 8. SÚÐAVÍK
**Raggagarður**

Raggagarður er fjölskyldugarður í ytri byggð Súðavíkur. Þar er fjöldi leiktækja sem mörg eru gerð til þess að þola þyngd bæði barna og fullorðinna.

### 9. EYJAFJÖRÐUR
**Jólagarðurinn**



Í tíu mínútna fjarlægð frá Akureyri stendur jólagarðurinn og jólahúsið. Húsið lítur út eins og það sé gert úr sætabrauð og það getur verið sérstök upplifun fyrir börn að skoða að sumri til.

**Holtsel**

Dásamlegur rjómaís og sorbet í fjölmörgum bragðtegundum hitti örugglega í mark hjá öllum aldurshópum.

### 10. ÖXARFJÖRÐUR
**Ásbyrgi**

Ásbyrgi er eitt af náttúruundrum Íslands og allir sem þangað koma verða fyrir miklum hughrifum, fullorðnir og börn. Ekki má gleyma að hóa hátt og hlusta svo á bergmálið kastast af hamraveggjunum.

### 11. HALLORMSSTAÐUR
**Skógur og Atlavík**

Á mjóum göngustígunum í Hallormsstaðaskógi komast börn í ham og þurfa enga utanaðkomandi hjálp við að skapa sinn ævintýraheim. Atlavíkin er draumi líkust í góðu veðri. Svo má ekki gleyma Lagarfljótsorminum, sem börn hafa gaman af að skima eftir.



### 12. HÉRAÐSFLÓI
**Húsey í Hróarstungu**

Bærinn Húsey stendur á milli fljóta við Héraðsflóann. Þar er ferðaþjónusta og hægt er að komast í návígi við einstakt fuglalíf. Bóndinn á Húsey, Örn Þorleifsson, tekur oft að sér undanvillingskópa og elur þá í tjörn við bæinn. Þeir elta hann eins og hundar.

### 13. JÖKULDALUR
**Klausturssel á efra Jökuldal**

Á bænum er að finna vísi að að dýragarði. Þar eru hreindýr, refir, gæsir, álftir og fleiri íslensk dýr sem gleðja börnin. Brúin sem liggur heim að bænum yfir Jökulsá er elsta brú landsins sem enn er í notkun.

**Sænautarsel**

Mjög skemmtilegt er fyrir börn sem fullorðna að sækja Sænautarsel á Jökuldalsheiði heim, skoða bæ og dýr og sporðrenna veitingum eins og þær gerast bestar.

### 14. DJÚPIVOGUR
**Hálsaskógur**

Rétt við Djúpavog er að finna þennan skemmtilega skóg skreyttan listaverkum eftir leikskólabörn. Tilvalin staður til nestisstopps og leikja.

### 15. BISKUPSTUNGUR
**Haukadalsskógur**

Ferð í Haukadalsskóg efst í Biskupstungum er góð skemmtun. Fjöldi stíga er í skóginum og hann upplagður til könnunarleiðangra og lautarferða.

### 16. LAUGARÁS
**Dýragarðurinn Slakki**

Í þessum notalega dýragarði í Laugarási í Biskupstungum er alls konar dýr að finna, þar á meðal páfagauka. Þá eru líka leiktæki á staðnum fyrir litlu börnin, mínígolf og veitingasala.

### 17. REYKJANESBÆR
**Skessuhellir**

Í Svartahelli í Hólmsbergi, við smábátahöfnina í Gróf í Reykjanesbæ, situr fimm metra há og fjögur hundruð ára gömul skessa. Krakkar hafa gaman af því skoða skessuna og jafnvel klifra í henni, svona þegar þau hafa hrist af sér hræðsluna, sem er algjörlega óþörf, enda skessan með barnshjarta eins og þau.

## Barnvænar uppákomur víðs vegar um land um helgina

**Hans klaufi**

Leikhópurinn Lotta er á ferð og flugi um allt land í sumar og sýnir leiksýninguna Hans Klaufa á vel völdum stöðum. Leiksýningin er sniðin fyrir börn. Leikhópurinn verður með leiksýningu á laugardaginn á Kirkjubæjarklaustri á skólalóð Kirkjubæjarskóla klukkan 13 og á Vík í Mýrdal á tjaldstæðinu klukkan 17. Á sunnudaginn má sjá leiksýninguna á Hellu klukkan 13 og á Hvolsvelli klukkan 17.

**Pönk á Patró I**

Fyrsta bandið Pönki á Patró í sumar er Pollapönk. Pönkið gengur út á þátttöku barna og unglinga en þeim gefst kostur á að eyða laugardegi með hljómsveit dagsins, spjalla, skoða hljóðfæri þeirra og spreyta sig á þeim. Í lok dagskrárinnar verða tónleikar fyrir krakka og kvöldið fyrir börn og fullorðna. Frítt er inn á tónleika dagsins en inn á kvöldtónleikana kostar 1.000 krónur fyrir fullorðna og 500 fyrir börn.

**Skógardagurinn mikli**

Árleg skógarhátíð Félags skógarbænda á Austurlandi, Barra, Héraðs- og Austurlandsskóga og Skógræktar ríkisins hófst á föstudagskvöld með því að sauðfjárbændur grilluðu lambakjöt ofan í gesti og gangandi. Í dag verður áfram ýmislegt húllumhæ, svo sem skógarhlaup, fjölskylduhlaup og Íslandsmót í skógarhöggi. Allir eru velkomnir að njóta skemmtunar í skóginum.

**Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka**

Hin árlega Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka verður haldin laugardaginn 26. júní. Yngstu kynslóðinni verður sinnt sérstaklega með leikja- og skemmtidagskrá sem hefst klukkan 11 á Garðstúninu við Húsið. Brúðubíllinn kemur í heimsókn og aðrar uppákomur. Um hádegið verður gert hlé en yngri kynslóðin kemur aftur saman á túninu við Húsið kl. 14.30 og þá verður enn þá meira fjör og eitthvað gott í gogginn.

**Safnaðu síðunum!**

Yfir háanna-ferðatímann í sumar birtir helgarblað Fréttablaðsins Íslandskort með upplýsingum fyrir ferðalanga. Um síðustu helgi var það vegvísir að nokkrum dýrindis veitingahúsum víðs vegar um land og í dag leiðarvísir að barnvænum stöðum víða um land. Á næstu vikum má svo búast við svipuðum vísum að ýmsum perlum sem vert er að muna eftir á ferðalaginu.


Hola í höggi
-vinnur þú Porsche Cayenne í dag?
Cayenne
Í gær, föstudaginn 25.júní, hófst þriðja mót Eimskipamótaraðarinnar, Canon mótið, og stendur fram á sunnudaginn 27. júní.
Að þessu sinni er mótið haldið á Urriðavelli hjá golfklúbbnum Oddi. Margir fremstu kylfingar landsins munu takast á og er búist við spennandi keppni.
Í dag, laugardaginn 26. júní, mun Bílabúð Benna og Fitness Sport standa fyrir “hola í höggi” keppni á mótinu.
Forkeppni um þátttökurétt í “hola í höggi” lokaumferðinni verður háð á púttvelli Odda milli kl. 10 og 16 í dag laugardag.
Þá ræðst hvaða 12 keppendur komast áfram og keppa um stórglæsileg fyrstu verðlaun: Porsche Cayenne frá Bílabúð Benna.
Allir eiga möguleika að taka þátt í “hola í höggi” keppninni, sér að kostnaðarlausu.
Komdu og vertu með í leiknum, hver veit, tekst þér að vippa einum Porsche Cayenne í innkeyrsluna þína í dag.
Skráning og nánari upplýsingar á staðnum.
PORSCHE
PORSCHE
EIMSKIPS MÓTARÖÐIN 3
Canon
FITNESS SPORT
FAXAFEN 8 · fitnesssport.is
Bílabúð Benna
Stofnað 1975

# Kettlingaleikur, tíska og tónlist

**MYNDBROT ÚR DEGI** | Fimmtudaginn 24. júní | Myndir teknar á Casio-vél.

Listahátíðin Jónsvaka er nú í hæstu hæðum í Reykjavík en hún teygir sig út um alla miðborgina og inn á flest svið listarinnar. Stjórnandi hennar, **Hildur Maral Hamíðsdóttir,** tók myndavélina með sér á upphafsdegi hátíðarinnar á fimmtudaginn og smellti af á nokkrum vel völdum augnablikum. Á vefsíðunni www.jonsvaka.is má nálgast dagskrá hátíðarinnar. Henni lýkur ekki fyrr en á sunnudagskvöld og því enn margt að sjá og upplifa.



**1** Fimm vikna kettlingar kisunnar minnar eru alltaf jafn skemmtilegir og að byrja daginn á að leika við þá er alls ekkert ónýtt!



**2** Snorri Helgason spilar við upphaf Jónsvöku á fimmtudaginn.



**3** Tónlistargjörningur á einni af þremur opnunarsýningum Jónsvöku í Hinu húsinu.



**4** Þarna er ég fyrir utan Hressó, bar hátíðarinnar, að sjálfsögðu með Jónsvökublöðrur.



**5** Tískusýning Jónsvöku & PopUp verzlunar í Hafnarhúsinu á fimmtudagskvöldið var svakalega flott.



**6** Lauk viðburðaríkum degi með því að hlusta á Ólaf Arnalds og strengjasveit spila á Rásar 2-kvöldi Jónsvöku á Nasa.


Sumarbókin!

Drepfyndin saga úr íslenskum samtíma eftir blaðakonuna, bloggarann og djúpulaugarvörðinn Þorbjörgu Marinósdóttur. Frábær bók í fríið!

„Mæli með þessari fyrstu skvísubók Íslands :)“

Kolbrún Skaftadóttir / midjan.is

„... tilvalin til að taka með sér í sólbaðið eða bústaðinn í sumar.“

Ingveldur Geirsdóttir / Morgunblaðið




1. Sæti
Kiljulisti – 16.–22.06.10
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

2. prentun komin

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is


## MÆLISTIKAN

**■ Á uppleið**



**Kolagrillið** Það jafnast ekkert á við að grilla á kolum. Gamli góði uppkveikilögurinn er þó ekki nauðsynlegur. Hann gefur af sér illan þef sem liðast inn til nágranna þíns. Við mælum með uppkveikikubbum.



**Blómamynstur** Hvort sem er á klæðum eða fylgihlutum, húsgögnum eða húsbúnaði, blómin sjást alls staðar og lífga upp á lífið.



**Mennska** Nýi borgarstjórinn efast um hæfileika sína og segir öllum sem lesa vilja frá því í opinni dagbók. Hann leyfir sér að vera mannlegur, sem aðrir geta tekið sér til fyrirmyndar.

**■ Á niðurleið**



**Efnislítil bikiní** Þótt ýmsir og flestir af karlkyni mótmæli þá er úrskurður tískubransans ljós. Sundbolir eru málið í sumar og ekki bikiní nema buxurnar nái upp að nafla.



**Vegasjoppur** Dýrindis veitingastaðir skjóta nú upp kollinum á ótrúlegustu stöðum um landið. Brunaðu framhjá sjoppunni, taktu stefnuna á einn af þessum frábæru stöðum og styrktu bætta matarmenningu.

**Svefn** Bjartasti tími ársins er rétti tíminn til að fagna andvökunóttum og njóta bjartrar kyrrðarinnar, í stað þess að eyða tímanum í að sofa.



HÚSGAGNAHÖLLIN

# HM TILBOÐ

## TRYGGÐU ÞÉR BETRI SÆTI FYRIR HM



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**CARDINAL** La-z-boy stóll.
B:95 D:90 H:104 cm. Fæst með svörtu leðri.

**119.980**
FULLT VERÐ: 169.980



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**PINNACLE** La-z-boy stóll. B:85 D:90 H:104 cm. Fæst með svörtu og natur áklæði.

**79.990**
FULLT VERÐ: 119.980



NÚNA 45% AFSLÁTTUR

**MARION** sófi. 2ja sæta. Fæst með gráu áklæði.
B:165 D:85 H:85 cm.

**59.990**
FULLT VERÐ: 109.980



NÚNA 45% AFSLÁTTUR

**SINCLAIR** tungusófi. Fæst með svörtu leðri.
B:235 D:95/157 H:50 cm.
Fæst með hægri og vinstri tungu.

**179.990**
FULLT VERÐ: 329.980



NÚNA 35% AFSLÁTTUR

STÆRÐ 180 X 200 CM

180 X 200 CM:
**109.980**
FULLT VERÐ: 169.970

**NOCTURNE 321** Stærð 180x200 cm.
Boxdýna með tvöföldu gormakerfi. Neðra lag 150 Bonell-gormar á m². Efra lag 246 pokagormar á m². Yfirdýna með 25 mm latex, hægt að taka áklæði af og þvo í þvottavél.
Fætur ekki innifaldir í verði.



NÚNA 75% AFSLÁTTUR

TAKMARKAÐ MAGN!

**AMSTERDAM** borðstofuborð, svört eik. Með tveimur stækkanir. B: 95 L:220/316 H: 76 cm.

BORÐSTOFUBORÐ
**49.980**
FULLT VERÐ: 209.450

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

SVAVAR GESTSSON ER 66 ÁRA.

*„... ráðherrar, þeir sitja ekki til að gera vinsæla hluti, heldur óvinsæla. Það er svo auðvelt að gera hina vinsælu, það geta allir.“*

***Svavar Gestsson er fyrrverandi alþingismaður, ráðherra og sendiherra Íslands, fyrst í Svíþjóð á árunum 2001-2005 og svo í Danmörku 2005-2009. Svavar var fyrst kosinn á Alþingi fyrir Alþýðubandalagið í Reykjavíkurkjördæmi árið 1978.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 26. JÚNÍ 1930

## *Alþingishátíðin sett á Þingvöllum*

Alþingishátíðin var haldin á Þingvöllum á þessum degi árið 1930 til að minnast þess að þúsund ár voru liðin frá stofnun allsherjarþings á Íslandi.

Kristján 10. konungur setti Alþingishátíðina þann 26. júní og var henni slitið 28. júní. Alþingishátíðin þykir vera merkilega fyrir margar sakir. Sem dæmi má nefna að þar voru fyrst notuð íslensku sýslumerkin sem voru teiknuð sérstaklega fyrir hátíðarskrúðgöngu. Þá skiluðu Danir Valþjófsstaðahurðinni í tilefni að Alþingishátíðinni.

Þá var efnt til ýmissa viðburða í tilefni af hátíðinni og í því samhengi má nefna að haldin var myndlistarsýning á verkum Ásmundar Sveinssonar, Ríkharðar Jónssonar, Einars Jónssonar, Ásgríms Jónssonar, Jóhannesar Kjarval, Júlíönu Sveinsdóttur og fleiri í skála við Austurvöll.



**MERKISATBURÐIR**

**1823** Kötlugos hefst með stórhlaupi úr Mýrdalsjökli, sem skemmir jarðir bæði í Mýrdal og Álftaveri.

**1900** Eyfirðingar halda aldamótasamkomu á Oddeyri og koma á þriðja þúsund manns.

**1949** Búð Þuríðar formanns er tekin í notkun á Stokkseyri í minningu Þuríðar. Hún hóf sjósókn ellefu ára og var formaður í áratugi.

**1979** Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga hefur starfsemi sína.

**2004** Ólafur Ragnar Grímsson er endurkjörinn forseti Íslands.



**LANDNÁMSHÆNUR** Dagskráin er tileinkuð landnámshænunni í Árbæjarsafni á sunnudag.

## Fegursta hænan valin

Dagurinn á morgun er tileinkaður íslensku landnámshænunni í Árbæjarsafni. Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna stendur að dagskránni en gestum safnsins gefst tækifæri til að kynnast íslenska hænsnastofninum og hefst dagskráin klukkan 10 og stendur til klukkan 17.

Auk þess sem gestir eru fræddir um eiginleika landnámshænunnar geta þeir valið fallegustu hænu sýningarinnar og verða verðlaun veitt þeirri hlutskörpustu í lok dags. **- jma**



**BRÁKARSUND** Brúðugjörningur verður við Brákarsundsbrúna klukkan 13.30.

## Brákarhlaup og leðjubolti

Brákarhátíð verður haldin í Borgarnesi í dag í annað sinn, en hátíðin er til heiðurs Þorgerði Brák sem oft er nefnd fyrsta hetja Íslendingasagna.

Dagskráin hefst klukkan 10 með Brákarhlaupi frá Granastaðatúninu og hægt verður að hlaupa bæði 10 kílómetra og 2,5 kílómetra. Í Menntaskólanum er hægt að sauma víkingaföt á sig og börnin.

Gísli Einarsson stjórnar leðjubolta í Englendingavíkinni klukkan 12.og um klukkan 13.30 verður brúðugjörningur við Brákarsundsbrúna. Þá rís Brákarbrúðan upp úr sundinu og leiðir ásamt víkingum úr Hringhorna og Rimmugýgi skrúðgöngu í Skallagrímsgarð þar sem fjölbreytt dagskrá hefst klukkan 14. Þar verða víkingatjöld og víkingahandverk til sölu og sýnis, rúnaspá, kiðlingar og margt fleira.

Í Englendingavík hefst svo skemmtun klukkan 20. Nánar um dagskrána á www.brakarhatid.is. **- eö**


# 75 ára afmæli

**Ragnar Böðvarsson**

Fossheiði 62, Selfossi, verður 75 ára sunnudaginn 27. júní.




**BLÆS Á 90 KERTI** Sundfélagar Rannveigar gerðu henni glaðan dag í vikunni þegar ungar stúlkur úr Kársneskórnum sungu fyrir hana á sundlaugarbakkanum og boðið var upp á kaffi og afmælisköku á eftir. Hér er Rannveig með sundfélaga sínum, Ingólfi Guðjónssyni, sem verður 90 ára á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

RANNVEIG SIGURÐARDÓTTIR HANDAVINNUKENNARI: ER NÍUTÍU ÁRA Í DAG

# Lífið skemmtilegt allt til enda

„Það eru öll æviskeið skemmtileg, hvert með sínu móti, og ef maður er sáttur og heilsuhraustur nýtur maður þeirra allra,“ segir afmælisstúlka dagsins, Rannveig Sigurðardóttir handavinnukennari, sem trúir því vart að vera orðin níutíu ára. „Mér finnst ég mun yngri en árin segja til um, en það er samt ljómandi gott að vera níræð úr því heilsan er svona góð og fólkið mitt yndislegt. Með árunum eldist maður ekki jafn hratt í anda og líkaminn gerir, en samt hef ég alltaf verið heilsuhraust og það er aðalatriðið,“ segir Rannveig sem er fædd og uppalin hjá foreldrum sínum og yngri systur á bænum Vogi á Mýrum.

„Þá fór nú lítið fyrir barnaafmælum því á þessum árstíma var maður aðallega að smala og rýja fé. En það voru alltaf bakaðar pönnukökur og ég fékk eitthvað smávegis að gjöf frá mömmu og pabba, oftast eitthvað fatakyns. Leikföng voru fátíð, en ég átti dúkkur. Önnur leikföng voru leggir, skeljar og kjálkar sem maður notaði í búskap uppi í holti, því allt snerist nú um búskapinn,“ segir Rannveig og hlær dátt. Systir hennar býr í Breiðholtinu og er fimm árum yngri.

„Það er ósköp gott að eiga systkin, þótt ekki nema þessa einu systur. Hún var prestsfrú á Þingeyri öll sín hjúskaparár og þá hittumst við strjálla, en höfum verið afskaplega nánar síðan við komum saman á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Rannveig sem útskrifaðist sem handavinnukennari frá Mynd- og handíðaskólanum 1950.

„Í náminu kynntist ég eiginmanni mínum, Gunnari Guðmundssyni, sem lagði stund á kennslunám í smíðum og varð seinna skólastjóri Kársnesskóla. Hann lést fyrir aldur fram úr krabbameini, eins og svo margir. Ég held það sé örugglega það erfiðasta sem hefur mætt mér, en hann var minn sálufélagi og besti vinur,“ segir Rannveig hljóð.

Tvisvar í viku leiðir Rannveig sundleikfimi í Sundlaug Kópavogs, en hún syngur líka í kór kennara á eftirlaunum, les heil ósköp og ferðast.

„Ég hef leitt leikfimina í nokkur ár og mætt eins og klukka vetur og sumar í öllum veðrum. Sundið lengir lífið og bætir heilsuna og allir sem byrja ánetjast því og finna strax á sér mun hvað sundið heldur þeim vel við. Þá er andlegi þátturinn ekki síst mikilvægur út frá góðum félagskap sundfélaganna, en kórstarfið heldur manni líka ungum því útrás í söng er góð og félagskapurinn skemmtilegur,“ segir Rannveig sem starfaði allan sinn starfsaldur í Gagnfræðaskóla verknáms, þar sem nú er Fjölbrautarskólinn í Ármúla.

„Ég hætti að vinna 67 ára og hlakkaði til að eiga tíma fyrir mig. Ég hafði ýmis konar áhugamál sem biðu mín, og hef reyndar aldrei haft eins mikið að gera og eftir að ég hætti að vinna. Tíminn líður hraðar og hraðar með aldrinum, en ég hefði ekkert á móti því að verða hundrað ára því lífið er skemmtilegt allt til enda ef heilsan er góð og maður á góða að,“ segir Rannveig.

Hún segir langlífi algengt í Vogsættinni en móðir hennar var á 99. aldursári þegar hún andaðist.

„Ég reiknaði samt aldrei með að ná svona háum aldri, en hugsaði oft með spenningi til næstu aldamóta þegar ég var krakki og velti fyrir mér hvort ég mundi lifa þau. Það fer ekki hjá því núna að ég hugsi um að endalokin nálgist, en ég velti mér ekki upp úr því. Mér finnst bara hver dagur vera bónus og læt hverjum degi nægja sína þjáningu,“ segir Rannveig og gefur sína uppskrift að góðu ævikvöldi.

„Það er að halda sér við líkamlega og vera í góðu andlegu formi. Reyna að fylgjast með og loka sig ekki inni, en það gera því miður alltof margir með aldrinum. Það er um að gera að lifa lífinu á meðan maður er lifandi; með reisn og upplifa sem mest. Njóta lífsins af lífsgleði þótt maður eldist.“

thordis@frettabladid.is

AFMÆLI



**KRISTJÁN MÖLLER,** samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra, er 57 ára.



**CHRIS O'DONNELL** leikari er fertugur.



**CHRIS ISAAK** tónlistarmaður er 54 ára.



**PAUL THOMAS ANDERSON** leikstjóri er fertugur.



*Hjartans þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Halleyjar Sveinbjarnardóttur,**
Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi.

**Kristján Guðmundsson**
**Kristín Kristjánsdóttir** **Ívar Guðmundsson**
**Guðmundur Kristjánsson** **Sonja B. Jónsdóttir**
**Sveinbjörn Kristjánsson** **Kristín Leifsdóttir**
**Björgvin Kristjánsson**
**Ívar Kristján, Þórbergur, Aron, Júlía, Birkir Kristján, Kristján Júlían og Jóhann Haukur.**



*Minningarathöfn um ástkæra móður okkar,*

**Vigdísi Þorbjörnsdóttur Janger,**
sem andaðist í Connecticut í Bandaríkjunum hinn15. október 2009 og jarðsetning duftkers, fer fram frá kapellunni í Fossvogi 28. júní 2010 kl. 11.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þórdís Vala Smith**
**Siv Dagmar Schultz**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og virðingu við minningu föður okkar og tengdaföður, afa og langafa,*

**Birgis Finnssonar,**
fyrrv. forseta sameinaðs Alþingis,

sem lést 1. júní sl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar LSH að Landakoti, sem annaðist hann af einstakri alúð síðustu vikurnar sem hann lifði.

**Auður Birgisdóttir** **Páll Skúlason**
**Finnur Birgisson** **Sigurbjörg Pálsdóttir**
**Arndís Birgisdóttir** **Sigmundur Sigurðsson**
**Björn Birgisson** **Ingibjörg Gunnlaugsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Helga F. Stefánsdóttir,**
Rauðagerði 12, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi 16. júní, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju 30. júní kl. 15.00.

**Jónína Kárdal** **Þorbjörn Vignisson**
**Anna María Kárdal** **Ásgeir Karl Ólafsson**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,*

**Einar Þórarinsson,**
fyrrverandi sjómaður,
Stekkjargötu 25, Innri-Njarðvík,

lést sunnudaginn 20. júní á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju þriðjudaginn 29. júní kl 14.00. Jarðsett verður í Innri-Njarðvíkurkirkju.

**Ragnheiður Gestsdóttir**
**Sæunn Ásta Sigurbjörnsdóttir**
**Guðrún Hrönn Einarsdóttir**
**Þórunn Drífa Deaton**
**Aldís Dröfn Einarsdóttir**
**og fjölskyldur.**



*Minningarathöfn um elskulegan son okkar og bróður,*

**Lárus Hrafn Kvaran**
flugmann,

sem lést á Kirchberg-sjúkrahúsinu í Lúxemborg þann 5. júní síðastliðinn, fer fram í Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 30. júní kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Ragnar G. Kvaran** **Hrefna Lárusdóttir Kvaran**
**Anna Ragnhildur Kvaran**
**og fjölskylda Lárusar í Lúxemborg.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Fríða Helgadóttir,**
Efstalandi 4, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli þriðjudaginn 22. júní. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 1. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Magnús Gunnar Pálsson** **Þóra J. Hólm**
**Bertha S. Pálsdóttir**
**Sigurður Pálsson** **Hanna M. Baldvinsdóttir**
**Svavar Pálsson**
**Helgi Pálsson** **Pálína Reynisdóttir**
**Málfríður Ágústa Pálsdóttir**
**Páll Garðar Pálsson**
**og ömmubörn.**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæru*

**Elínborgar Harðardóttur,**
Efstasundi 65.

Ykkar vinátta og samúð veitir okkur styrk.
Guð blessi ykkur.

**Unnar Garðarsson**
**Garðar Unnarsson**
**Sandra Steinþórsdóttir**
**Sigurður Þ. Unnarsson**
**Guðríður S. Magnúsdóttir**
**Jón Magnús Katarínusson** **Hrafnhildur Björnsdóttir**
**Ágúst Hólm Haraldsson** **Friðbjörg Gísladóttir**
**Kristinn Hólm Haraldsson**
**Bjarney K. Haraldsdóttir** **Eiríkur Kjerúlf**



*Innilegar þakkir til allra er studdu okkur í veikindum og sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Þórarins Sigurðssonar,**
Heiðvangi 28, Hafnarfirði.

**María Sif Sveinsdóttir**
**Gunnar Þór Þórarinsson** **Eva Gunnarsdóttir**
**Sveinn Bjarki Þórarinsson** **Kolbrún Kristínardóttir**
**Egill Örn Þórarinsson**
**og barnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Sigríðar Davíðsdóttur,**
Engjaseli 65.

**Runólfur Runólfsson** **Gerður H. Hafsteinsdóttir**
**Sigríður Hafdís Runólfsdóttir** **Ólafur Tryggvi Sigurðsson**
**Davíð Arnar Runólfsson** **Jamilla Johnston**
**Atli Freyr Runólfsson**
**og langömmubörn.**



*Ástkær frænka okkar,*

**Ingibjörg Jónsdóttir**
Sléttuvegi 11, Reykjavík,

lést á Landspítala háskólasjúkrahúsi 10. júní. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju 28. júní kl. 13.00.

**Jón Jósefsson**
**Anna Guðrún Jósefsdóttir**
**Sesselja Ingibjörg Jósefsdóttir**
**Jón Ingvar Ragnarsson**
**Guðmundur Ragnarsson**
**og fjölskyldur.**



*Okkar ástkæra*

**Lilja Bernhöft**
áður til heimilis að Meistaravöllum 11 í Reykjavík,

lést á dvalarheimilinu Grund við Hringbraut mánudaginn 21. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 30. júní kl. 11.

**Baldur Sigurðsson** **Eva Benediktsdóttir**
**Gísli Sigurðsson** **Guðrún Hólmgeirsdóttir**
**Sigríður Bjarnadóttir** **Guðmundur Bjarnason**
**og Þóra Bjarnadóttir**



*Innilegar þakkir viljum við færa öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hreins Ketilssonar,**
Sunnuhlíð, Svalbarðsströnd.

**Hólmfríður Hreinsdóttir** **Stefán Stefánsson**
**Ingibjörg Hreinsdóttir** **Haukur Már Ingólfsson**
**Hólmkell Hreinsson** **Kristín Sóley Sigursveinsdóttir**

**afa- og langaafabörn.**




# HVAÐ ER Í MATINN?
# Á vísir.is

**vísir.is** kynnir skemmtilegan sérvef um matargerð og hagkvæm matarinnkaup.

Með því að nota einfalt og skemmtilegt kerfi útbúum við handa þér matseðil eftir þínu höfði.

Kynntu þér ótrúlegan fjölda gómsætra uppskrifta á Hvað er í matinn? á **vísir.is**







# Kettir og menn

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**



Ef ég mætti velja mér að vera dýr myndi ég vilja vera köttur. Mér finnst makalaust hvað köttum getur liðið vel þannig að það fari ekki fram hjá neinum. Það eitt að sjá kött rísa á fætur eftir góðan blund, geispa duglega og teygja svo makindalega úr öllum skrokknum, allt frá hnakka og aftur í rófubrodd, hlýtur að hafa heilsusamleg áhrif á hvern mann. Ég trúi ekki öðru en að sú slökun og æðruleysi, sem einkennir sæmilega haldinn heimiliskött, smiti út frá sér. Að geta síðan ekki annað en hljóðvætt vellíðan sína með ósjálfráðu, áreynslulausu mali hlýtur að vera toppurinn á tilverunni.

**EN** vitaskuld er það eitt að vera köttur engin trygging fyrir sælu. Með reglulegu millibili heyrast hryllingssögur frá ýmsum velunnurum þessara göfugu skepna af illri meðferð manna á þeim. Kettlingar eru teknir frá mæðrum sínir og látnir út á guð og gaddinn til þess eins að deyja úr hungri og vosbúð. Fólk, sem verður leitt á kettinum eða getur ekki hýst hann lengur, skilur hann jafnvel eftir einhvers staðar úti í buskanum til að bjarga sér sjálfur. Þegar ferðast er um erlendar stórborgir kemur maður líka stundum auga á ketti sem virðast hreint ekki öfundsverðir af hlutskipti sínu, grindhoruð, vannærð og misbækluð grey sem greinilega hafa fengið fá tilefni til að mala um dagana. Þannig að ef ég væri köttur vildi ég vera elskaður heimilisköttur.

**EN** ef ég fengi í raun að velja hvaða dýr ég væri myndi ég að sjálfsögðu vilja vera maður. Við megum nefnilega ekki gleyma því að við sjálf erum dýr, náskyld simpönsum. Það eru ekki nema 500.000 kynslóðir síðan sameiginlegur forfaðir okkar var uppi. Maðurinn er auðvitað kóróna sköpunarverksins. Reikistjarnan öll liggur fyrir fótum okkar. Við njótum fagurra lista, menntunar og menningar. Við höfum þekkingu, húmor og jafnvel trú. Við getum auðsýnt óeigingjarnan kærleika og samúð. Við getum skynjað smæð okkar og stöðu í alheiminum og fyllst auðmýkt og lotningu. Auðvitað vil ég í alvöru ekki skipta á þessu og hæfileikanum til að mala.

**EN** reyndar er það eitt að vera maður ekki heldur nein trygging fyrir sælu. Sár fátækt og neyð eru landlægar allt of víða. Víðtæk og skipulögð mannréttindabrot hafa viðgengist of víða of lengi. Að vera maður leggur því, að mínu mati, á mann þá skyldu að lifa og framkvæma það sem gerir það einhvers virði að vera maður.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott





Snoop Dogg kom fram á Glastonbury í þetta skipti og tryllti að sjálfsögðu lýðinn. Það þyrfti nú einhver að henda beini í þennan hund. NORDICPHOTOS/GETTY



Þessar ungu stúlkur fengu sér blund í hitanum. Þær hafa væntanlega misst af einhverju stórkostlegu tónlistaratriði en ættu ekkert að þurfa að óttast þar sem nóg er í boði. NORDICPHOTOS/GETTY




U2 neyddist til að hætta við að spila á Glastonbury eftir að Bono gamli fór í bakinu. Spurning hvort U2 ætti ekki bara að hætta þessu? NORDICPHOTOS/GETTY

# Glastonbury haldin í 40. sinn

**Mikil stemning er á Glastonbury-tónlistarhátíðinni sem fer fram þessa dagana í Englandi. Uppselt er á hátíðina en tugþúsundir manna sækja hana árlega. Í ár koma listamenn á borð við Gorillaz, Stevie Wonder, Muse, Snoop Dogg, Shakira og Vampire Weekend á hátíðina sem er einn af hápunktum tónlistarbransans í Bretlandi.**



Strákarnir í Vampire Weekend tróðu upp og tóku efni af nýju og gömlu plötunni. NORDICPHOTOS/AFP



Áhorfendur á Glastonbury eru jafn skrautlegir og þeir eru margir. NORDICPHOTOS/AFP



! **Klukkan 15 í Hafnarborg**
*Næstkomandi laugardag, 26. júní kl. 15, verður opnuð sýningin Formlegt aðhald, verk Eiríks Smith frá 1951-1957 í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar. Listmálarinn Eiríkur Smith (f. 1925) á að baki langan og farsælan feril.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Alþjóðlegt orgelsumar



Tvennir tónleikar verða helgina 26. og 27. júní á vegum Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju þar sem Jessica Buzbee, básúnuleikari mun leika með Herði Áskelssyni, orgelleikara. Efnisskrá tónleikanna er fjölbreytt og spennandi en laugardagstónleikar Jessicu og Harðar hefjast á hinum þekkta sálmforleik J.S. Bach Vakna, Síons verðir kalla. Síðan hljóma meðal annars verk úr Buxheimer orgelbókinni frá 15. öld og Morceau Symphonique eftir Guilmant. Á efnisskrá sunnudagsins bætast við verk eftir Gardner Read, J.S. Bach sem og verkið Signing eftir Huga Guðmundsson.
Jessica Buzbee nam básúnuleik í Svíþjóð, Frakklandi og Chicago og hefur hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar fyrir frábæran árangur. Jessica starfar nú sem básúnuleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands.
Hörður Áskelsson hefur verið organisti og kantor Hallgrímskirkju allt frá því hann lauk framhaldsnámi í Düsseldorf í Þýskalandi árið 1982. Hann hefur gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu listalífs kirkjunnar og stóð meðal annars að stofnun Listvinafélags Hallgrímskirkju, Kirkjulistahátíðar og Alþjóðlega orgelsumarsins.
Hádegistónleikar verða laugardaginn 26. júní kl. 12 og er miðaverð 1.000 kr. Síðdegistónleikar verða sunnudaginn 27. júní kl. 17 og er miðaverð 1.500 kr.
Félagar í Listvinafélagi Hallgrímskirkju fá frítt inn.

### >Ekki missa af…

Hinn 9. júlí næstkomandi opnar VILLA REYKJAVIK á hafnarsvæðinu í Reykjavík. Þá munu tólf evrópsk og tvö íslensk myndlistargallerí opna tímabundnar sýningar í áður auðu húsnæði við Vesturgötu, Tryggvagötu og Geirsgötu. Ætlunin er að mynda listahverfi á hafnarsvæðinu sem endurspeglar það áhugaverðasta og skemmtilegasta sem listaheimurinn hefur upp á að bjóða um þessar mundir.

### METSÖLULISTI 7. JÚNÍ 2010 - 20. JÚNÍ 2010

*Bóksölulistinn er birtur á tveggja vikna fresti og mælir sölu íslenskra bóka. Listinn er byggður á upplýsingum frá flestum bóksölum landsins, dagvöruverslunum og öðrum verslunum sem selja bækur. Rannsóknarsetur verslunarinnnar annast söfnun upplýsinga fyrir hönd Félags íslenskra bókaútgefenda. Öllum fjölmiðlum er heimilt að birta listann svo framarlega sem heimilda er getið.*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | **Eyjafjallajökull** *Ari Trausti Guðmundsson & Ragnar Th. Sigurðsson* | Uppheimar |
| 2. | **Makalaus** *Þorbjörg Marinósdóttir* | JPV útgáfa |
| 3. | **Handbókin um heimsmeistarakeppnina FIFA 2010** *Keir Radnedge* | Edda |
| 4. | **Morgnar í Jenín** *Susan Abulhawa* | JPV útgáfa |
| 5. | **25 gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu** *Reynir Ingibjartsson* | Salka |
| 6. | **Vegahandbókin, 2010** *Steindór Steindórsson* | Útkall |
| 7. | **Friðlaus** *Lee Child* | JPV útgáfa |
| 8. | **Góða nótt, yndið mitt** *Dorothy Koomson* | JPV útgáfa |
| 9. | **Ræktum sjálf** *Gitte Kjeldsen* | Vaka-Helgafell |
| 10. | **Hafmeyjan** *Camilla Läckberg* | Undirheimar |

Hver fær bréf frá þér?

Sendu kveðju til þeirra sem þér þykir hafa verið til fyrirmyndar.

Kynntu þér hvatningarátak tileinkað frú Vigdísi Finnbogadóttur og íslensku þjóðinni á tilfyrirmyndar.is

Til fyrirmyndar



Ertu "enn á leiðinni" í jóga?
Vantar þig orku, einbeitingu, gleði og ró?
KUNDALINI JÓGA
Í SUMAR
Orkugefandi - markvisst - umbreytandi
5. júlí - 19. ágúst
þriðjud. og fimmtud. kl 17.45 - 19.00
Mánud. og miðvikud. kl 7.00 - 8.15
Skráning og nánari upplýsingar:
www.lotusjogasetur.is
audur@vortex.is - Eygló 6909298
Lótus Jógasetur - Borgartúni 20, 4. hæð

# Átakanleg rannsóknarvinna í Kaupmannahöfn

**Danski metsöluhöfundurinn Sara Blædel er stödd hér á landi til að fylgja eftir útgáfu á bók sinni, Aldrei framar frjáls, í íslenskri þýðingu. Bókin er önnur saga Blædel sem kemur út hér á landi en bókin Kallaðu mig prinsessu kom út í íslenskri þýðingu í fyrra. Bækurnar eru báða glæpasögur með blaðakonuna Louise Rick í aðalhlutverki.**



**SARA BLÆDEL** Danski metsöluhöfundurinn er staddur hér á landi til að kynna bók sína, Aldrei framar frjáls, sem fjallar um mansal og vændi í Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Þetta er í fyrsta sinn sem Sara kemur til Íslands á þessum tíma árs og var agndofa yfir íslensku sumarsólinni sem ekki sest, þegar Fréttablaðið náði af henni tali. „Það er frábært að vera hérna og ég sat í gærkveldi um miðnætti og átti ekki til orð yfir hversu bjart var. Þetta er alveg frábært," segir Sara. Hún var valin rithöfundur ársins af dönskum lesendum í fyrra. Hún hefur einnig verið vinsæl hér á landi og segist fá margar kveðjur frá íslenskum lesendum.

Aldrei framar frjáls fjallar um morð á vændiskonu í Kaupmannahöfn sem blaðakonan Louise Rick ákveður að rannsaka nánar í samstarfi við lögregluna. Þar kynnist hún harðsvíruðum glæpamönnum og kemst að því að mansal er staðreynd á Norðurlöndunum.

Sara Bældel starfaði sem blaðamaður áður en hún settist í rithöfundarstólinn en segir að rannsóknarvinnan bak við þessa bók hafi verið það erfiðasta sem hún hefur gert. Hún tók viðtöl við vændiskonur og fékk innsýn í þeirra heim. „Ég fór og fylgdist með vændiskonum að störfum í Istedgade á Vesterbro í Kaupmannahöfn og gat tekið við þær viðtöl í athvarfi sem er fyrir þær á Vesterbro," segir Sara og bætir við að sögur kvennanna hafa hitt sig beint í hjartastað og mjög erfitt hafi verið að hlusta að sumar sögurnar. „Stundum þurfa þær að sofa hjá allt að 22 mönnum á dag og svo fengu þær sama og engan pening fyrir, en þeir fara í vasann á mönnunum sem sjá um þær. Á þessi tímabili gekk ég um með hnút í maganum yfir ömurlegum örlögum þessara kvenna."

Sara segir að bókin fjalli í aðalatriðum um það hvernig manneskjur geta misst algera stjórn á sínu eigin lífi og hvernig glæpaklíkur einsetja sér að afvegaleiða konur á þennan hátt.

„Ég er ekki að segja að það sé mikið um mansal og vændi í Danmörku en það er til og við megum ekki loka augunum fyrir því," segir Sara að lokum.

alfrun@frettabladid.is

Tónlist ★★★★

**Hitaveitan**
Ýmsir flytjendur

## Upphafning sumarsafnplötunnar



Sumarsafnplötur voru einu sinni fastur liður í íslenskri plötuútgáfu. Sena var með „Svona er sumarið" á hverju ári og salan var það góð að á tímabili tóku ýmsar aðrar útgáfur þátt í slagnum með misjöfnum árangri. Oft mátti finna ágæt lög á þessum sumarplötum, en á heildina litið var þetta frekar þunnt og versnaði þegar á leið, enda virtust menn fastir í ofnotaðri sumarsmellaformúlu. Og sumarsafnplatan hvarf af sjónarsviðinu.

Þegar Kimi Records ákvað að endurlífga sumarplötuna þá var formúlunni greinilega hent og nýr póll tekinn í hæðina. Á Hitaveitunni eru 14 lög með listamönnum sem flestir eru hluti af Kimi-stórfjölskyldunni, – hafa gefið út hjá Kima, Braki eða Borginni. Lögin eru nær öll ný og í nokkrum tilfellum sameina tveir flytjendur krafta sína. Lögin vísa mörg í sumar, gleði og stuð, en það er engin samræming í sjálfri tónlistinni. Það syngur hver með sínu nefi. Og útkoman er glettilega góð.

Platan hefst á fönkuðum diskósmelli þar sem Prófessorinn, fönkfroskurinn, glamúrlemúrinn og fleiri diskódýr stíga dansinn með Memfismafíunni, næst kemur léttur rokkslagari með Morðingjunum, þá samstarfsverkefni Reykjavíkur! og Mugisons og svo hið poppaða Djúggeði Gúgg Egils S. Fjölbreytnin er mikil. Retron býður upp á magnaða indísýru, DJ Flugvél & Geimskip er í flippuðum gleðígír, Hjálmar og Helgi Björns taka feita reggíútgáfu af Húsið og ég og Me, the Slumbering Napoleon gefur ekkert eftir í nýbylgjuprogginu.

Það er ekki bara fjölbreytni á Hitaveitunni. Flest lögin eru líka góð og greinilegt að tónlistarmennirnir hafa margir lagt mikið í þetta. Það er helst að manni finnist ofursveitin Hjaltalín aðeins undir væntingum. Það er erfitt að velja bestu lögin, en mín uppáhaldslög, eins og er a.m.k., eru jaðarrokkbomba Sudden Weather Change og Nolo, Sumarlagið með DJ Flugvél og Geimskip og fyrrnefnd indísýra Retron.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Kimi Records gefur sumarsafnplötuhugtakinu aukið vægi með fjölbreyttri og kraftmikilli plötu.

# RÓMEÓ OG JÚLÍA




## Vegna endalausra áskoranna

snýr Rómeó og Júlía Vesturports aftur á svið Borgarleikhússins
Tryggðu þér miða á þessa rómuðu sýningu – sýnt í takmarkaðan tíma

**Vegna mikilla vinsælda bættum við inn nýjum sýningum.**
**Síðustu forvöður að tryggja sér miða á þessa mögnuðu sýningu.**

Vesturport | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

## > SKRAUTLEGIR SKÓR

Það er orðið auðvelt að lappa upp á gamalt og þreytt skópar einfaldlega með því að skella á það svolitlu glingri.
Íslenska hönnunartvíeykið Varius hefur meðal annars hannað flott skóskraut um hríð auk þess sem Elísabet Björgvinsdóttir hannar einnig fallegt rómantískt skóskraut undir heitinu Babette og fæst það á heimasíðu hennar.
Það er því um að gera að draga fram gömlu hælaskóna og gefa þeim nýtt útlit og nýtt líf.

# stíll

utlit@frettabladid.is



Röndóttan kjól, þessi minnir mann á franska smábæi og bagette og fæst í Zöru í Kringlunni.

## OKKUR LANGAR Í …



Gul sólgleraugu til að lífga enn frekar upp á sumardressið. Sólgleraugun fást í Spúútnik í Kringlunni.



Himinblátt belti frá danska hönnuðinum Peter Jensen. Beltið fæst í versluninni Kron Kron.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
### SARA MCMAHON

# *Pollýönnuisminn í fyrirrúmi*



Einstaka sinnum, þá sérstaklega við árstíðaskipti, hvolfist yfir mig mjög leiðinleg græðgi. Þegar slíkt gerist ráfa ég stefnulaust um bæinn og horfi girndaraugum inn í hvern verslunargluggann á fætur öðrum og læt mig dreyma um að eignast hitt og þetta á meðan ég tönnlast á því hversu fátæklegt sé um að litast í fataskápnum mínum.

Í græðgi minni tel ég mér trú um að ég muni aldrei öðlast fullkomna hamingju nema ég eignist í það minnsta eitt nýtt par af skóm, nokkra kjóla, nýja tösku og sólgleraugu í stíl. Og ekki væri verra ef ég eignaðist líka nokkuð af skarti, nokkur pör af buxum og nýja yfirhöfn. Ef ég ætti allt þetta, og meira til, þá væri ég án efa hamingjusamasta stúlka heims.

En raunin er önnur! Ég keypti mér síðast skó fyrir heilum mánuði síðan, þeir eru nú orðnir gamlir. Buxur keypti ég mér síðast guð má vita hvenær og skartið mitt er orðið fallið. Ástandið er því hörmulegt en pyngjan leyfir ekki stórinnkaup og hvað á þá til bragðs að taka?

Auðveldast væri að geta bælt þessa græðgitilfinningu strax í fæðingu, en það er hægara sagt en gert. Annað ráð væri að tileinka sér lífsspeki Pollýönnu og sjá aðeins góðu hliðarnar á lífinu. Samkvæmt því ætti ég að vera ánægð með að eiga þó þær fínu flíkur sem ég hef keypt mér í gegnum árin. Ég gæti einnig glaðst yfir því að flestar flíkurnar eru nokkuð víðar og því get ég notað þær áfram út ævina án þess að hafa áhyggjur af því að þær verði nokkurn tímann of litlar. Kannski, vonandi, get ég tekist á við þessa árstíðabundnu græðgi í framtíðinni með Pollýönnuismann að leiðarljósi því allt er auðvitað best í hófi.



**SMEKKLEGT** Fallegur túrkísblár jakki gyrtur ofan í smekklegar stuttbuxur frá Rochas.



**LÉTT OG SVART** Smekklegt sumardress og hattur frá Rochas.



**MUNSTUR Á MUNSTUR OFAN** Þetta flotta dress er úr sumarlínu Kenzo.

NORDICPHOTOS/GETTY

ÞAÐ ER LEIKUR AÐ MYNSTRI:

# Mynstur af öllum gerðum

**Skærir litir og skemmtileg mynstur í öllum stærðum og gerðum hafa verið nokkuð áberandi undanfarið. Sumarlínurnar frá Kenzo og Rochas eru báðar mjög litríkar og hressandi líkt og myndirnar bera vitni um.**



**BLÓMLEG Í** sumarlínunni frá Rochas gætti áhrifa frá tíunda áratugnum.



**PASTELDRAUMUR** Þessi litríki samfestingur frá Kenzo er afskaplega sumarlegur og skemmtilegur.



**HRESST** Flottur samfestingur við skemmtilegan blazer frá Kenzo.




VERTU MEÐ ALLT Á HREINU
Sveinn
HREINN
Sveinn
HREINT
mjólkursúkkulaði
FREYJA
HREINT MJÓLKURSÚKKULAÐI
100% GÓMSÆTT
FREYJA
KAPITAL.IS

# Fólk

folk@frettabladid.is

## >KVÆNTIST Í GALLABUXUM



**Harrison Ford** kvæntist unnustu sinni, leikkonunni Calistu Flockhart, hinn 15. júní síðastliðinn. Athygli vakti að leikarinn klæddist Wrangler-gallabuxum við athöfnina á meðan Flockhart klæddist látlausum, hvítum kjól. „Þau eru bæði mjög hrein og bein. Bæði í samskiptum sínum hvort við annað og hvaða augum þau líta lífið. Hjónabandið mun aðeins undirstrika það sem þau áttu saman þá þegar,“ var haft eftir Bernie Pollack, vini Fords.



*„Lífið er fullt af áhættum hvort sem er. Hví ætti maður þá ekki að taka smá áhættu sjálfur?“*

**LINDSAY LOHAN**
**og lífsspeki hennar.**



*„Skemmtistaðir eru leiðinlegir. Það dansar enginn á þessum stöðum. Það standa bara allir og drekka sig fulla og fara svo í sleik. Hvar er skemmtunin í því?“*

**SHIA LEBEOUF**
**um skemmtanalífið.**



*„Ég hef of margt fallegt um hann að segja. Hann er ástæðan fyrir því að ég er ekki heimilislaus eiturlyfjafíkill í dag.“*

**SETH ROGEN**
**um leikstjórann Judd Apatow.**



**17 SPOR** Katy Perry yfirgefur Kanada með sár á fæti.

## Óvenjulegur minjagripur

**Söngkonan Katy Perry lenti í því leiðinlega atviki að slasa sig illa á fæti í dansgleði í vikunni. Heimildum ber ekki saman um hvort óhappið átti sér stað á sviði eða á skemmtistað en söngkonan endaði með 17 spor í hægri fæti eftir leyndardómsfulla óhappið.**

**„17 sporum seinna. Ekki gera grín að danssporum mínum á morgun. Það voru þau sem komu mér hingað til að byrja með. Takk fyrir minjagripinn Kanada,“ skrifaði Katy á Twitter-síðu sína.**

**Söngkonan skartaði nýjum fínum fylgihlut í kanadískum sjónvarpsþætti daginn eftir; teygjubindi á fæti.**

# Kokkur heiðrar poppkónginn

**Alan Jones byrjaði að syngja vegna Michaels Jackson. Hann ætlar að heiðra poppkónginn ásamt fríðu föruneyti á Akureyri í kvöld.**

Söngvarinn og fyrrum X-Factor þátttakandinn Alan Jones stendur fyrir sérstökum Michael Jackson-minningartónleikum á skemmtistaðnum Sjallanum á Akureyri í kvöld.

Alan er fæddur í Bandaríkjunum en hefur verið búsettur hér á landi í átta ár og starfar sem kokkur á Café Blue. Hann hefur að eigin sögn sungið frá fimm ára aldri og kviknaði tónlistaráhuginn þegar hann heyrði fyrst tónlist Michaels Jackson. „Söngáhuginn byrjaði með Michael Jackson og því skipta þessir tónleikar mig miklu máli, mig langar með þessu að heiðra poppgoðið mitt. Ég er með sjö manna band með mér og við höfum æft saman alla daga síðasta mánuðinn og æfum í tvo til þrjá tíma í senn. Það er enginn leikur að feta í fótspor Jacksons þannig að maður verður að vera vel æfður þegar maður stígur á sviðið,“ segir Alan sem mun taka öll lögin sem konungur poppsins hafði ætlað að syngja á This Is It tónleikaferðalagi sínu.

Söngæfingarnar taka mikinn tíma en Alan segir unnustu sína, Ernu Kjartansdóttur, hafa sýnt því mikinn skilning. „Ég hef haft lítinn tíma fyrir fjölskylduna síðasta mánuðinn, en unnusta mín hefur verið mjög skilningsrík. Hún er líka orðin mikill Jackson-aðdáandi sjálf, enda er tónlist hans spiluð alla daga og allar nætur heima hjá okkur,“ segir hann og hlær.

Selma Ragnarsdóttir klæðskeri sér um búningana fyrir sýninguna og hefur hún saumað tíu mismunandi búninga. Alan segir búningana vera klassíska Michael Jackson-búninga en að bæði hann og Selma hafi sett sinn svip á þá. Aðspurður segist hann vera afskaplega spenntur fyrir tónleikunum enda sé hann að láta gamlan draum rætast. „Þetta hefur mig lengi langað til að gera og ég er því mjög spenntur fyrir tónleikunum.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og kostar 2.000 krónur inn. sara@frettabladid.is



**ÆFINGAR ALLA DAGA** Alan og félagar leggja mikinn metnað í tónleika til að heiðra Michael Jackson, sem lést fyrir ári.

### ÁR FRÁ ANDLÁTI JACKSON

**Michael Joseph Jackson** lést 25. júní í fyrra og er talið að heimilislæknir hans hafi gefið honum of stóran skammt af verkjalyfjum.

Fréttirnar um andlát Jacksons fóru um netheima eins og eldur í sinu. Leitarsíðan Google.com hrundi vegna álags og Twitter-samskiptasíðan einnig.

Í mars á þessu ári keypti útgáfufyrirtækið Sony Music réttinn að tónlist Jacksons fyrir rúma 32 milljarða króna.

Eftir dauða sinn varð Jackson söluhæsti tónlistarmaður Bandaríkjanna árið 2009 og af plötum hans seldust 31 milljón eintök um víða veröld.

Jackson lætur eftir sig þrjú börn, Prince Michael Jackson 1, Paris-Michael Katherine Jackson og Blanket. Þau eru nú í forsjá föðurömmu sinnar.








**ILLA LIÐIN** Khloe Kardashian er illa liðin af öðrum eiginkonum LA Lakers leikmanna. NORDICPHOTOS/GETTY

## Boltaeiginkonur rífast

Vanessa Bryant, eiginkona körfuknattleikmannsins Kobe Bryant, er ekki hrifin af raunveruleikastjörnunni Khloe Kardashian, sem er gift LA Lakers leikmanninum Lamar Odom. Að sögn heimildarmanna er Vanessu meinilla bæði við Khloe sjálfa og alla fjölskyldu hennar. „Vanessa þolir ekki Khloe og vill helst ekki vera nálægt henni. Hinar eiginkonurnar fylgja Vanessu og þess vegna hefur Khloe verið útilokuð frá hópnum. Vanessu finnst Khloe vera gervileg og þær hafa rifist nokkrum sinnum vegna þessa,“ var haft eftir heimildarmanninum. Á úrslitaleik NBA deildarinnar sátu Khloe og fjölskylda hennar víðs fjarri Vanessu og hinum eiginkonunum sem ýtir enn frekar undir sögusagnirnar.

# TRYGGÐU ÞÉR
# BESTA VERÐIÐ!

BLANDAÐU SAMAN TÓNLIST, KVIKMYNDUM OG LEIKJUM!




C
**2 fyrir 3.400 kr.**
eða 1.999 kr. stakur

### Tveir tölvuleikir
Ghostbusters (PS3)
Heavenly Sword (PS3)



D
**2 fyrir 4.500 kr.**
eða 2.599 kr. stakur

### Tvær geislaplötur
Dikta · Get it Togeather (CD)
Hjaltalín · Terminal (CD)




C
**2 fyrir 3.400 kr.**
eða 1.999 kr. stakur

### Tvær kvikmyndir
Karlar sem hata konur (DVD)
Superbad (DVD)




A
**2 fyrir 1.200 kr.**
eða 799 kr. stakur

### Tölvuleikur + Geislaplata
UP (PC)
Michael Jackson · Music and Me (CD)




C
**2 fyrir 3.400 kr.**
eða 1.999 kr. stakur

### Kvikmynd + Tölvuleikur
Family Guy (DVD)
Red Faction Guerrilla (PS3)




B
**2 fyrir 2.300 kr.**
eða 1.499 kr. stakur

### Tveir tölvuleikir
Supreme Commander (PC)
Stormrise (PC)

## Blandaðu eins og þú vilt úr sama verðflokki.

A
**2 fyrir 1.200 kr.**
eða 799 kr. stakur

B
**2 fyrir 2.300 kr.**
eða 1.499 kr. stakur

C
**2 fyrir 3.400 kr.**
eða 1.999 kr. stakur

D
**2 fyrir 4.500 kr.**
eða 2.599 kr. stakur

Athugaðu að þetta er aðeins brot af úrvalinu - þúsundir titla í boði!

S·K·Í·F·A·N
KRINGLAN · 591-5320 · WWW.SKIFAN.IS

**NÝTT Í SKÍFUNNI**



ÞRÍEYKIÐ Lára, Villý og Henry bíða spennt eftir að geta opnað Fjallkonubakaríið – fjölskyldukaffihús nú í byrjun júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Opna kaffihús sem er sérhannað fyrir fjölskyldur

**Lára, Villý og Henry undirbúa opnun kaffihúss með aðstöðu fyrir alla fjölskylduna. Maturinn á að vera hollur og lífrænn og skiptiaðstaðan fyrsta flokks.**

„Mér fannst við ekki hafa samastað í miðbænum þegar við vorum komin með barn. Mér fannst leikrými, hollur matseðill eða jafnvel skiptiaðstaða alltaf vera í lakari kantinum,“ segir Lára Guðrún Jóhönnudóttir, sem hefur gengið með þann draum í maganum að skapa notalega aðstöðu fyrir fjölskylduna í miðbænum.

Lára Guðrún, unnusti hennar Villý Þór Ólafsson og vinur þeirra Henry Þór Reynisson, eru um þessar mundir að undirbúa opnun á nýju bakaríi á Laugaveginum. Bakaríið hefur fengið nafnið Fjallkonubakarí – fjölskyldukaffihús.

Þríeykið rak saman verslunina Moods Of Norway í þessu húsnæði. En þegar þau tóku ákvörðun um að loka versluninni segja þau að það hafi legið beinast við að opna bakarí þar sem Henry vinur þeirra er bakari. Þau sameinuðu því krafta sína og slógu til.

„Við ætlum að hafa lífrænan og næringarríkan matseðill fyrir börn,“ segir Lára. „Það er hún Ebba Guðný Guðmundsdóttir sem skrifaði Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða? sem setur hann saman fyrir okkur. Við ætlum einnig að hafa leikherbergi sem verður skipt niður fyrir yngri og eldri börnin. Foreldrarnir hafa síðan tækifæri til að sitja hjá leikrými yngri barnanna og fylgjast með. Einnig verðum við með gjafaherbergi í ró og næði og ætlum að bjóða upp á mömmu-, pabba- og foreldramorgna. Að auki er bæði spænskukennsla og jóga fyrir börn á planinu hjá okkur.“

linda@frettabladid.is

# Frægðin borgar sig

Jason Bateman naut góðs af frægð sinni á meðan hann beið í röð eftir nýjasta tóli Apple; iPhone 4 á dögunum.

Þrátt fyrir að röðin væri löng þurfti Bateman ekki að bíða lengi þar sem starfsmenn búðarinnar könnuðust við Arrested Development-stjörnuna og buðu honum inn á undan öðrum spenntum iPhone-unnendum. Óánægjan leyndi sér ekki á meðal þeirra sem ekki nutu góðs af frægð og frama og fékk Bateman gott baul er hann gekk út, en hann var líklegast kátur með kaupin.



JASON BATEMAN naut góðs af frægð sinni, en uppskar litla kátínu viðstaddra.


30 DAGA
hreinsun á mataræði
Síðasti fyrirlesturinn í sumar!
DAVÍÐ KRISTINSSON næringar- og lífsstílsþerapisti heldur fyrirlestur um 30 daga hreinsun á mataræði. Gott tækifæri til að byrja núna að axla ábyrgð á eigin heilsu!

Miðvikud. 30. júní
Heilsuhúsinu Lágmúla kl. 19:30 -21:30
Glæsileg handbók fylgir með öllum upplýsingum sem þarf.
Skráning og nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155.
Námskeiðsgjald kr. 6.900 kr.
Náðu betra jafnvægi með réttu mataræði!
www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið



Gerðu verðsamanburð á pallaefni

Gerðu verðsamanburð á www.BYKO.is eða hjá sölumönnum BYKO!
LÆGRA VERÐ Á PALLA- OG GIRÐINGAREFNI
0058254 Fura, alhefluð, 22x95 mm, A-gagnvarið.
0058324 Fura, alhefluð 27x95 mm A-gagnvarið
0058504 Fura, alhefluð 45x95 mm A-gagnvarið
0058506 Fura, alhefluð 45x145 mm A-gagnvarið
0059954 Fura, alhefluð 95x95 mm A-gagnvarið

Vnr. 0291441
Hlið 3.690
VERBENA FACADE hlið, 800x900 mm.

Vnr. 0291440
Girðingar-eining 5.590
VERBENA FACADE girðingar-eining, 800x1800 mm.
Ráðgjöf landslagsarkitekts

Sumar 2010

Björn Jóhannsson landslagsarkitekt sér um ráðgjöfina.
Í sumar veitir BYKO viðskiptavinum sínum ráðgjöf og faglegar ráðleggingar vegna framkvæmda í garðinum.
ALLAR TEIKNINGAR GERÐAR Í ÞRÍVÍDD
Viðskiptavinurinn fær hálftíma ráðgjöf sem kostar **kr. 5.900**. Upphæðin er inneign þegar keypt er palla- og girðingarefni hjá BYKO.
Skráning á netfangið **margret@byko.is** og í síma **515 4135** alla virka daga.
BYKO

## > Eiður með tilboð frá Bandaríkjunum

Eiður Smári Guðjohnsen gæti verið á leið í bandarísku MLS-deildina og spilað þar með Kansas City Wizards. Robb Heineman, einn eigenda félagsins, staðfesti að félagið hefði gert Eiði Smára formlegt tilboð á spjallvefnum Big Soccer í gær. Þó er talið afar líklegt að Eiður Smári gangi formlega í raðir Tottenham í sumar en hann var þar í láni frá franska liðinu AS Monaco á síðari hluta nýliðins tímabils í ensku úrvalsdeildinni.



# sport

sport@frettabladid.is

**KRISTJÁN HALLDÓRSSON:** MUN AÐSTOÐA GEIR SVEINSSON MEÐ GRÓTTU OG KANN VEL VIÐ SIG Á BAK VIÐ TJÖLDIN

## *Það er ekki hægt að vera þjálfari á Íslandi*

Handknattleiksdeild Gróttu ætlar sér stóra hluti á komandi árum. Liðið hefur ráðið Geir Sveinsson sem þjálfara og honum til aðstoðar verður hinn þrautreyndi Kristján Halldórsson. Að sögn Kristjáns ætla þeir að byggja upp sterkt lið til framtíðar.

„Við Geir kynntumst í akademíunni á sínum tíma og mér finnst hann vera spennandi þjálfari. Það verður gaman að vinna með honum. Hann er síðan varaborgarfulltrúi og þegar hann þarf að sinna sínum skyldum þar stekk ég inn í staðinn," sagði Kristján en hann er einn af stofnendum Gróttu og vann hjá félaginu í 16 ár á sínum tíma. Má því segja að hann sé kominn heim.

„Mér þykir vænt um þetta félag. Ég fékk meira að segja að hafa puttana í litavali á búningum á sínum tíma. Ljósblái liturinn í búningnum er tilkominn út af því að ég held með Man. City.



Var líklega eini Íslendingurinn sem hélt með því liði á sínum tíma."

Kristján hefur tekið að sér ýmis störf á síðustu árum. Hann hefur unnið mikið á bak við tjöldin og kann vel við sig þar.

„Það er ekki hægt að vera þjálfari á Íslandi. Maður verður dauður eftir smá tíma. Það fylgja því alls konar leiðinlegir kvillar sem eru ekki fyrir mig. Ég kann betur við mig á bak við tjöldin. Það geta einhverjir aðrir verið í fjölmiðlunum," sagði Kristján sem hefur meðal annars starfað sem eftirlitsmaður á leikjum hjá HSÍ og hann segir víða pott vera brotinn.

„Útlendingar sem koma hingað að horfa á leiki eiga ekki til orð yfir agaleysinu. Þeir hafa aldrei séð annað eins. Hvernig leikmenn og þjálfarar koma fram við dómara á Íslandi er einstakt," sagði Kristján sem er einmitt að þjálfa dómara þessa dagana og vill koma frekar þar að málum. „Það þarf að bæta ímynd dómara og koma þeim í betra form meðal annars."



**FRAM MÆTIR VAL** Ívar Björnsson fagnar marki í leik með Fram í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VISA-bikarkeppni karla:

## FH fékk loksins heimaleik

**FÓTBOLTI** Dregið var í fjórðungsúrslit VISA-bikarkeppni karla í gær. Stórleikur umferðarinnar verður Reykjavíkurslagur Fram og Vals sem hafa bæði verið við topp Pepsi-deildar karla síðustu vikurnar.

Þá verður annar Reykjavíkurslagur þegar KR-ingar taka á móti 1. deildarliði Þróttar. Víkingur frá Ólafsvík, sem leikur í 2. deildini, fékk heimaleik gegn Stjörnunni.

FH fékk sinn fyrsta heimaleik í bikarkeppninni í fjögur ár en Hafnfirðingar munu fá 1. deildarlið KA frá Akureyri í heimsókn. Leikirnir fara fram dagana 11. og 12. júlí næstkomandi. - esá

## ÚRSLIT

*Pepsi-deild karla*

ÍBV - Selfoss 3-0

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍBV** | **9** | **5** | **2** | **2** | **14-8** | **17** |
| Fram | 8 | 4 | 3 | 1 | 15-10 | 15 |
| **Valur** | **8** | **4** | **3** | **1** | **15-11** | **15** |
| Keflavík | 8 | 4 | 3 | 1 | 8-8 | 15 |
| **Breiðablik** | **8** | **4** | **2** | **2** | **17-11** | **14** |
| FH | 8 | 4 | 2 | 2 | 14-12 | 14 |
| **Stjarnan** | **8** | **2** | **4** | **2** | **17-12** | **10** |
| KR | 8 | 2 | 3 | 3 | 12-13 | 9 |
| **Fylkir** | **8** | **2** | **2** | **4** | **15-18** | **8** |
| Selfoss | 9 | 2 | 1 | 6 | 11-17 | 7 |
| **Grindavík** | **8** | **2** | **0** | **6** | **9-17** | **6** |
| Haukar | 8 | 0 | 3 | 5 | 9-19 | 3 |

pepsi deildin

**Sunnudaginn 27.júní**

**Breiðablik - KR** kl. 16:00
*Kópavogsvöllur*
**FH - Stjarnan** kl. 16:00
*Kaplakrikavöllur*
**Grindavík – Fylkir** kl. 16:00
*Grindavíkurvöllur*
**Fram – Haukar** kl. 16:00
*Laugardalsvöllur*
**ÍBV – Selfoss** kl. 16:00
*Hásteinsvöllur*
**Valur – Keflavík** kl. 16:00
*Vodafonevöllurinn*

# Mér er alveg sama um gagnrýni

**Lars Ivar Moldsked er leikmaður 8. umferðar Pepsi-deildar karla hjá Fréttablaðinu. Moldsked er einn umdeildasti leikmaður deildarinnar og hefur mátt þola mikla gagnrýni. Sjálfur er hann ánægður með sinn leik.**

**FÓTBOLTI** Norðmaðurinn Lars Ivar Moldsked, markvörður KR, átti magnaðan leik á milli stanganna er KR lagði ÍBV, 1-0, í 8. umferð Pepsi-deildar karla.

Tímabilið hefur ekki alltaf verið auðvelt fyrir hinn norska markvörð KR, Lars Ivar Moldsked. Hann hefur gert sig sekan um nokkur slæm mistök, ekki alltaf virkað öruggur og uppskorið mikla gagnrýni. Hann fékk þó uppreisn æru í leiknum gegn ÍBV.

„Það er alltaf ánægjulegt að fá viðurkenningar. Þá er maður að gera eitthvað rétt," segir Lars Ivar léttur í bragði þegar blaðamaður tjáir honum að hann hefði verið valinn leikmaður umferðarinnar. Hann er ekki sammála því að byrjun hans hafi verið eins döpur og margir eru á.

„Það er þitt mat að byrjun mín hafi verið erfið. Það hafa verið dæmd þrjú víti á mig og því mætti spyrja hvort eitthvað sé að þar? Ég hef spilað fótbolta í 25 ár og fengið dæmd á mig svona tvö víti. Svo kem ég til Íslands og fæ dæmd á mig þrjú víti í sjö leikjum. Það finnst mér einkennilegt," segir Lars Ivar en hann vill ekki meina að öll vítin hafi verið réttmæt.

„Vítið sem var dæmt á mig gegn FH var réttur dómur. Vítið sem var dæmt gegn Selfossi var ekki rétt og ég fékk rautt þess utan. Það var mjög leiðinlegt að gefa þetta víti gegn FH því ég var að spila vel. Það var klaufalegt hjá mér. Ég hélt að leikmaðurinn ætlaði að skjóta á markið og lagðist því niður. Hann gerði það ekki og þá var ég búinn að klippa hann niður. Það var alls ekki nógu gott."



**ALLUR AÐ KOMA TIL** Norðmaðurinn Lars Ivar Moldsked vex með hverjum leik hjá KR og var mjög góður í leiknum gegn ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lars Ivar hefur fengið harkalega gagnrýni í fjölmiðlum og ef menn lesa spjallsíðu stuðningsmanna KR sést fljótt að markvörðurinn er ekki í miklum metum hjá stuðningsmönnunum. Flestir vilja senda hann heim. Það truflar ekki Norðmanninn.

„Í heildina finnst mér frammistaða mín í sumar hafa verið fín. Það er samt alltaf hægt að gera betur og ég stefni á að standa mig áfram vel. Mér er alveg sama hvað er sagt um mig. Þeir sem eru að gagnrýna mig vita nákvæmlega ekki neitt um markvörslu og þess vegna er mér alveg sama. Fólk má tala eins mikið og það vill. Gengi liðsins er ekki bara mér að kenna heldur öllu liðinu," segir Lars Ivar en hann er ekki af baki dottinn og afar bjartsýnn á að hann muni standa sig vel áfram.

„Sjálfstraustið hjá mér er mjög gott og hefur alltaf verið mjög gott. Engin umfjöllun mun drepa mig. Sá eini sem getur drepið mitt sjálfstraust er ég sjálfur. Ég tel að ég muni bæta mig með hverjum leik."

Lars býr á Íslandi ásamt konu sinni og þriggja mánaða barni. Hann segir að fjölskyldan sé mjög ánægð með dvölina.

„Okkur líkar virkilega vel. Okkur hjónum hefur liðið vel og ekki yfir neinu að kvarta. Við höfum virkilega notið okkar. Þetta er fallegt land og gott fólk sem býr hér. Ég sé ekki eftir því að hafa komið til KR sem er gott félag," segir Lars Ivar Moldsked. henry@frettabladid.is

**Lið 8. umferðar (4-4-2):**

**Markvörður:**
Lars Ivar Moldsked, KR

**Varnarmenn:**
James Hurst, ÍBV
Kristján Hauksson, Fram
Grétar S. Sigurðarson, KR
Jósef Kristinn Jósefsson, Grindavík

**Miðvallarleikmenn:**
Matthías Vilhjálmsson, FH
Ian Jeffs, Val
Baldur Sigurðsson, KR
Ólafur Páll Snorrason, FH

**Framherjar:**
Arnar Gunnlaugsson, Haukum
Gilles Mbang Ondo, Grindavík

ÍBV vann 3-0 sigur á Selfyssingum í fyrsta leik 9. umferðar Pepsi-deildarinnar:

# Tvenna Tryggva kom ÍBV á toppinn

**FÓTBOLTI** Eyjamenn tylltu sér á topp Pepsi-deildar karla, um stundarsakir að minnsta kosti, með 3-0 sigri á nýliðum Selfoss í fyrstu viðureign 9. umferð Pepsi-deildar karla í gærkvöldi. Tryggvi Guðmundsson skoraði fyrsta og síðasta mark ÍBV í gær en Tony Mawejje þess á milli.

„Ég er alveg gríðarlega sáttur," sagði Tryggvi eftir leikinn. „Við ætluðum að pressa þá strax frá fyrstu mínútu og það má segja að það hafi gengið upp. Við skoruðum eftir tæpa mínútu og vorum þess fyrir utan að spila mjög vel. Manni var létt þegar að Tony skoraði annað markið okkar."

Tryggvi skoraði fyrra markið sitt eftir aðeins 40 sekúndna leik. ÍBV sótti upp vinstri kantinn og átti Þórarinn Ingi Valdimarsson tvö skot að marki sem Jóhann Ólafur Sigurðsson varði vel. Boltinn barst svo á Tryggva sem kláraði færið vel.

Síðara markið kom einnig eftir að ÍBV gerði harða atlögu að marki Selfyssinga. Í þetta sinn var það Mawejje sem fylgdi eftir skalla Rasmus Christiansen í stöng og náði að skora af stuttu færi. Þriðja og síðasta markið skoraði Tryggvi eftir að hafa komist einn gegn Jóhanni Ólafi.

„Það sló okkur út af laginu að fá á okkur mark strax eftir 40 sekúndur," sagði Guðmundur Benediktsson, þjálfari Selfoss. „Við vorum þess fyrir utan heppnir að fá ekki fleiri mörk á okkur í fyrri hálfleik. Við mættum grimmari til leiks í síðari hálfleik en Eyjamenn sýndu einfaldlega í dag hversu hættulegir þeir eru."

Leikurinn í gær var kveðjuleikur Bretans James Hurst sem snýr nú aftur til æfinga með Portsmouth á Englandi. - vsh



**SKORAÐI TVÖ** Tryggvi Guðmundsson var öflugur með ÍBV í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÍBV 3-0 Selfoss**

Hásteinsvöllur, áhorf.: 1.292 — Þóroddur Hjaltalín (6)

*1-0 Tryggvi Guðmundsson (1.)*
*2-0 Tony Mawejje (63.)*
*3-0 Tryggvi Guðmundsson (76.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 18–7 (12–4) |
| Varin skot | Albert 2 – Jóhann Ólafur 6 |
| Horn | 8–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–7 |
| Rangstöður | 2–5 |

| **ÍBV** 4–5–1 | | **SELFOSS** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Albert Sævarsson | 7 | Jóhann Ólafur Sig. | 5 |
| James Hurst | 7 | Sigurður Eyberg G. | 5 |
| Eiður Aron Sigurbj. | 7 | Stefán Ragnar Guðl. | 6 |
| Rasmus Christiansen | 7 | Einar Ottó Antonsson | 6 |
| Matt Garner | 6 | Agnar Bragi Magn. | 6 |
| Tony Mawejje | 7 | Ingi Rafn Ingibergss. | 6 |
| (73. Arnór Eyvar Ó. | -) | (58. Jón Guðbr. | 6) |
| Finnur Ólafsson | 7 | Andri Freyr Björnss. | 5 |
| Andri Ólafsson | 8 | Ingólfur Þórarinsson | 6 |
| ***Tryggvi Guðm.** | **8** | (58. Davíð Birgisson | 6) |
| (79. Gauti Þorvarðar. | -) | Jón Daði Böðgvarss. | 7 |
| Þórarinn Ingi Valdim. | 7 | Arilíus Marteinsson | 6 |
| Denis Sytnik | 6 | Sævar Þór Gíslason | 6 |
| (49. Eyþór Helgi B. | 6) | | |

**Maður leiksins*



**FÖGNUÐUR** Valur vann bikarinn í fyrra eftir sigur á Breiðabliki í úrslitaleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VISA-bikarkeppni kvenna:

## Stórslagur Vals og Blika í dag

**FÓTBOLTI** Í gær fóru fram fyrstu tveir leikirnir í 16 liða úrslitum VISA-bikarkeppni kvenna. ÍBV vann 6-0 sigur á ÍA og Þór/KA hafði betur gegn Fjarðabyggð/Leikni, 9-0.

Fjórir leikir fara fram í dag, þeirra á meðal stórslagur umferðarinnar. Þar tekur Breiðablik á móti Íslands- og bikarmeisturum Vals en þessi lið mættust einmitt í úrslitum bikarkeppninnar í fyrra. Leikurinn í dag hefjast allir klukkan 14.00.

16 liða úrslitunum lýkur svo með tveimur leikjum á morgun klukkan 19.00 en dregið verður í fjórðungsúrslit í hádeginu á mánudag. - esá



**12.990**
(fullt verð 15.990)

### McKINLEY FLOCCUS JACKET
Útivistarjakki með 5000 mm vatnsheldni. Litir: Svartur, hvítur og rauður. Dömustærðir.





**3.690**
(fullt verð 4.990)

### McKINLEY BYBLOS SHORTS
Göngustuttbuxur. Litir: Svartar, khaki, brúnar. Dömustærðir.



**TILBOÐ**
2 BOLIR
**2.490**
(fullt verð 3.780)

BOLUR
**1.890**

### NORTHBROOK LADY STRAPTANK
Hlýrabolur úr bómull og elastan. Litir: Svartur, hvítur, grænn. Dömustærðir.

# SUMAR Í INTERSPORT



### McKINLEY / ALPHA 4
**Innra tjald:** Polyester. **Gólf:** PolyEuretan. **Vatnsheldni:** Ytra tjald 3.000 mm, vatnsþétt gólf. **Saumar:** Límdir aðalsaumar. **Stangir:** 3 stk. 9,5-11 mm glasfiber. **Hæð:** 180 cm.




ALPHA 4
**39.990**
(fullt verð 44.990)




SVEFNPOKI
**10.990**

DÝNA
**7.490**

**TILBOÐ**
SVEFNPOKI OG DÝNA
**14.990**
(fullt verð 18.480)

### McKINLEY DALTON TREK
**Þyngd:** 1500 g. **Fylling:** 580 g. Tecloft. **Ytra byrði:** Polyester. **Stærð:** 225 x 85 cm.

### McKINLEY TREKKER M 25
Dýna. Lengd: 183 cm. Breidd: 51 cm. Þykkt: 2,5 cm. Þyngd: 860 g.



GÖNGUSKÓR
**34.990**

### SALOMON MEGA TREK
Gönguskór með Gore-tex vatnsheldni og dempun í sóla. Dömu- og herrastærðir.




GÖNGUSTAFIR
**8.990**
(fullt verð 10.990)

SKREFAMÆLIR
**4.990**

### McKINLEY DISCOVERY TELESCOPIC
Stillanlegir göngustafir. (8.990)

### SILVA EX DISTANCE
Lítill og nettur skrefamælir. Mælir skrefafjölda og vegalengd. (4.990)



ÚTILEGUSETT
**15.990**
(fullt verð 18.990)

### McKINLEY CAMPING SET
Útilegusett, borð og 4 stólar.

**INTERSPORT**

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 LINDIR SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
SELFOSSI SÍMI 856 4610 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 SMÁRALIND SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 22. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

FAGNAÐU Á ÞINN HÁTT!

## ÚRSLIT

### G-RIÐILL

| | |
|---|---|
| **Norður-Kórea - Fílabeinsströndin** | **0-3** |
| 0-1 Yaya Toure (14.), 0-2 N'dri Romaric (20.), 0-3 Salomon Kalou (82.). | |
| **Portúgal - Brasilía** | **0-0** |

### LOKASTAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Brasilía** | **3** | **2** | **1** | **0** | **5-2** | **7** |
| Portúgal | 3 | 1 | 2 | 0 | 7-0 | 5 |
| **Fílabeinsstr.** | **3** | **1** | **1** | **1** | **4-3** | **4** |
| Norður-Kórea | 3 | 0 | 0 | 3 | 1-12 | 0 |

### H-RIÐILL

| | |
|---|---|
| **Chile - Spánn** | **1-2** |
| 0-1 David Villa (24.), 0-2 Andres Iniesta (37.), 1-2 Rodrigo Millar (47.). | |
| **Sviss - Hondúras** | **0-0** |

### LOKASTAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Spánn** | **3** | **2** | **0** | **1** | **4-2** | **6** |
| Chile | 3 | 2 | 0 | 1 | 3-2 | 6 |
| **Sviss** | **3** | **1** | **1** | **1** | **1-1** | **4** |
| Hondúras | 3 | 0 | 1 | 2 | 0-3 | 0 |

### 16 LIÐA ÚRSLITIN

| | |
|---|---|
| **Úrúgvæ - Suður-Kórea** | **í dag kl. 14.00** |
| Bandaríkin - Gana | í dag kl. 18.30 |
| **Þýskaland - England** | **á morgun kl. 14.00** |
| Argentína - Mexíkó | á morgun kl. 18.30 |
| **Holland - Slóvakía** | **mánudag kl. 14.00** |
| Brasilía - Chile | mánudag kl. 18.30 |
| **Paragvæ - Japan** | **þriðjudag kl. 14.00** |
| Spánn - Portúgal | þriðjudag kl. 18.30 |

### MARKAHÆSTU LEIKMENN

| | |
|---|---|
| **Gonzalo Higuain, Argentínu** | **3 mörk** |
| Robert Vittek, Slóvakíu | 3 mörk |
| **David Villa, Spáni** | **3 mörk** |

### FLESTAR STOÐSENDINGAR

| | |
|---|---|
| **Arthur Boka, Fílabeinsströndinni** | **2** |
| Kaka, Brasilíu | 2 |
| **Thomas Müller, Þýskalandi** | **2** |
| Sung Yueng Ki, Suður-Kóreu | 2 |

# Evrópumeistararnir minntu á sig

**Eftir slaka byrjun á HM eru Spánverjar nú komnir á beinu brautina. Þeir náðu efsta sætinu í H-riðli með 2-1 sigri á Chile í gær. Þeirra bíður þó risaleikur gegn grönnum sínum frá Portúgal í 16 liða úrslitunum.**

**FÓTBOLTI** Spánn og Chile tryggðu sér í gær sæti í 16 liða úrslitum heimsmeistarakeppninnar í Suður-Afríku í gær. Þessi lið áttust við í lokaumferð H-riðils þar sem Evrópumeistararnir höfðu betur, 2-1, og tryggðu sér þar með efsta sæti riðilsins.

Í hinum leik riðilsins gerðu Sviss og Hondúras markalaust jafntefli en fyrrnefnda liðinu hefði með sigri gert harða atlögu að Chile í öðru sæti riðilsins og þar með sæti í 16 liða úrslitunum.

Spánverjar gerðu í raun út um leikinn í gær strax í fyrri hálfleik með tveimur góðum mörkum. Fyrra markið kom eftir klaufaleg mistök Claudio Bravo markvarðar sem hljóp langt út úr eigin vítateig til að stöðva skyndisókn Spánverja. Boltinn barst hins vegar beint til David Villa sem skoraði í autt markið af löngu færi.

Villa átti svo ríkan þátt í síðara markinu sem hann lagði upp fyrir félaga sinn hjá Barcelona, Andres Iniesta. Sá síðarnefndi kláraði sóknina með yfirveguðu skoti sem hafnaði í markhorninu.

Um leið fékk Marco Estrada, leikmaður Chile, sitt annað gula spjald í leiknum og þar með rautt fyrir að brjóta á Fernando Torres í aðdraganda marksins.

Í þessari stöðu hefði Sviss dugað 1-0 sigur gegn Hondúras til að ná öðru sæti riðilsins af Chile. En þrátt fyrir að vera manni færri náði Chile að minnka muninn með marki Rodrigo Millar snemma í síðari hálfleik en boltinn hafði reyndar viðkomu í varnarmanninum Gerard Pique á leið sinni í markið.



**MARKAHETJUR** Andres Iniesta og David Villa skoruðu tvö glæsileg mörk fyrir Spánverja í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Það mark reyndist mikilvægt. Nú þurftu Svisslendingar að skora tvívegis í sínum leik og þegar leikmenn Chile gerðu sér grein fyrir því að þeir svissnesku ættu í vandræðum með að brjóta vörn Hondúras á bak aftur lögðu þeir ofurkapp á að fá ekki fleiri mörk á sig. Hvorugt lið sótti því að nokkru ráði síðasta stundarfjórðunginn sem setti ljótan blett á annars ágætan knattspyrnuleik sem hafði byrjað mjög fjörlega.

Það voru góðar fréttir fyrir Evrópumeistarana að Andres Iniesta var aftur orðinn nægilega heill til að vera í byrjunarliðinu. Hann minnti svo á sig með laglegu marki og ljóst að Evrópumeistararnir eru komnir nú aftur á gott skrið.

„Það mikilvægasta var að við unnum og fengum þrjú stig," sagði Vicente del Bosque, þjálfari Spánar. „Við erum á ágætri leið. Fernando Torres spilaði í 60 mínútur og Iniesta líður vel."

Sviss missti í gær af gullnu tækifæri til að komast áfram í 16-liða úrslitin í annað skiptið í röð á HM. Sviss kom mörgum á óvart með því að leggja Spán í fyrstu umferð riðlakeppninnar en leikmenn liðsins tókst ekki að fylgja því eftir og töpuðu fyrir Chile og máttu nú síðast sætta sig við jafntefli gegn slöku liði Hondúras.

„Þetta reyndist of mikil pressa fyrir okkur. Við þurftum að skora tvisvar," sagði þjálfarinn Ottmar Hitzfeld eftir leikinn. „Okkur skorti úthaldið og þrautsegjuna til þess. Þetta eru mikil vonbrigði, ekki bara fyrir mig heldur leikmennina líka."

Bæði lið eiga afar erfið verkefni fyrir höndum í 16 liða úrslitum keppninnar. Strax á mánudag þarf Chile að leika við Brasilíu og á þriðjudaginn mætast grannþjóðirnar Spánn og Portúgal í sannköllum risaslag. **eirikur@frettabladid.is**







Brasilía og Portúgal upp úr G-riðli:

# Óspennandi uppgjör í dauðariðlinum

**FÓTBOLTI** Dauðariðillinn svokallaði stóð varla undir nafni á HM í Suður-Afríku þar sem lokaumferðin og uppgjör toppliðanna olli flestum miklum vonbrigðum. Brasilía og Portúgal gerðu markalaust jafntefli í bragðdaufum leik en fyrir leikinn var Brasilía öruggt áfram og Portúgal í afar sterkri stöðu. Engu síður lagði síðarnefnda liðið höfuðáherslu á varnarleik lengst af og úr varð afar óspennandi viðureign þar sem fá marktækifæri litu dagsins ljós.

Fílabeinsströndin átti veika von á að komast upp fyrir Portúgal á stigatöflunni. Þeir afrísku þurftu að treysta á brasilískan sigur og þá helst vinna Norður-Kóreu með átta marka mun. Það tókst ekki en Fílabeinsströndin vann 3-0 sigur.

Landsliðsþjálfarar Portúgals og Brasilíu höfðu afar ólíkar skoðanir á leiknum.

„Mér fannst þetta frábær sýning – sannkölluð knattspyrnuveisla," sagði Carlos Queiroz, þjálfari Portúgals. „Braslía byrjaði mjög vel í leiknum en eftir því sem á leið komst Portúgal betur inn í leikinn. Í lokin var þetta leikur þar sem við sóttum og þeir vörðust. Við fögnum þessu því Portúgal sýndi að það átti skilið að komast áfram. Þetta var frábær knattspyrnuleikur, leikmenn spiluðu mjög vel og þeim ber að hrósa. Mér fannst úrslitin sanngjörn."

Hinn brasilíski Dunga var þó alls ekki sömu skoðunar. „Við reyndum að sækja á þá allt til loka. Andstæðingurinn var alltaf í vörn. Við viljum alltaf vinna leiki en önnur lið beita öðruvísi leikaðferðum þegar þau spila við Brasilíu. Það er eðlilegt," sagði Dunga sem kvartaði þó undan grófum Portúgölum.

„Ég veit ekki af hverju leikmenn voru svona taugaóstyrkir. Þú verður að spyrja Queiroz að því en það þarf bara að sjá hvaða lið fékk fleiri áminningar til að sjá hvaða leikmenn voru ofbeldishneigðari," sagði Dunga.

Það mátti reyndar ekki miklu muna hvað áminningarnar varðar – leikmenn Portúgals fengu fjórar áminningar en Brasilíumenn þrjár. " **- esá**



**REIF SIG ÚR AÐ OFAN** Cristiano Ronaldo sýndi magavöðvana eftir leikinn í gær. NORDIC PHOTOS/AFP




**ÞJÁLFARINN** Milovan Rajevac, Serbinn í brúnni hjá Gana. NORDIC PHOTOS/AFP

16 liða úrslitin hefjast í dag:

# Gana er síðasta von Afríku

**FÓTBOLTI Sextán liða úrslit hefjast á HM í Suður-Afríku í dag en fyrsti leikurinn verður á milli Úrúgvæ og Suður-Kóreu. Síðari leikur dagsins verður viðureign Bandaríkjamanna og Ganverja en þeir síðarnefndu eru eina Afríkuliðið sem er enn með í keppninni.**

**Þjálfari Gana, Serbinn Milovan Rajevac, var stoltur af sínum leikmönnum. „Aðalstyrkur okkar er liðsheildin. Við spilum sem eitt lið en ekki sem einstaklingar. Það er ástæðan fyrir okkar árangri. Allar Afríkuþjóðirnar munu styðja okkur og við ætlum ekki að vanvirða þær," sagði hann.**

**Bandaríkjamenn eru enn í sigurvímu eftir æsilegan 1-0 sigur á Alsír í vikunni og ætla sér langt í keppninni. „Ef við höldum áfram að byggja á því sem við höfum gert vel getum við farið alla leið," sagði þjálfarinn Bob Bradley.**

**Morgundagurinn verður einnig afar áhugaverður. Margir bíða sjálfsagt spenntir eftir viðureign Englands og Þýskalands en síðari leikur dagsins, á milli Argentínu og Mexíkó, verður sjálfsagt litlu síðri.** **- esá**

## „Ég nota Herbalife-vörurnar innan vallar og utan til að halda einbeitingu og öðlast nægilega orku. Þannig get ég spilað minn besta leik.“

### HERBALIFE ER OPINBER NÆRINGARBAKHJARL LIONEL MESSI

22 ára gamla fótboltaundrið Lionel Messi spilar fyrir FC Barcelona og er einn fremsti fótboltamaður heims. Hann var fenginn til liðsins aðeins 11 ára gamall og reyndi sína frumraun í nóvember 2003 þá 16 ára gamall. Í aðeins 244 leikjum hefur hann skorað 127 mörk og átt 52 stoðsendingar. Hann leikur einnig í landsliði Argentínu.

**AFREK:**

2005 La Liga, Supercopa de España – Leikmaður ársins í Argentínu
2006 La Liga, Supercopa de España – Meistarakeppni
2007 Leikmaður ársins í Argentínu
2008 Leikmaður ársins í Argentínu
2009 Fékk FIFA Club World Cup Golden Ball

**UPPÁHALDS VÖRUR:**
Formúla 1 sjeik og próteinbar.



***Skynsamleg næring***

**Götusmiðjan** er Casa Herbalife á Íslandi styrkt af HFF

Herbalife er skráð á NYSE

HERBALIFE
sjálfstæðir dreifingaraðilar

## > Leonardo DiCaprio

„Mér finnst gott að geta leikið ákveðið hlutverk og komið þar með út ákveðnum tilfinningum sem ég annars geri ekki í mínu venjulega lífi.“

Leonardo DiCaprio fer með eitt aðalhlutverka í nútímaútgáfu Rómeós og Júlíu, sem er á dagskrá Stöðvar 2 bíó í kvöld kl. 20.00.



# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

**STÖÐ2 KL. 20.25**

### Monk

Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvitringinn Adrien Monk. Hann heldur uppteknum hætti við að aðstoða lögregluna við lausn allra undarlegustu sakamálanna sem flest hver eru æði kómísk, þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.



## ▸ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Rómeó og Júlíu**
**Stöð 2 bíó kl. 20.00**

Sígilt leikrit Shakespeares er fært til nútímans í hreint magnaðri útgáfu. Textinn er óbreyttur og söguþráðurinn sömuleiðis en sögusviðið er grámyglulegur nútíminn þar sem stoltir menn láta byssurnar tala og koma fram blóðugum hefndum.



### SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Húrra fyrir Kela!, Kóalabræður, Þakbúarnir, Með afa í vasanum, Disneystundin, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Finnbogi og Felix, Galdrakrakkar
**10.15 Popppunktur** (Mammút - Agent Fresco) (e)
**11.10 Sögur frá Botswana** (Botswana - In the Footsteps of the Ladies No. 1 Detective Agency) (e)
**12.05 HM-kvöld** (e)
**12.35 Formúla 3** Upptaka frá keppni í Formúlu 3, opnu evrópsku mótaröðinni þar sem Íslendingurinn Kristján Einar Kristjánsson er á meðal ökuþóra.
**13.30 HM-stofa**
**14.00 HM í fótbolta** (16 liða úrslit, 1D-2C) Bein útsending
**16.10 Friðþjófur forvitni** (9:10)
**16.35 Stundin okkar**
**17.05 Táknmálsfréttir**
**17.15 HM-stofa**
**18.00 Fréttir**
**18.20 HM í fótbolta** (16 liða úrslit, 1B-2A) Bein útsending
**20.30 HM-kvöld**
**21.00 Veðurfréttir**
**21.05 Berlínaraspirnar (7:8)**
**21.55 Sunnudagsbíó - Ráðningarstofan** (It's a Free World...) Bresk bíómynd frá 2007.
**23.30 Bráðavaktin – Lokaþátturinn** (e)
**00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.00 Scoop**
**10.00 The Jane Austen Book Club**
**12.00 Draumalandið**
**14.00 Scoop**
**16.00 The Jane Austen Book Club**
**18.00 Draumalandið**
**20.00 Romeo and Juliet**
**22.00 Girl, Positive**
**00.00 16 Blocks**
**02.00 The Prophecy 3**
**04.00 Girl, Positive**
**06.00 Man in the Iron Mask**

### STÖÐ 2

**07.00 Stóra teiknimyndastundin**
**07.25 Lalli**
**07.35 Áfram Diego, áfram!**
**08.00 Algjör Sveppi** Algjör Sveppi, Boowa og Kwala, Harry og Toto, Hvellur keppnisbíll, Firehouse Tales, Könnuðurinn Dóra
**09.15 Tommi og Jenni**
**09.40 Ógurlegur kappakstur**
**10.05 Princess**
**11.35 Histeria!**
**12.00 Nágrannar**
**12.20 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.40 America's Got Talent** (4:26)
**14.30 Gossip Girl** (13:22)
**15.15 The Big Bang Theory** (13:23)
**15.40 Modern Family** (3:24)
**16.05 Mercy** (9:22)
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.10 Frasier** (23:24)
**19.35 Ramsay's Kitchen Nightmares** (3:4)
**20.25 Monk** (1:16)
**21.15 Lie to Me** (3:22) Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman.
**22.00 Twenty Four** (22:24)
**22.45 60 mínútur**
**23.30 Daily Show. Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft.
**23.55 That Mitchell and Webb Look** (2:6)
**00.20 The Tudors** (9:10) Önnur þáttaröð einnar metnaðarfyllstu sjónvarpsþáttaraðar síðari ára.
**01.15 It's Always Sunny In Philadelphia** (10:15)
**01.40 The New World** Vönduð og einkar áhrifamikil mynd um Pocahontas.
**03.50 Code 46**
**05.20 Frasier** (23:24)
**05.45 Fréttir** Fréttir Stöðvar 2 (e)

### 2 SPORT *besta sætið*

**10.20 Spánn (Valencia)** Útsending frá tímatökunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn á Spáni.
**11.30 Spánn (Valencia)** Bein útsending frá Formúlu-kappakstrinum í Valencia á Spáni.
**14.15 F1: Við endamarkið** Keppni helgarinnar í Formúlu1 kappakstrinum krufin til mergjar.
**14.45 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport, þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa, verða að sjálfsögðu á sínum stað.
**15.45 Pepsí-deildin 2010**
**18.00 Norðurálsmótið** Sýnt frá Norðurálsmótinu en þar leika listir sínar drengir í 7. flokki í knattspyrnu.
**18.30 Inside the PGA Tour 2010**
**19.00 Travelers Championship** Bein útsending frá Travelers Championship-mótinu í golfi en þetta er lokadagur mótsins.
**22.00 Sterkasti maður Íslands**
**22.30 Pepsímörkin 2010**
**23.30 Pepsí-deildin 2010** Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**01.20 Pepsímörkin 2010**

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**06.10 4 4 2**
**07.00 4 4 2**
**07.45 4 4 2**
**08.30 4 4 2**
**09.15 16 liða 2**
**11.10 16 liða 1**
**13.05 4 4 2**
**13.50 4 4 2**
**14.35 4 4 2**
**15.15 4 4 2**
**16.00 16 liða 3**
**17.55 Ronaldinho**
**18.25 16 liða 3**
**20.30 Football Legends**
**21.00 4 4 2**
**21.45 16 liða 4**
**23.40 16 liða 3**
**01.35 4 4 2**
**02.20 16 liða 4**
**04.15 16 liða 3**

### 2 EXTRA

**16.00 Bold and the Beautiful**
**16.15 Bold and the Beautiful**
**16.35 Bold and the Beautiful**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.15 Bold and the Beautiful**
**17.35 Ramsay's Kitchen Nightmares** (2:4) Gordon Ramsay úr Hell's Kitchen, heimsækir nú veitingahús þar sem allt er að fara í hundana, maturinn handónýtur, starfsfólkið gagnslaust, viðskiptavinirnir horfnir og reksturinn eftir því á góðri leið með að fara á hausinn.
**18.30 Wipeout USA** Stórskemmtilegur skemmtiþáttur og nú í bandarísku útgáfunni þar sem buslugangurinn er gjörsamlega botnlaus og glíman við rauðu boltana aldrei fyndnari.
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.45 Matarást með Rikku** (8:10) Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga, sem eiga það sameiginlegt að eiga í misjafnlega löngu en í öllum tilfellum alveg eldheitu ástarsambandi við matargerð.
**20.15 America's Got Talent** (4:26) Fjórða þáttaröðin af þessari stærstu hæfileikakeppni heims.
**21.00 The Power of One** Bráðskemmtilegur þáttur þar sem dávaldurinn Peter Powers ferðast um og finnur sjálfboðaliða sem vilja láta dáleiða sig.
**21.30 Supernatural** (16:16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.
**22.10 ET Weekend**
**23.05 Sjáðu**
**23.35 Fréttir Stöðvar 2**
**00.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### ÍNN

**15.30 Eldum íslenskt**
**16.00 Hrafnaþing**
**17.00 Græðlingur**
**17.30 Tryggvi Þór á Alþingi**
**18.00 Kokkalíf**
**18.30 Í kallfæri**
**19.00 Alkemistinn**
**19.30 Í kallfæri**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Eitt fjall á viku**

### SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**09.30 Rachael Ray** (e)
**10.15 Rachael Ray** (e)
**10.55 Rachael Ray** (e)
**11.35 Dr. Phil** (e)
**12.15 Dr. Phil** (e)
**12.55 Bass Fishing** (4:8)
**13.40 Million Dollar Listing** (2:6) (e)
**14.25 Top Chef** (4:17) (e)
**15.10 Eureka** (6:18) (e)
**16.00 Survivor** (5:16) (e)
**16.50 Sumarhvellurinn** (2:9) (e)
**17.15 Matarklúbburinn** (3:6) (e)
**17.40 Biggest Loser** (9:18) (e)
**19.05 Girlfriends** (9:22)
**19.25 Parks & Recreation** (8:24) (e)
**19.50 America's Funniest Home Videos** (46:50) (e)
**20.15 Psych** (11:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.
**21.00 Law & Order. UK** (8:13) Bresk sakamálasería um lögreglumenn og saksóknara í London sem eltast við harðsvíraða glæpamenn.
**21.50 The Cleaner** (2.13) Vönduð þáttaröð með Benjamin Bratt í aðalhlutverki.
**22.35 Royal Pains** (10:13) (e)
**23.25 Life** (10:21) (e)
**00.15 Last Comic Standing** (1:11) (e)
**01.00 Jay Leno** (e)
**01.45 Jay Leno** (e)
**02.30 Jay Leno** (e)
**03.15 Jay Leno** (e)
**04.00 Pepsi MAX tónlist**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### BBC entertainment

**10.25** Top Gear **11.15** The Restaurant **12.05** The Restaurant UK **13.00** My Hero **13.25** My Hero **13.55** My Hero **14.25** My Hero **14.50** My Hero **15.20** Doctor Who **16.15** Doctor Who **17.00** Lark Rise to Candleford **17.50** Blackadder Goes Forth **18.20** Blackadder Goes Forth **18.50** Blackadder Goes Forth **19.20** Only Fools and Horses **19.50** Only Fools and Horses **20.20** Top Gear **21.15** The Restaurant **22.05** The Restaurant UK **22.55** Spooks **23.50** Fawlty Towers

### DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** Generalinspektøren **12.15** Laudrup - en dansk familie **13.15** Strings **14.45** Robin Hood **15.30** Sigurds Bjørnetime **16.00** Et rigtigt cirkusliv **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Hvor er vi landet? **17.30** VM 2010 studiet **17.55** 3: Halvleg ved Krabbe & Mølby **18.00** Camilla Läckbergs Prædikanten **19.00** 21 Søndag **19.40** Taggart **20.50** VM 2010 studiet **21.20** Verdens værste naturkatastrofer **22.05** På farten i Indien **22.30** Slægtens spor

### NRK 1

**10.20** Humor - Nord-Koreas svakeste punkt **11.50** På innsida av det danske kongehuset **12.20** Miss Marple **13.55** Med lisens til å sende **14.55** NM sykkel landevei **16.30** Åpen himmel **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sportsrevyen **17.45** Norsk attraksjon **18.15** Naturens undere **19.05** Millionær i forkledning **19.55** Poirot **20.45** Opptur **21.00** Kveldsnytt **21.15** Saddams hus **22.15** Luftambulansen **22.45** Norges dag i Shanghai **23.45** Blues jukeboks

### SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Minnenas television **11.20** Autograf **12.10** Michael Jackson - gone too soon **13.40** Rapport **13.45** Änglagård, den andra sommaren **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Landet runt **17.00** Sverige! **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Cleo **18.30** Sportspegeln **19.00** The Tudors **19.50** Resan till livets kärna **20.45** Rickie Lee Jones - live på Berns **22.15** Kören


Alicante

28. og 30. júní.

Flugsæti
Verð frá 22.500 kr.

Innifalið í verði: Flug aðra leið til Alicante með flugvallarsköttum.

Flogið allt að þrisvar í viku út október.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is

vita

VITA er lífið
VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 50615 06/10


SUMARGLEÐI BYLGJUNNAR
Í GARÐI UM HELGINA
Bylgjan þakkar Akureyringum frábærar móttökur um síðustu helgi. Næst er það Sólseturhátíð í Garði um helgina.
HEMMI GUNN OG SVANSÍ
Á laugardaginn höldum við Sumargleði Bylgjunnar með Hemma Gunn og Svansí í Flösinni, veitingastað í Byggðasafninu í Garði. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna. Meðal gesta má nefna hljómsveitina Diktu, stórstjörnuna Eivöru Páls, söngflokkinn Klassart og svo leika Hobbittarnir óska- og stuðlög hlustenda. Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.
FRÁBÆRIR SKEMMTIKRAFTAR
Tónleikar á laugardagskvöldið með Dikta
Tónleikar með Eivöru á sunnudaginn
NÆSTU VIÐKOMUSTAÐIR
2. – 3. júlí
Humarhátíð á Höfn í Hornafirði
9. – 10. júlí
Ísafjörður
16. – 17. júlí
Sumargleði Bylgjunar á Flúðum
FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR ALLA
Tónlist, listir, íþróttir, jónsmessuganga, grill og kvöldvaka með Eivöru á sunnudaginn
olís
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



**> Tom Selleck**

„Ég hef aldrei brugðist vel við því þegar aðrir segja mér að gera eitthvað.“

Tom Selleck bregður sér í gervi Jesse Stone í myndinni Jesse Stone: Death in Paradise sem er á dagskrá Stöðvar 2 kl. 21.55 í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ KYNNIR SÉR HUGARHEIM TRÚFÍFLA

## *Beðið (af eftirvæntingu) eftir dómsdegi*



Undur netsins eru mikil og á óravíddum þess er margan gullmolann að finna. Þar rakst undirritaður á dögunum á heimildarmyndina Waiting for Armageddon og er óhætt að hvetja sem flesta til að feta í þau fótspor. Myndin segir frá hugmyndum evangelista í Bandaríkjunum, en til þess safnaðar hefur margt stórmennið heyrt. Nægir að nefna George W. Bush, fyrrum Bandaríkjaforseta.

Trú þessa fólks er að dómsdagur sé í nánd og gleðin sem það vekur þeim er ósvikin. Það les í heimsfréttirnar að koma mannssonarins sé yfirvofandi, en fyrir hana munu þeir sanntrúðu brottnumdir verða og lifa á himnum með drottni. Aðrir verða skildir eftir og jörðin mun veslast upp, áður en hámarkinu er náð í úrslitaorustu hins góða og illa við Hamragedón. Þar mun jörðin farast og ný og fegurri verða sköpuð. Sem sagt bull.

Þessu trúir fólkið eins og nýju neti og elur börn sín upp í þeirri vissu að þau muni ekki lifa lengi. Sonur minn mun ekki útskrifast úr skóla og dóttir mín ekki eignast börn, sagði ein konan. Og dóttirin var hálfsár yfir því að fá ekki að eiga langa æfi líkt og langforeldrar hennar. „Og þú vilt upplifa þessa reynslu sjálf,“ sagði hún um ömmu sína og afa. „Og ef þú deyrð 24 ára gömul, eru takmörk á því hvað mikið þú upplifir.“

Það væri grátbroslegt að fá að kynnast hugarheimi þessara trúfífla, ef afleiðingarnar væru ekki grafalvarlegar. Er þá ekki rætt um börnin sem hljóta að skemmast á slíku uppeldi. Þessi hugsun ræður nefnilega ríkjum þegar kemur að alþjóðapólitíkinni. Samkvæmt henni er beinlínis andstætt Biblíunni að stilla til friðar í Ísrael og Palestínu og allar hörmungar þar eru enn eitt skref í átt til hins dýrðlega dómsdags.

Hvað sem sungið er á fundum KFUM og KFUK um að Biblían sé bókin bókanna, þá er fráleitt að réttlæta hörmungar nútíðarinnar með eldgömlum misvíturlegum textum.

## LAUGARDAGUR



▶ **20:30** **HM kvöld** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.55** **Jesse Stone: Death in Paradise** STÖÐ 2



▶ **21.55** **Kill Bill volume 1** SKJÁR EINN



▶ **22.00** **Ghost Rider** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **23.15** **Sjáðu** STÖÐ 2 EXTRA

### SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Pálína, Teitur, Sögustund með Mömmu Marsibil, Manni meistari, Konungsríki Benna og Sóleyjar, Mærin Mæja, Mókó, Elías Knár, Millý og Mollý, Hrúturinn Hreinn, Latibær
**10.25 HM í fótbolta** Sviss - Hondúras, upptaka af leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.
**12.15 Mörk vikunnar** (e)
**12.45 Íslenski boltinn** (e)
**13.30 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.
**14.00 HM í fótbolta** (16 liða úrslit, 1A-2B) Bein útsending
**16.00 Formúla 3**
**17.05 Táknmálsfréttir**
**17.15 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.
**18.00 Fréttir**
**18.20 HM í fótbolta** (16 liða úrslit, 1C-2D) Bein útsending
▶**20.30 HM-kvöld** Í þættinum er fjallað um leiki dagsins á HM í fótbolta.
**21.00 Veðurfréttir**
**21.05 Popppunktur** (Mammút - Agent Fresco)
**22.10 Lottó**
**22.15 Bankaránið** (The Bank Job)
**00.05 Aldrei hittumst við áður** (The Night We Never Met) Bandarísk bíómynd frá 1993. Tveir karlmenn og ein kona deila íbúð á Manhattan og eiga þar sína daga hvert. Þau hafa aldrei hist en eiga samskipti með bréfaskiptum og símtölum og svo kemur upp vandræðalegur misskilningur.
**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Picture Perfect**
**10.00 Speed Racer**
**12.10 Love Wrecked**
**14.00 Picture Perfect**
**16.00 Speed Racer**
**18.10 Love Wrecked**
**20.00 First Wives Club**
▶**22.00 Ghost Rider**
**00.00 Carlito's Way**
**02.20 Grilled**
**04.00 Ghost Rider**
**06.00 Romeo and Juliet**

### STÖÐ 2

**07.00 Flintstone krakkarnir**
**07.25 Lalli**
**07.35 Þorlákur**
**07.45 Kalli og Lóa**
**08.00 Algjör Sveppi** Algjör Sveppi, Hvellur keppnisbíll, Gulla og grænjaxlarnir, Svampur Sveinsson, Könnuðurinn Dóra
**09.15 Strumparnir**
**09.40 Latibær** (12:18)
**10.30 Stóra teiknimyndastundin**
**10.55 Daffi önd og félagar**
**11.15 Glee** (16:22)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.45 Bold and the Beautiful**
**13.05 Bold and the Beautiful**
**13.25 Bold and the Beautiful**
**13.50 So You Think You Can Dance** (2:23)
**15.20 Wipeout USA**
**16.05 Matarást með Rikku** (8:10)
**16.35 Auddi og Sveppi**
**17.15 ET Weekend**
**18.00 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 America's Got Talent** (4:26) Fjórða þáttaröðin af þessari stærstu hæfileikakeppni heims. Keppendur eru af öllum stærðum og gerðum og hæfileikarnir jafn misjafnir og keppendur eru margir.
**20.20 Stormbreaker**
▶**21.55 Jesse Stone: Death in Paradise** Harðskeytti löggæslumaðurinn Jesse Stone er mættur á ný þar sem hann rannsakar nú dularfullt morð á táningsstúlku í smábænum Paradís.
**23.20 Stomp the Yard** Mögnuð mynd um ungan dreng sem er að hefja nám í nýjum skóla.
**01.10 Ghost Rider** Ævintýralegur spennutryllir sem byggður er á myndasögu frá Marvel.
**02.55 Memento Mori** Suður-kóreisk hrollvekja af bestu gerð.
**04.25 ET Weekend**
**05.10 Matarást með Rikku** (8:10)
**05.35 Fréttir** Fréttir Stöðvar 2 (e)

### STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**08.55 Formúla 1 - Æfingar**
**10.00 Players Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**10.55 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega.
**11.15 F1 föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum.
**11.45 Spánn (Valencia)** Bein útsending frá tímatökunni fyrir Formulu 1 kappaksturinn í Valencia á Spáni.
**13.20 Juventus - Man. Utd. 21.4 1999**
**15.10 Að vera fjölhæfir leikmenn** (4:15) KF Nörd
**15.50 Visa-bikarinn 2010** Sýnt frá leik Víkings og Vals í 16-liða úrslitum VISA bikar karla í knattspyrnu.
**18.40 Sterkasti maður Íslands** Sýnt frá keppninni um Sterkasta mann Íslands
**19.10 Travelers Championship** Bein útsending fra Travelers Championship mótinu i golfi
**22.10 UFC 115** Sýnt frá UFC 115 en þangað mæta til leiks margir af færustu bardagamönnum heims.

### STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**06.10 4 4 2**
**07.00 4 4 2**
**07.45 4 4 2**
**08.30 4 4 2**
**09.15 Portúgal - Brasilía** HM 2010
**11.10 Chile - Spánn** HM 2010
**13.05 4 4 2**
**13.50 4 4 2**
**14.35 4 4 2**
**15.15 4 4 2**
**16.00 16 liða 1**
**17.55 Schmeichel**
**18.25 16 liða 1**
**20.30 Football Legends**
**21.00 4 4 2**
**21.45 16 liða 2**
**23.40 16 liða 1**
**01.35 4 4 2**
**02.20 16 liða 2**
**04.15 16 liða 1**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**11.15 Rachael Ray** (e)
**11.15 Rachael Ray** (e)
**12.00 Dr. Phil** (e)
**12.45 Dr. Phil** (e)
**13.25 Dr. Phil** (e)
**14.10 Million Dollar Listing** (1:6) (e)
**14.55 Being Erica** (7:13) (e)
**15.40 America's Next Top Model** (9:12) (e)
**16.25 90210** (17:22) (e)
**17.10 Psych** (10:16) (e)
**17.55 The Bachelor** (5:10) (e)
**18.45 Family Guy** (6:14) (e)
**19.10 Girlfriends** (8:22) Skemmtilegur gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu. Háðfuglinn Kelsey Grammer er aðalframleiðandi þáttanna.
**19.30 Last Comic Standing** (1:11) Bráðfyndin raunveruleikasería þar sem grínistar berjast með húmorinn að vopni.
**20.15 Zack And Miri Make A Porno** Gamanmynd frá 2008 með Seth Rogen og Elizabeth Banks í aðalhlutverkum. Stranglega bönnuð börnum.
▶**21.55 Kill Bill Volume 1** (e) Frábær kvikmynd frá Íslandsvininum Quentin Tarantino. Stranglega bönnuð börnum.
**23.50 Three Rivers** (3:13) (e) Dramatísk og spennandi þáttaröð um lækna sem leggja allt í sölurnar til að bjarga sjúklingum sínum.
**00.35 Eureka** (6:18) (e)
**01.25 Heroes** (15:19)
**02.10 Heroes** (16:19)
**02.55 Heroes** (17:19)
**03.40 Heroes** (18:19)

### iNN

**04.25 Heroes** (19:19)
**05.10 Girlfriends** (7:22) (e)
**05.35 Pepsi MAX tónlist**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# SÝNDU ÞÍNAR BESTU HLIÐAR

Ljósmyndasamkeppni Panasonic og Vísis



1. VERÐLAUN



**PANASONIC G2**
Glæný og byltingarkennd myndavél með útskiptanlegum linsum og snertiskjá.

2. VERÐLAUN



**PANASONIC TZ10**
Hágæða myndavél með 12x aðdrætti, GPS og fjölmörgum möguleikum.

3. VERÐLAUN



**PANASONIC BD65**
Vandaður Blu-ray spilari með minniskortarauf til að skoða ljósmyndirnar úr myndavélinni.

Taktu þátt í ljósmyndasamkeppni. Deildu þínum bestu myndum með okkur og þú átt möguleika á glæsilegum verðlaunum. Að auki er þráðlaus Panasonic KXTG1311 sími dreginn út í hverri viku.



Skilafrestur til **21. ágúst 2010.**
Allar nánari upplýsingar á visir.is.

Panasonic



vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 19.35

### America's Got Talent

Fjórða þáttaröðin af þessari stærstu hæfileikakeppni heims. Keppendur eru af öllum stærðum og gerðum og hæfileikarnir jafn misjafnir og keppendur eru margir. Dómarar eru þau David Hasselhoff, Piers Morgan og Sharon Osbourne. Nýr kynnir mætir til sögunnar en hann heitir Nick Cannon, er vel-þekktur leikari, grínisti með meiru og þar að auki eiginmaður söngkonunnar Mariuh Carey.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Bank Job
### Sjónvarpið kl. 22.15

Í september 1971 brutu ræningjar sér leið inn í banka í Baker-stræti í London og höfðu á burt með sér mikil verðmæti. Ránsfengurinn fannst aldrei og enginn var handtekinn og því var haldið fram að yfirvöld hefðu þaggað málið niður af dularfullum ástæðum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Úrval úr Samfélaginu
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Harðgrýti fátæktar: Einstæðir foreldrar og barna-fjölskyldur
**14.00** Á hvítri eyju í bláum sjó
**14.45** Lostafulli listræninginn
**15.15** Vítt og breitt
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Í boði náttúrunnar
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.15** Auglýsingar
**18.17** Bláar nótur í bland
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Ekkert liggur á: Þemakvöld útvarpsins - Húmor
**22.05** Veðurfregnir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**15.20 Nágrannar**
**15.40 Nágrannar**
**16.00 Nágrannar**
**16.25 Nágrannar**
**16.50 Nágrannar**
**17.15 Wonder Years** (6:6)
**17.40 Ally McBeal** (12:22)
**18.25 E.R.** (3:22)
**19.10 Wipeout USA**
**20.00 So You Think You Can Dance** (2:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur sjöunda sinn og hefur þátttakan aldrei verið meiri og aldrei fyrr hafa jafn margir hæfileika-ríkir dansarar skráð sig. Þátttakendur eru líka skrautlegri en nokkru sinni.
**21.20 Wonder Years** (6:6) Sígildir þættir um Kevin Arnold sem rifjar upp fjöruga æsku sína á sjöunda áratugnum.
**21.45 Ally McBeal** (12:22) Fish býður Ally að gerast meðeigandi í fyrirtækinu á sama tíma og hún reynir að laga sig að ábyrgðinni sem fylgir því að vera foreldri.
**22.30 E.R.** (3:22) Sígildir þættir sem ger-ast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
▶**23.15 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða mynd-ir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurn-ar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmynda-áhugamenn.
**23.40 Fréttir Stöðvar 2**
**00.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.50** Only Fools and Horses **12.25** Lark Rise to Candleford **13.15** Lark Rise to Candleford **14.05** My Hero **14.35** My Hero **15.00** My Hero **15.30** My Hero **16.00** My Hero **16.30** The Weakest Link **17.15** Doctor Who **18.00** Top Gear **18.55** The Restaurant **19.45** The Restaurant UK **20.35** The Inspector Lynley Mysteries **21.25** The Inspector Lynley Mysteries **22.10** Spooks **23.00** Fawlty Towers **23.30** Fawlty Towers **00.00** Fawlty Towers Forth

## DR 1

**11.45** Det Europæiske Melodi Grand Prix 2010 **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Linus i Svinget **16.00** På optagelse med Livets pla-net **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Pingvinerne fra Madagascar **17.30** VM 2010 studiet **17.55** 3: Halvleg ved Krabbe & Mølby **18.00** Merlin **18.45** Kriminalkommissær Barnaby **20.25** VM 2010 studiet **20.55** Tordenhjerte **22.50** Virusudbrud

## NRK 1

**12.25** Ei reise i arkitektur **13.15** Miss Marple **14.50** 20 sporsmål **15.15** Sankthans-konsert med Finn Kalvik **16.00** Billedbrev fra Norge **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** Hvilket liv! **18.10** Med lisens til å sende **19.10** Sjukehuset i Aidensfield **20.00** Norges dag i Shanghai **21.00** Kveldsnytt **21.15** Sliding Doors **22.50** En velutstyrt mann **23.20** Dansefot jukeboks m/chat

## SVT 1

**12.10** Uppdrag Granskning **13.10** Rapport **13.15** Fotbolls-VM **15.50** Helgmålsringning **15.55** Så såg vi sommaren då **16.00** Rapport **16.15** Merlin **17.00** Pip-Larssons **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Den ofrivillige golfaren **19.45** Punkspark **20.15** Rapport **20.20** Michael Jackson - gone too soon **21.50** En dag i livet **23.35** Studio 60 on the Sunset Strip




## PERSÓNAN

*Athena Ragna Júlíusdóttir*



**Aldur:** 20 ára.
**Starf:** Vinn í verslun Tals í Kringlunni
**Fjölskylda:** Mamma og pabbi bara, er einkabarn.
**Foreldrar:** Evelyn Rebecca Sullivan og Júlíus Sólberg Sigurðsson.
**Búseta:** 101 Reykjavík.
**Stjörnumerki:** Fiskur.

Athena Ragna flýgur út til Kanada 24. júlí þar sem hún kemur til með að leika í myndinni Keyhole með leikurum á borð við Isabellu Rossellini og Jason Patric.

# Nóg að gera hjá Halldóri í Háskólabíói

„Ég byrjaði að vinna hér 1. júní og líkar mjög vel," segir Halldór Ómar Sigurðsson um nýju vinnuna sína í Háskólabíói.

Halldór hefur sett mikinn svip á bíómenningu Íslendinga í starfi sínu sem framkvæmdastjóri móttökusviðs í Regnboganum sáluga í þrjátíu ár. Halldór segist ekki sakna Regnbogans mikið og nóg sé að gera hjá honum í nýja starfinu. „Háskólabíó er svo stórt og mikið að gera. Það er miklu betra og frjálsara en í Regnboganum," segir Halldór, sem hefur fengið nýjan búning merktan Háskólabíói og er ánægður með það.

Halldór sér um að taka á móti vörum og plakötum ásamt almennri vinnu í móttökunni. „Það er mikið að gera hér vestur frá, því það er svo stórt og nóg af gestum til að sinna. Það er líka svo góður andi hér og fólkið tók vel á móti mér," segir Halldór og bætir við að hann vilji starfa í Háskólabíói um ókomna tíð.

Halldór er mikill aðdáandi leikarans Toms Cruise og er með það á hreinu hvenær næsta mynd með leikaranum kemur í bíó. „7. júlí kemur Tom Cruise til mín í heimsókn. Þá fer ég í bíó," segir Halldór kátur að lokum. - áp



**SÁTTUR** Halldór Ómar er byrjaður að vinna í Háskólabíói eftir þrjátíu ára starf sem móttökustjóri í Regnboganum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**LÁRÉTT**
2. ónæði, 6. í röð, 8. keyra, 9. kvk nafn, 11. ógrynni, 12. samtímis, 14. kryddblanda, 16. klafi, 17. eldsneyti, 18. við, 20. bókstafur, 21. masa.

**LÓÐRÉTT**
1. stöngulendi, 3. samtök, 4. tegund af brauði, 5. kóf, 7. skip, 10. skel, 13. rölt, 15. skál, 16. mælieining, 19. fisk.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. rask, 6. rs, 8. aka, 9. una, 11. of, 12. meðan, 14. karrí, 16. ok, 17. kol, 18. hjá, 20. ká, 21. mala.
**LÓÐRÉTT:** 1. brum, 3. aa, 4. skonrok, 5. kaf, 7. snekkja, 10. aða, 13. ark, 15. ílát, 16. ohm, 19. ál.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 10

1. Kökudropum og bikiníi
2. Freddy Krüger
3. Marcello Lippi

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

MAGNÚS VIÐAR SIGURÐSSON: ÞETTA ER SVAKALEGA STÓRT FYRIR OKKUR

# Norðurlöndin sópa að sér íslenskum sjónvarpsþáttum

„Þetta er svakalega stórt fyrir okkur að selja íslenska þáttagerð til Norðurlandanna," segir Magnús Viðar Sigurðsson hjá Saga Film.

Saga Film hefur selt íslenska sjónvarpsþáttinn Pressa, eftir Sigurjón Kjartanson og Óskar Jónassyni, til norska ríkissjónvarpsins, NRK 1. Norskir áhorfendur munu bera glæpaseríuna augum 1. júlí þegar fyrsti þátturinn verður sýndur. Einnig hefur framleiðslufyrirtækið selt sænsku ríkisstöðinni SVT1 þættina Svarta Engla en þeir birtust á sænskum sjónvarpsskjáum á næstunni.

> Við erum að komast með annan fótinn inn í þess stóru sjóði og getum vel farið að etja kappi við stóru kallana frá hinum löndunum.
>
> MAGNÚS VIÐAR SIGURÐSSON SAGA FILM

Magnús Viðar er að vonum ánægður með viðskiptin og viðurkennir að þetta sé alltaf markmiðið þegar farið er í framleiðslu á íslensku efni. „Allt snýst þetta um áhorf og ef við fáum góðar áhorfstölur þá erum við betur stödd þegar við sækjum um erlenda styrki," segir Magnús, en sala á efni til Skandinavíu skiptir höfuðmáli til að fá styrki. „Við erum að komast með annan fótinn inn í þessa stóru sjóði og getum vel farið að etja kappi við stóru kallana frá hinum löndunum. Það er gríðarlega mikill áhugi að utan á íslensku samfélagi og við erum náttúrlega að endurspegla íslenskan raunveruleika í þessum þáttum."

Magnús segir best að komast að hjá stóru þjóðunum eins og Þýskalandi því þar er bæði áhorfið og peningarnir meiri. Unnið er að sölu á fleiri þáttum til útlanda sem Magnús segir ótímabært að segja frá að svo stöddu.

Það má ef til vill áætla mikil umfjöllun um Ísland í erlendum fjölmiðlum nýverið, vegna hrunsins og elgossins í Eyjafjallajökli, spili inn í áhuga manna á sjónvarpsefni frá og um Ísland. Norðurlandabúar fá að sjá mikið af íslensku efni á næstunni. Skemmst er að minnast þess að finnska ríkissjónvarpið keypti sýningarréttinn á Nætur-, Dag- og Fangavaktinni í lok síðasta árs.

Snorri Þórisson hjá framleiðslufyrirtækinu Pegasus tekur undir að áhuginn sé mikill að utan. „Við erum búnir að selja íslensku þættina Hamarinn til ríkistöðvanna í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi," segir Snorri en sýningar hefjast líklega með haustinu. alfrun@frettabladid.is



**ÁHUGI Á LEIKNU ÍSLENSKU SJÓNVARPSEFNI**
**Sara Dögg Ásgeirsson** leikur aðalhlutverkið í sjónvarpþáttunum Pressu sem norska ríkssjónvarpið er að hefja sýningar á. **Björn Hlynur** leikur í Hamrinum sem hefur verið seldur til Svíþjóðar, Noregs og Finnlands. **Magnús Viðar** hjá Saga Film segir viðskiptin auka möguleika íslenskra framleiðenda á að fá erlenda styrki.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær þá er fyrirsætan Athena Ragna Júlísudóttir á leiðinni til Kanada að leika í kvikmyndinni Keyhole. Þetta er fyrsta hlutverkið hennar, en leikstjórinn **Guy Maddin** fann hana á Facebook. Guy þessi er Vestur-Íslendingur og virðist afar meðvitaður um uppruna sinn. Hann leikstýrði myndinni Tales From the Gimli Hospital sem kom út árið 1988 og segir frá Einari, Gunnari og Snjófríði. Myndin var sýnd í Regnboganum á sínum tíma og hneykslaði marga, enda fór svartur húmor leikstjórans afar frjálslega með hugmyndir um siði og menningu Íslendinga.



**Jónsi** úr Sigur Rós er í pásu frá tónleikaferðalögum þessa dagana, en um miðjan júlí heldur heimstónleikaferðalag hans áfram. Hann opnaði nýlega verslun á heimasíðu sinni Jonsi.com, en þar má fá ýmsan varning merktan söngvaranum. Á meðal þess sem fæst er sérstakt hráfæðissúkkulaði og uppskriftin er að sjálfsögðu hans eigin. Jónsi ku vera sólginn í slíkt súkkulaði, en það inniheldur ekki það hráefni sem gerir hefðbundin súkkulaði að sakbitinni sælu flestra.



Skiptar skoðanir eru um tilkynningu frá jafnréttisstofu, þar sem val á karlspekingum í HM-þáttum var gagnrýnt. Tilkynningin hefur haft víðtæk áhrif þó ekki bóli á fleiri konum í sjónvarpssal. Fjölmiðlakonan **Lára Ómarsdóttir** hóf nefnilega að blogga um keppnina af miklum krafti, en bloggið hennar á Eyjunni hafði legið í dvala frá því febrúar. Lára hefur augljóslega mikla þekkingu og áhuga á leiknum og hlýtur að koma til greina þegar kynjahlutföllin verða jöfnuð á RÚV, enda starfsmaður stofnunarinnar. - afb



Vikutilboð
IÐA




fullt verð 2.490,-
tilboð 1.745,-
30% afsl.
fullt verð 2.490,-
tilboð 1.745,-
Lækjargata 2a 101 R. sími 511-5001 opið alla daga 9.00 - 22.00

# Piparmeyjan elskar Ísland

„Það var kannski kalt á Íslandi, en ferðalagið var vel þess virði. Ég hef aldrei séð neitt þessu líkt. Ísland er stórkostlegt land og ég sá eitthvað öðruvísi en ég á að venjast á hverjum degi."

Svona hefst bloggfærsla Ali Fedotowsky, piparmeyjunnar í bandarísku Bachelorette-þáttunum, um ferðina til Íslands. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá var einn þáttur tekinn upp á Íslandi um það leyti sem hræringar voru í gangi í eldfjöllum Suðurlands. Þátturinn fékk góðar viðtökur og verður vafalaust góð landkynning, enda virðist Ali hafa prófað ýmislegt sem Ísland hefur upp á að bjóða ásamt vonbiðlum sínum.

„Mér fannst töff að upplifa menninguna á Íslandi," heldur hún áfram. „Ég fékk að sjá menn spila á íslenskan sílófón og svo var einstakt að heyra rímurnar. Sérstaklega á stefnumóti."

Ali hafði alltaf dreymt um að fara á hestbak og fékk ósk sína uppfyllta í ferðinni. Þá lentu hún og einn af vonbiðlunum í hrakningum í hestaferðinni. „Leiðsögumaðurinn sem var með okkur var virkilega hræddur í smástund vegna þess að við riðum hestunum upp á helli," segir hún. „Hestarnir voru svo þungir að þeir hefðu getað fallið í gegn hvenær sem er. Til allrar hamingju gerðist það ekki."

Ali fékk að sjálfsögðu að kynnast veðráttunni á Íslandi, en hún segist ekki vera vön kuldanum sem hún upplifði og var ánægð með að komast í heitt vatn. „Ég var svo ánægð með að enda daginn í Bláa lóninu. Og ef þið eruð að velta fyrir ykkur hvort ég var í bikiníinu undir snjógallanum, þá verð ég að hryggja ykkur með því að svo var ekki. Ég hefði frosið í hel!" - afb

> **7,9** milljónir Bandaríkjamanna horfðu á frumsýningu íslenska Bachelorette-þáttarins.
>
> **HEIMILD:** THE NIELSEN COMPANY



**STEFNUMÓT Á ÍSLANDI** Ali piparjómfrú var gríðarlega ánægð með dvöl sína á Íslandi.



lifum
HÚSGÖGN & GJAFAVARA

# Mikið úrval af fallegum vörum fyrir brúðhjónin, heimilið og sumarhúsið

# 25% afsláttur af öllum vörum




Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 reykjavík - 562 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ
heima mood lifum

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is „...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Leika í leðjunni í Englendingavík

Gísli Einarsson, sjónvarps- og alltmúlígtmaður, stendur fyrir endurvakningu fornrar hefðar í dag þegar Leðjuleikarnir fara fram í Englendingavík í Borgarnesi. Um þríþraut er að ræða og byggir hún, að sögn, á fornum hefðum Mýramanna. Fyrst verður keppt í leðjuglímu, en þekktasti leðjuglímumaður Mýramanna var sjálfur Egill Skallagrímsson. Mýratogið tekur svo við, en þar togast tvö lið á yfir foraravilpu uns annað endar í pyttinum. Að lokum er það leðjufimin, en það er útgáfa þeirra Mýramanna á brennibolta. Nýir leðjumeistarar verða að krýndir að leikunum loknum, þeir fyrstu í um það bil 460 ár.



### Prjónasýning slær í gegn

Prjónasýningin Lykkjur – Prjónalist í Norræna húsinu er orðin ein aðsóknarmesta sýning Norræna hússins frá upphafi. Að sögn Ilmar Daggar Gísladóttur, verkefnastjóra Norræna hússins, sóttu um fimm hundruð manns sýninguna fyrstu helgina og hefur ekkert lát verið á síðan þá. Það kemur ef til vill sumum á óvart að prjónalist hafi svo mikið aðdráttarafl, en verkin í Norræna húsinu eru engin venjuleg prjónaverk og þar er ekki að finna neina sokka, vettlinga eða heklaðar dúllur.

- kóp, sm



## Mest lesið vísir.is

1. „Landsfundurinn er grín"
2. Unnu 23 milljónir í lottó - miðinn var í hanskahólfinu
3. Rekinn úr Sjálfstæðisflokknum degi fyrir landsfund
4. Ár frá andláti Jackson: Hvernig standa málin?
5. Pétur Blöndal íhugar formannsframboð


Fréttablaðið er með 180% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.



**MIDSOMMAR** pappadiskar L18×B18cm **395,-/18 í pk.**

**VÅRDA** viðarolía 500ml. Glært/brúnt **695,-/stk.**

**MIDSOMMAR** grillteinar L26cm. Ryðfrítt stál **395,-/6 í pk.**

**195,-**
**MIDSOMMAR** plastskál 0,8L. H9cm. Rautt

# Borðum úti í sumar

**MIDSOMMAR** grillpensill L25cm. Rautt **295,-**



**MIDSOMMAR** rauðvínsglös 28cl. Plast Ýmsir litir **995,-/4 í pk.**

**1.690,-**
**MIDSOMMAR** grill wok panna Ø32 H8cm. Ryðfrítt stál

**MIDSOMMAR** kampavínsglös 18cl. Plast. Ýmsir litir **895,-/4 í pk.**

**MIDSOMMAR** plastflaska 1L. H26cm Gegnsætt/rautt **795,-**

**9.980,-/settið**
**BOLLÖ** línan. Gegnheill akasíuviður
Borð: B60xL60, H72cm **4.990,-**
Fellistóll: Sætishæð 46cm **4.990,-**

**MIDSOMMAR** grillgrind/klemma B15×L60cm Rautt **995,-**

**RÅSSÖN** stólsessur B49×L99cm. Rautt **7.990,-/4 í pk.**

**MIDSOMMAR** grilláhöld, töng og steikarspaði L36cm Rautt **795,-/2 í setti**

**MIDSOMMAR** pappaglös 35cl. Ýmsir litir **395,-/18 í pk.**

**9.990,-**
**MÄLARÖ** bekkur B119×D55, H85cm Sætishæð 46cm. Hvítt

**Mönduterta og kaffi**
**135,-**

**ÄPPLARÖ** línan. Gegnheill akasíuviður
Stóll m/örmum: Sætishæð 41cm **11.990,-**
Fellborð: B78×L140/260, H72cm **22.990,-**
Fellistóll: Sætishæð 44cm **7.990,-**

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

IKEA®

**Verslun opin 11-19 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

**www.IKEA.is**